

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 27. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 19. janúar 2012, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Sigríður Theodóra Kristinsdóttir í forföllum Ingvars Péturs Guðbjörnssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi mætir undir liðum 2-6.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnelega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 12. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 16. jan. 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

2. 50. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 15. des. 2011.

670-2011 Lýtingur, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

671-2011 Svínhagi lóð SH-11, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir aðstöðuhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

672-2011 Seltún, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

673-2011 Stóru-Vellir, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir aðstöðuhús.

*Sveitarstjórn óskar eftir framtíðaráformum um staðsetningu hússins, hvar aðkomuvegur að því að vera og skýringum á því hvers vegna er sótt um stöðuleyfi fyrir fullbúið sumarhús. Afgreiðslu frestað.*

674-2011 Ægissíða 1, Rangárþingi ytra – byggingareyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

675-2011 Hagi v. Gíslaholtsvatn, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymslu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

676-2011 Háfshjáleiga, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sólstofu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

3. Breyting á deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar í Ásahreppi og Rangárþings ytra, óstaðfest af sveitarstjórn eftir fund skipulagsnefndar 30. jún. 2011.

Eftirfarandi erindi var tekið fyrir og afgreitt á fundi skipulagsnefndar Rangárþings 30. júní 2011:

195 2011 Breyting á deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar í Ásahreppi og Rangárþings ytra

Gerð er breyting á nokkrum þáttum í deiliskipulagi, frá 19. júní 2001, fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslinu 1 í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

4. Deiliskipulag frístundabyggðar auk verslunar- og þjónustulóða í Heysholti, Rangárþingi ytra.

Erindi frá skiplagsfulltrúa:

Varðar: Deiliskipulag frístundabyggðar auk verslunar- og þjónustulóða í Heysholti, Rangárþingi ytra.

Þar sem upprunaleg staðfesting/samþykkt hreppsnefndar á deiliskipulagstillöggunni var gerð 2. september 2010, þ.e. áður en aðalskipulagsbreyting vegna Heysholts tók gildi, þ.e. 10. nóvember 2010, er nauðsynlegt að hún verði tekin til staðfestingar að nýju hjá hreppsnefnd Rangárþings ytra.

Gerðar hafa verið smávægilegar breytingar til samræmis við ábendingar umsagnaraðila.

*Sveitarstjórn staðfestir deiliskipulagstillöguna.*

5. Rangárþing eystra; Beiðni um umsögn vegna lýsingar verkáætlunar skipulagsáætlunar aðalskipulags Rangárþings eystra 2011-2023.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra gerir ekki athugasemdir við lýsingu/verkáætlunar vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015, sem verður aðalskipulag Rangárþings eystra 2011-2023.*

6. Þjónustulóð við Gaddstaðaflatir.

Lögð eru fram drög að auglýsingu þjónustulóðar við Gaddstaðaflatir fyrir hreppsnefnd til kynningar.

*Samþykkt er að kynna fyrirliggjandi drög að deiliskipulagi þjónustulóðar á Rangárflötum fyrir hugsanlegum framkvæmdaðilum, með auglýsingu. Það þjónar hagsmunum sveitarfélagsins að lóðin verði kynnt sem fyrst, m.a. vegna Landsmóts hestamanna 2014. Æskilegt er að væntanlegir lóðarhafar geti komið að ábendingum um skipulagstillöguna á vinnslustigi, svo hægt sé að útfæra skipulagið að væntanlegri starfsemi á lóðinni.*

*Sveitarstjóra falið að sjá um framkvæmd auglýsingarinnar.*

Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

7. Tillaga félagsmálaneftndar að sameiginlegum reglum um úthlutun á félagslegu leiguþúsnaði, skv. tölvupósti dags. 27. des. 2011.

Félagsmálaneftnd leggur til að sveitarfélögum á svæðinu hafi þann háttinn á að láta félagsmálaneftnd um að úthluta félagslegu leiguþúsnaði í sveitarfélögnum. Félagsþjónustan taki við öllum umsóknum þar um, meti stöðu umsækjenda og geri tillögur til nefndarinnar um úthlutun.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti sameiginlegar reglur um úthlutun á félagslegu leiguþúsnaði á starfsveði Félagsþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu. Einnig er samþykkt að félagsþjónustan taki að sér utanumhald á útleigu félagslegra íbúða í sveitarfélagini samkvæmt reglunum.*

*Áður en reglurnar taka gildi skal mótuð stefna um framboð félagslegs leiguþúsnaðis innan samstarfssveitarfélaganna, sem staðfest skal af sveitarstjórnunum. Sveitarstjóra og Margréti Ýrr Sigurgeirs dóttur er falið, f.h. Rangárþings ytra, að móta stefnu um framboð félagslegra leiguþúða í samráði við félagsmálaneftnd og/eða Félagsþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu og samstarfssveitarfélögum.*

8. Áskorun frá foreldrum barna í 6. bekk Grunnskólans á Hellu varðandi félagsmiðstöð, mótt. 13. jan. 2012.

Foreldrar barna í 6. bekk grunnskólans á Hellu skora á sveitarstjórn Rangárþings ytra að starfrækja félagsmiðstöð á Hellu. Telja foreldrarnir að hún muni hafa stórt forvarnargildi og því nauðsynlegt að hún sé til staðar.

Vegna áskorunaránnar hefur skólastjóri Grunnskólans á Hellu tekið saman eftirfarandi greinargerð um samruna Félagsmiðstöðvarinnar Hellisins við félagslíf Grunnskólans á Hellu:

Grunnskólanum á Hellu barst beiðni frá sveitarstjórn haustið 2010 þess eðlis að Grunnskólinn á Hellu tæki að sér rekstur félagsmiðstöðvarinnar. Þessi beiðni var lögð fram að afstöðnu samráði við stjórn nemendafélags skólans, en þar hafði komið fram að framboð af félagsmálum og afþreyingu væri orðið full mikil að mati nemendafélagsins þ.e. félagsstarf, íþróttir, tónlistarnám, unglingsadeild björgunarsveitar o.fl. Stjórnendur Grunnskólans á Hellu tók þessari málaleitan vel og byggðu afstöðu sína að mestu á afstöðu nemendafélagsins. Félagsmiðstöðin Hellirinn hefur því verið starfrækt undir stjórn Grunnskólans á Hellu frá haustinu 2010 og starfssemin aðlöguð og sameinuð því félagsstarfi sem starfrækt er inna vébanda skólans. Með þeirri ráðstöfun að fára rekstur félagsmiðstöðvarinnar undir grunnskólann næst talsverður fjárhagslegur sparnaður s.s. húsaleiga, fastar launagreiðslur o.fl.

Eftir samrunann má segja að félagsmál nemenda hér í skólanum sé heldur meira en var áður en félagsmiðstöðin var sameinuð félagsmálum skólans, þó að talsvert vanti upp á að ná sama magni og áður var.

Þrátt fyrir þetta er hægt að fullyrða að nemendur fái tækifæri til að stund nánast alla fasta liði s.s. Samsuð og Samfés sem eru stundaðir áfram undir merkjum Félagsmiðstöðvarinnar Hellisins líkt og áður var.

Það sem hefur áunnist fyrir utan sparnaðarþáttinn er eftirfarandi:

- a) Öll skipulagsvinna félagsstarfsseminnar er einfaldar (ekki árekstrar dagskráriða).
- b) Meira samræmi á milli þungavigtar í félagslífínu t.d. ekki tvö böll eða tvö ferðalög í sömu vikunni svo að eitthvað sé nefnt.
- c) Sömu starfsmenn sem sinna félagsmálum beggja þátta og hafa beinan skólagrennslu aðgang að nemendum.
- d) Allar skólareglur og upplýsingaskilda gilda nú innan vébanda félagsmiðstöðvarinnar.

Þó svo að segja megi að félagsstarf barna og unglings hafi dregist nokkuð saman eftir samruna félagsmiðstöðvarinnar undir merki skólans, þá hafa ekki komið fram neinar kvartanir um of lítið félagslíf til stjórnenda skólans þ.e. hvorki frá nemendum né foreldrum.

*Sveitarstjórn lítur svo á að starfrækt sé félagsmiðstöð á Hellu sem af kostgæfni sinni afþreyingarþörf ungmennum í sveitarfélagini og hafi jafnframt verulegt forvarnagildi. Sveitarstjórn fer þess á leit við foreldra að ábendingum um aukna þörf á afþreyingarmöguleikum verði komið á framfæri við skólastjórnendur í sveitarfélagini og/éda íþróttá- og tómstundaneftnd eftir atvikum. Sveitarstjórn óskar jafnframt eftir því að umsjónarmenn félagsmiðstöðvarinnar gefi strax út dagskrá fyrir starfið svo foreldrar og nemendur séu vel upplýstir um það starf sem er í boði. Taka skal fram að félagsmiðstöðin er fyrir ungmanni í Rangárþingi ytra og Ásahreppi.*

#### 9. Minka- og refaeyðing, endurskoðun fyrirkomulags.

Í reglugerð um refa- og minkaveiðar frá 31. júlí 1995, útgefin af Umhverfisráðuneytinu, kemur fram hver tilgangur veiða er: „Að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.“

Í 4. gr. reglugerðar, kemur fram að sveitarstjórn sé skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu og minkaveiða árlega. Á svæðum sem tilgreind í 2. Viðauka reglugerðar, sbr. 12. gr. laga nr. 64/1994.

Veiðistjóri getur ákveðið í samráði við ráðuneytið takmarkað svæði. Eftirlit með því að sveitarfélög sjái um refa- og minkaveiðar er í höndum veiðistjóra og í samráði við Umhverfisráðuneytið.

Í 10.gr. reglugerðarinnar stendur: „Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa grenjaskyrtina og minkaveiðimanna og verðlauna fyrir löglega unna refi og minka. Verðlaun fyrir unnin dýr skulu aðeins greidd sé skott af hverju unnu dýri lagt fram til sönnunar. Gildir þetta jafnt um ráðnar grenjaskyrtur og minkaveiðimenn sem aðra.“.

Umhverfisstofnun greiðir að hámarki 50% greiðsluhlutfall miðað við viðmiðunartaxta eða þá taxta ef þeir eru lægri, sem sveitarfélög samþykka hvert fyrir sig og er framlag ráðuneytis háð framlögum hvers árs á fjárlögum og getur því verið lægra en 50% viðmiðið sem ráðuneytið greiðir.

Veiðistjóri og sveitarfélagið sjá um framkvæmd er varðar ferlið áður en skýrsla er send ráðuneytinu. Ekkert er greitt fyrir ref af hálfu ráðuneytis og er það breyting frá samþ. reglugerðar 1995.

*Sveitarstjóra og oddvita er falið að kanna lagaákvæði og reglugerð með tilliti til þess að um breytingar er að ræða af hálfu ráðuneytis, hvað varðar minni fjárfamlög til málafloksins á fjárlögum en þegar reglugerðin var unnin 1995. Í þessari skoðun verði kannað hvort hægt er að skylda sveitarfélagið til að fara eftir lagaákvæðum reglugerðar frá 31. júlí 1995 í einu og öllu, þar sem aðkoma ráðuneytis er minni en þegar reglugerðin var samþykkt og óvissa er um greiðslu þáttöku ráðuneytisins á hverju ári.*

*Í framhaldi er þeim falið að móta tillögur að fyrirkomulagi veiða og verðlauna og skila áliti fyrir sveitarstjórn.*

*Uppgjöri til þeirra sem ekki hafa samninga við sveitarfélagið um veiðar á mink og ref er frestað þar til málið hefur verið kannað hvað varðar lagalegar hliðar sbr. að ofan.*

#### 10. Fundadagatal sveitarstjórnar og hreppsráðs árið 2012.

*Sveitarstjórn fundar að jafnaði 1. fimmtudag hvers mánaðar kl. 15.00. Fundir eru áætlaðir: 2. febrúar, 1. mars, 12. apríl, 3. maí, 7. júní, 6. september, 4. október, 1. nóvember og 6. desember.*

*Hreppsráð fundar að jafnaði 3. fimmtudag hvers mánaðar kl. 16.00. Fundir eru áætlaðir: 16. febrúar, 15. mars, 21. júní, 19. júlí, 16. ágúst, 20. september, 18. október og 15. nóvember.*

*Áætlaðir fundardagar eru til viðmiðunar og áskilur sveitarstjórn sér rétt til að breyta dagsetningum eftir aðstæðum og bæta við fundum hjá sveitarstjórn og hreppsráði eftir því sem þörf krefur.*

11. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2013-2015 – fyrri umræða.

*Priggja ára fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu.*

12. Trúnaðarmál – tillaga um lokun fundar.

*Fært í trúnaðarmálabók.*

**Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

13. 14. fundur Inntökuráðs ART teymis, dags. 17. maí 2011.

14. Aðalfundur Birtu starfsendurhæfingar, dags. 2. des. 2011.

15. 452. fundur stjórnar SASS, dags. 9. des. 2011.

16. 137. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. föstudaginn 9. des. 2011.

17. 15. fundur Inntökuráðs ART teymis, dags. 12. des. 2011.

18. 16. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafelssýslu, dags. 14. des. 2011.

19. 114. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafelssýslu, dags. 14. des. 2011.

20. 792. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. des. 2011.

21. 29. fundur í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs., dags. 20. des. 2011.

22. 4. fundur stjórnar Suðurlandsvegar 1-3 ehf., dags. 21. des. 2011.

23. 136. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 22. des. 2011.

24. 210. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 27. des. 2011.

25. 1. verkfundur um sorphirðumál, dags. 6. jan. 2012.

Fram kemur í minnisblaðinu að verið sé að vinna að sorphirðudagatali sem birt verður á heimasiðu Gámaþjónustunnar og sveitarfélaganna í sýslunni.

*Sveitarstjóra falið, í samráði við framkvæmdastjóra sveitarfélaganna í sýslunni, að koma upplýsingum á erlendum tungumálum á heimasiðu sveitarfélagsins.*

26. 136. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 11. jan. 2012.

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

27. Mannvit; Drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirkomulags og meðhöndlunar sorps að Strönd, des. 2011.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson víkur af fundinum við umræðu og afgreiðslu þessa málს og lýsir sig vanhæfan vegna setu í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. sem er samstarfsaðili stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. í þessu máli. Gunnsteinn R. Ómarsson víkur af fundinum við umræðu og afgreiðslu þessa málს og lýsir sig vanhæfan vegna setu sem varamaður í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. í samstarfi við Sorpstöð Suðurlands bs. hefur látið vinna tillögu að matsáætlun með það að markmiði að greina frá hugsanlegri breytingu á urðun að Strönd, framkvæmdapáttum og aðstæðum á númerandi urðunarstað með tilliti til umhverfisáhrifa og skipulagsmála.

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og sveitarstjórn Rangárþings ytra hafa borist ábendingar, athugasemdir og mótmæli vegna þessara draga. Ábendingar bárust frá Skipulagsstofnun í bréfi dags. 6. janúar 2012. Ábúendur Lambhaga hafa gert athugasemdir við tillöguna í tölvupósti til stjórnar. Ábúendur Hjarðarbrekku hafa gert athugasemdir við tillöguna í tölvupósti til Mannvits, UST og Rangárþings ytra. Ábúendur Varmadals hafa gert athugasemd við tillöguna í bréfi til Heilbrigðiseftirlits, Mannvits og Rangárþings ytra. Formaður stjórnar Veiðifélags Eystri-Rangár hefur mótmælt stækkunartillögu þeirri sem fram kemur í drögnum.

Íbúar í nágrenni Sorpstöðvarinnar mótmæla stækkuninni harðlega og nefna fjölmargar ástæður. Fyrst og fremst hafa íbúarnir áhyggjur af aukinni mengun, óþrifnaði og ólykt sem haft getur neikvæð áhrif á grunnvatn, nærumhverfi, ferðaþjónustu, íþróttir, veiðar, landverð o.fl. Áhyggjur íbúa eru skiljanlegar, þar

sem reynslan af náýlinu við Strönd hefur ekki verið góð í gegnum tíðina. Þeir lýsa því hvernig ýmiskonar úrgangur hefur fokið yfir nærliggjandi jarðir og ásýnd nærumhverfisins hrakað.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur farið yfir framlagða lýsingu og innsendar athugasemdir frá íbúum og öðrum í næsta nágrenni starfsstöðvar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. að Strönd. Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem fram hafa komið, telur sveitarstjórnin að ekki sé þörf á því að gera mat á umhverfisáhrifum í samræmi við þær breytingar sem settar eru fram í skýrslunni því sveitarstjórn mun ekki fallast á aukna urðun óflokkaðs úrgangs á svæðinu.*

*Sveitarstjórn leggur áherslu á að starfsemin á Strönd þurfi að vera til fyrirmynadar. Hún er og verður mikilvæg stöð umhleðslu og úrvinnslu sorps a.m.k. til 2018, en þá rennur starfsleyfi stöðvarinnar út. Þess skal geta að með nýju fyrirkomulagi sorphirðu, blátunnuveðingu og aukinnar endurvinnslu á næstunni mun magn sorps til urðunar minnka. Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga þegar horft er til framtíðar, því allt að 70 – 80% af úrgangi sem til fellur má endurvinna eða endurnýta. Starfsemin á Strönd mun því breytast verulega. Sorpstöðin mun á næstunni byggja aðstöðu til umhleðslu sorps, sem þýðir að allt endurvinnanlegt efni er flokkað frá og afganginn (20 – 30%) má afsetja á annan hátt.*

*Samþykkt að sveitarstjóri og oddviti hafi samráð við stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. um framtíðarþróun á starfseminni og móturn framtíðarstefnu varðandi meðhöndlun úrgangs á starfssvæði stöðvarinnar og skili greinargerð til sveitarstjórnar.*

28. Fyrirhugaðar breytingar innan húsnæðis að Suðurlandsvegi 1.

29. Eldvarnaeftirlit, Laugalandsskóli, skýrsla dags. 18. nóv. 2011.

*Eignaumsjón er falið að vinna að úrbótum í samræmi við kröfur Eldvarnaeftirlitsins án tafar hafi það ekki verið gert nú þegar.*

30. Eldvarnaeftirlit, íþróttamiðstöð Hellu, skýrsla dags. 18. nóv. 2011.

*Eignaumsjón er falið að vinna að úrbótum í samræmi við kröfur Eldvarnaeftirlitsins án tafar hafi það ekki verið gert nú þegar.*

31. Skógræktarfélag Rangæinga, ítrekun styrkumsóknar, tölvupóstur dags. 21. nóv. 2011.

*Sveitarstjórn harmar þær tafir sem orðið hafa á málínu og leggur til að fundað verði með bréfritara sem fyrst og þiggar boð um vettvangsferð í vor þegar snjóá leysir.*

32. HSU; Endurskipulagning heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi, dags. 24. nóv. 2011.

33. UMFÍ; Tillögur 47. sambandspings, skv. bréfi dags. 29. nóv. 2011.

34. HSK; Beiðni um fjárframlag frá Rangárþingi ytra; erindi dags. 30. nóv. 2011.

*HSK vinnur að útbreiðslu- og fræðslustarfí auk ýmissa annarra verkefna í æskulýðs- og ungmannastarfí sem jákvæð áhrif hefur á íbúa Rangárþings ytra. Sveitarstjórn samþykkir að veita HSK styrk að heildarfjárhæð kr. 135.000,- sem samsvarar um 90 kr. á íbúa.*

35. Sveitarfélög Skagafjörður; Ályktun vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðherra, dags. 2. des. 2011.

36. Félag tónlistarskólakennara; Ályktun gegn niðurskurði í tónlistarskólum, dags. 6. des. 2011.

37. Lögmenn Árbæ slf.; Athugasemdir við skiptingu lands í svokölluðu Borgartúnsnesi, dags. 7. des. 2011.

38. NASF; Til þeirra sem vilja vernda laxinn í Þjórsá, dags. 12. des. 2011.

39. SASS; Afrit af bréfi SASS til HSU vegna endurskipulagningar heilbrigðisþjónustu, dags. 13. des. 2011.

40. Vinnueftirlitið; Ítrekun fyrirmæla vegna leikskólans Laugalandi, dags. 19. des. 2011.

*Eignaumsjón er falið að vinna að úrbótum í samræmi við kröfur Vinnueftirlitsins án tafar hafi það ekki verið gert nú þegar.*

41. Vinnueftirlitið; Ítrekun fyrirmæla vegna Grunnskólans Hellu, dags. 19. des. 2011.

*Eignaumsjón er falið að vinna að úrbótum í samræmi við kröfur Vinnueftirlitsins án tafar hafi það ekki verið gert nú þegar.*

42. Landgræðsla ríkisins; Dæluhús á Baðsheiði – Stóra Klofa, dags. 19. des. 2011.

*Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við aðila málsins um eignarhald dæluhússins á Baðsheiði.*

43. Fornleifarvernd ríkisins; Lýtingsstaðir II, Rangárþingi ytra, dags. 21. des. 2011.

44. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið; Umsókn um byggðakvóta, dags. 21. des. 2011.

Í bréfinu kemur fram að Rangárþing ytra uppfylli ekki skilyrði til úthlutunar byggðakvóta og er umsókn sveitarfélagsins hafnað.

45. Landgræðsla ríkisins; Snjómokstur á vegum við Gunnarsholt, dags. 28. des. 2011.

*Forstöðumann Eignaumsjónar – Þjónustumiðstöðvar er falið að kanna hvernig þessir vegir heim að húsum flokkast.*

*Sveitarstjórn felur forstöðumann Þjónustumiðstöðvar að taka saman viðmiðunarreglur um snjómokstur í sveitarféluginu og leggja fyrir sveitarstjórn.*

46. Orkuveita Reykjavíkur; Gjaldskrárhækkanir fyrir heitt vatn í Rangárþingi ytra, dags. 29. des. 2011.

47. Fornleifavernd ríkisins; Tunga, Rangárþingi ytra – dskl., dags. 21. des. 2011.

48. Iðnaðarráðuneyti; Afrit af bréfi til Orkuveitu Reykjavíkur vegna gjaldskrárhækkan, dags. 3. jan. 2012.

49. UMFÍ; Gisting íþróttahópa, dags. 3. jan. 2012.

Í bréfinu óskar UMFÍ eftir því að fá afslátt af gistingu í skólum Rangárþings ytra fyrir hópa sem eru í íþróttakeppni eða í öðrum samskiptum.

*Í Rangárþingi ytra er að jafnaði ekki boðið uppá gistingu í skólum. Bent er á íþróttahúsið í Þykkvabæ ásamt skólahúsneði sem þar er í eigu sveitarfélagsins, en það húsnæði er ekki rekið sem skólahúsnaði lengur og þá laust á skólatíma. Sé óskað gistingar í starfandi skólahúsnaði er hvert tilvik metið með tilliti til árstíma, tímasetningar, umfangs og gjaldtöku hverju sinni.*

50. Rangárþing ytra; Afrit af svarbréfi sveitarstjóra til Orkustofnunar vegna borholu á Baðsheiði, dags. 10. jan. 2012.

51. Forsætisráðuneytið; Afrit af bréfi til Neyðarlínunnar vegna lagnningar raf- og ljósleiðarastrengs, dags. 11. jan. 2012.

52. Landgræðsla ríkisins; Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið, dags. 11. jan. 2012.

Landgræðslan þakkar í erindinu veittan stuðning við verkefnið á árinu 2011 sem og undanfarin ár. Þá er þess farið á leit við Rangárþing ytra að verkefnið verði einnig styrkt á árinu 2012. Fram kemur að í verkefninu séu 29 þátttakendur í Rangárþingi ytra og óskar Landgræðslan eftir 5.000 kr. framlagi pr. þátttakanda fyrir árið 2012 eða samtals kr. 145.000,-

*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 110.000,- til verkefnisins árið 2012.*

53. Mannfjöldatölur frá Hagstofu.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Rangárþings ytra 1.510 1. desember 2011.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17:30.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 28. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 2. febrúar 2012, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Anna María Kristjánsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Katrín Sigurðardóttir í forföllum Guðmundar Inga Gunnlaugssonar. Einnig Gunnstein R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi og Árni Þorgilsson mæta undir liðum 2-3.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

- Eden Mining ehf., kynning vegna beiðni um heimild til að bora tilraunaholur í landi Merkikhvols.

Eiríkur Ingvarsson, framkvæmdastjóri Eden Mining ehf., kynnti fyrirtækið og hugmyndir þess fyrir sveitarstjórn. Garðar Þorfinnsson, héraðsfulltrúi hjá Landgræðslunni, sat fundinn undir þessum lið.

Landgræðslan hefur gefið heimild til að teknar verði nokkrar prufuholur á landgræðslusvæði á 90 ha spildu vestan Ytri Rangár í landi Merkikhvols, sbr. tölvupóst dags. 17. des. 2011. Lögð er áhersla á að holum verði lokað að prufutökum loknum og vel frá þeim gengið á eftir. Jafnframt er þess óskað að samráð verði haft ef af námuvinnslu verði á svæðinu.

*Lagt er til að veitt verði heimild til handa Eden Mining ehf. til að gera prufuholur og skal verkið taka mið af skilmálum Landgræðslunnar og þeim skilyrðum sem Rangárþing ytra setur. Framkvæmt verði undir eftirliti forstöðumanns Eignaumsjónar Rangárþings ytra og samráð verði haft við aðra hagsmunaaðila, s.s. byggingar- og skipulagsfulltrúa Rangárþings.*

Tillagan borin undir atkvæði:

6 samþykkja, einn situr hjá (IPG)

*Tillagan er samþykkt.*

51. fundur byggingarnefndar Rangárþings bs., dags. 26. jan. 2012.

677-2011 Búðarhálsvirkjun, Ásahreppi – byggingarleyfi fyrir tengivirkni.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

680-2012 Lýtingsstaðir, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

681-2012 Garður, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

682-2012 Hróarslækur, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir breytingum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

683-2012 Lækjargata 4, Rangárþingi ytra – byggingareyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

684-2012 Litli – Klofi, Rangárþingi ytra - byggingareyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

47. fundur skipulagsnefndar Rangárþings bs., dags. 26. jan. 2012.

- 275-2012 Meiri-tunga, Rangárþingi ytra, deiliskipulagstillaga fyrir tvö fuglaeldishús.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 285-2012 Stóru-Vellir, Rangárþingi ytra, landskipti.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 286 -2012 Bæjarholt, í Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, frístundahúsa og hesthúss.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 287-2012 Lækur Gunnarsholti, Rangárþingi ytra, ósk um breytingu á skilmálum í deiliskipulagi frístundabyggðar.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 288-2012 Ósk um ASK br. vegna stærða á landspildum.  
*Sveitarstjórn óskar eftir kynningu á áformunum áður en hægt verður að taka afstöðu til erindisins. Afgreiðslu frestað.*
- 289-2012 Ósk um ASK br. vegna flokkun tengi- og héraðsvega.  
*Sveitarstjórn óskar eftir kynningu á áformunum áður en hægt verður að taka afstöðu til erindisins. Afgreiðslu frestað.*
- 290-2012 Sörlatunga, Rangárþingi ytra, lýsing vegna deiliskipulags lögbýlis.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 291-2012 Ósk um heimild til deiliskipulagsgerðar í landi Hallstúns, Rangárþingi. ytra.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 292-2012 Meiri-Tunga 2, Rangárþingi ytra, landskipti.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 293-2012 Svínhagi SH 22-25, Rangárþingi ytra, landskipti.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 294-2012 Árbæjarhellir 1, Rangárþingi ytra, landskipti.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 295-2012 Raftholt, Rangárþingi ytra, landskipti.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

4. Tillaga Á-lista; Fréttabréf Rangárþings ytra.

Á-listi gerir það að tillögu sinni að gefið verði út fréttabréf til íbúa sveitarfélagsins.

Tilgangur fréttabréfsins er að veita nánari upplýsingar um þau verkefni sem sveitarfélagið er að vinna að hverju sinni. Lagt er til að fréttabréfið komi út með vorinu, sem verði sent sem dreifibréf á öll heimili í sveitarfélagini sem einnig yrði birt á heimasiðu sveitarfélagsins.

Vinnuhópur verði skipaður 3 sveitarstjórnarmönnum/eða varamönnum, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta, sem vinna að fréttabréfinu í samráði við sveitarstjóra.

Kostnaði verður haldið í lágmarki.

Endurskoða þarf síðan fyrirkomulag og framkvæmd þegar reynsla er komin á þetta fyrirkomulag.

Í vinnuhóp er tillaga um: Margréti Ýrr Sigurgeirs dóttur, Gunnar Aron Ólason og Katrín Sigurðardóttir.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

5. Þroskahjálp á Suðurlandi, fyrirspurn í tölvupósti dags. 14. jan. 2012.

*Vegna stöðu mála vísar sveitarstjórn sérstaklega til tl. 16 og 20 í fundargerðinni hér að neðan. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samvinnu við ráðgjafa Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu í málefnum fatlaðra.*

- Reglur um félagslega heimaþjónustu skv. tillögu félagsmálanefndar.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu félagsmálanefndar með fyrirvara um að 14. gr. verði eftirsarandi: „Vinnutími starfsmanna er að jafnaði dagvinnutími, mánudaga til föstudaga.“*

- Orkustofnun; Nýting jarðhita úr borholu á Baðsheiði í landi Stóra-Klofa, dags. 25. jan. 2012.

*Sveitarstjóra, í samráði við oddvita, oddvita minnihluta og oddvita Ásahrepps, falið að leita faglegrar aðstoðar við lausn erindisins.*

- Priggja ára fjárhagsáætlun 2013-2015 – síðari umræða.

Helstu afkomutölur og efnahagsstærðir þriggja ára áætlunar 2013-2015:

Samstæða A og B hluti (þús. kr.):	2013	2014	2015
Heildartekjur .....	1.132.276	1.153.694	1.202.697
Afkoma fyrir fjármagnsliði .....	195.639	198.876	251.181
Afskriftir .....	74.896	75.077	71.775
Afkoma ársins .....	74.556	97.650	156.089
Handbært fé.....	45.569	78.600	111.054
Eigið fé og skuldir.....	2.584.700	2.602.428	2.617.236
Skuldir og skuldbindingar .....	1.805.215	1.740.572	1.598.091
Eigið fé.....	779.485	861.856	1.019.145
Veltufjármunir.....	186.465	204.281	238.001
Skammtímaskuldir alls.....	360.968	346.819	273.828
Veltufé frá rekstri (til rekstrar).....	187.679	209.862	264.020
Handbært fé frá rekstri .....	185.674	209.862	264.020
Fjárfestingar .....	37.000	77.000	55.000
Greiðslur langtíma krafna .....	111.141	106.361	103.787
Ný langtímalán .....	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	106.270	103.769	105.801
Eiginfjárlutfall.....	30%	33%	39%
Skuldahlutfall.....	165%	156%	137%
EBITDA hlutfall .....	16%	16%	20%
Veltufjárlutfall.....	0,52	0,59	0,87

Priggja ára áætlun er sett fram á föstu verðlagi og því er ekki metalin reiknuð áhrif verðlags- og gengisbreytinga, þó er gert ráð fyrir 3% verðbólgu við útreikninga á langtímalánum.

Gert er ráð fyrir fjárfestingu fyrir 171 mkr. á tímabilinu. Ekki er gert ráð fyrir langtímalántoku á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall, þ.e. hlutfall bókfærða skulda og skuldbindinga á móti heildartekjum lækki úr 188% frá útgönguspá 2011 í 137% árið 2015.

Gert er ráð fyrir að EBITDA hlutfall (framlegð) verði, 13,28% að meðaltali í A hluta og 17% í Samstæðu A og B hluta.

Þriggja ára fjárhagsáætlun borin upp til samþykkis:

4 samþykkja, 3 sitja hjá (AMK, IPG, KS)

*Þriggja ára fjárhagsáætlun Rangárhings ytra 2013-2015 er samþykkt.*

#### Fundargerðir til umsagnar og kynningar:

48. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 5. jan. 2012.
49. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 16. jan. 2012.
211. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 17. jan. 2012.
- Aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 17. jan. 2012.

13. 137. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 18. jan. 2012.

14. 305. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, dags. 19. jan. 2012.

15. 138. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 20. jan. 2012.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra bendir Heilbrigðisnefnd og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á að Rangárþing ytra getur boðið uppá mjög heppilegt hísnaði á Suðurlandsvegi 1-3 í hjarta matvælaframleiðslunnar á Suðurlandi. Áður hefur verið bent á það athuga möguleika þess að hýsa stofnanir SASS annars staðar en á Selfossi þegar það á við eins og virðist vera í þessu tilfelli.*

*Sveitarstjóra er falið að koma á fundi með formanni Heilbrigðisnefndar og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits.*

16. Vinnuhópur um málefni fatlaðra í Rangárþingi ytra, dags. 25. jan. 2012.

Í fundargerðinni koma fram réttmætar ábendingar um hömlur á aðgengi fatlaðra að íþróttamiðstöð.

*Forstöðumanni eignaumsjónar falið að yfirfara málid, í samvinnu við fulltrúa Rangárþings ytra í félagsmálanefnd og leggja fyrir sveitarstjórn áætlun um bætt aðgengi að stofnunum og byggingum sveitarfélagsins.*

*Sveitarstjórn þakkar vinnuhópnum hans framlag vegna vinnu við yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra frá ríkinu. Þar sem innleiðingarferlinu er lokið og félagsmálanefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu hefur tekið yfir málaflokkinn lítur sveitarstjórn svo á að starfi vinnuhópsins sé lokið. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að kalla hópinn saman á kjörtímabilinu ef ástæða þykir til.*

17. 17. fundur félagsmálanefndar, dags. 25. jan. 2012.

Í tl. 1 í fundargerðinni er samþykkt að setja á laggirnar starfshóp skipaðan fulltrúum sveitarfélaganna og félagsmálanefndar sem móti stefnu um framboð, reglur og leiguverð félagslegs leiguþúsnaðis innan starfssvæðisins. Niðurstaða hópsins verður lögð fyrir sveitarstjórnirnar til staðfestingar.

*Sveitarstjórn tilnefnir Indriða Indriðason, aðalbókara, sem fulltrúa Rangárþings ytra í hópinn.*

18. 50. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 25. jan. 2012.

Í fundargerðinni kemur m.a. fram að vegna breyttra aðstæðna hefur stjórn Félagsþjónustunnar ákveðið að falla frá ráðningu félagsmálastjóra um óákveðinn tíma.

*Sveitarstjórn þakkar Ragnheiði Hergeirsþóttur, fráfarandi félagsmálastjóra, hennar góða starffyrir Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu og er henni óskað velfarnaðar í nýju starfi.*

19. 5. fundur stjórnar Suðurlandsvegar 1-3 ehf., dags. 27. jan. 2012.

*Sveitarstjórn fagnar því að nú hilli undir að aukin starfsemi komist í tengibygginguna en skv. fundargerð er stærstur hluti hússins að komast í útleigu.*

#### Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarrefni:

20. Samningur milli stjórnar þjónustusvæðis fatlaðra á Suðurlandi og sveitarfélagsins Árborgar, dags. 13. sept. 2011.

21. Velferðarráðuneytið; Styrkir til verkefna í þágu langveikra barna og barna með ADHD-greiningu, dags. 30. des. 2011.

Umsókn Rangárþings ytra og Ásahrepps um styrk til talþjálfunar er svarað í bréfinu. Velferðarráðuneytið tekur vel í umsóknina og styrkir verkefnið um kr. 500.000.

*Formanni fræðslunefndar, Dr. Magnúsi H. Jóhannssyni, er falið að svara bréfi ráðuneytisins og þakka styrkinn. Jafnframt er Magnúsi falið að koma með tillögur að nýtingu styrkjar í samráði við skólastjórnendur.*

22. Landsvirkjun; Kynning frá fundi með sveitarstjórn Rangárþings ytra dags. 12. jan. 2011.

Sveitarstjórn hitti forsvarmenn Landsvirkjunar á fundi 12. janúar 2012 þar sem kynnt voru fyrirhuguð áform fyrirtækisins vegna Hvamms- og Holta- og Urriðafossvirkjana í neðri hluta Þjórsáar.

*Sveitarstjórn óskar frekari viðræðna við forsvarmenn Landsvirkjunar um útfærslur á verkáætlun þeirra auk þess sem óhjákvæmilegt er að fulltrúar sveitarfélagsins komi á beinan hátt inn í viðræður við Vegagerðina um samgöngubætur vegna þessara verkefna.*

23. KPMG; Skýrsla Regluvarðar 2011, dags. 17. jan. 2011.

Skýrsla regluvarðar lögð fram til kynningar fyrir sveitarstjórn.

*Sveitarstjórn staðfestir Ásu Kristínu Óskarsdóttur, lögfræðing hjá KPMG ehf., sem staðgengil regluvarðar.*

24. Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði; Gögn tengd eldgosinu í Eyjafjallajökli, dags. 19. jan. 2012.

25. Skólahreysti; Styrkbeiðni, mótt. 20. jan. 2012.

*Sveitarstjórn hafnar erindinu.*

*Formanni fræðslunefndar er falið að kanna með þáttöku grunnskólanna í sveitarfélaginu í Skólahreysti. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja nemendur skólanna vegna ferðakostnaðar, skv. nánara samkomulagi, taki þau þátt í Skólahreysti árið 2012.*

26. RARIK; Viðhaldsgjald fyrir götulýsingu og breytt eignarhald, dags. 20. jan. 2012.

*Sveitarstjóra falið að koma á fundi með forsvarsmönnum RARIK vegna efnisinnihalds bréfsins.*

27. Dagur leikskólans, skv. bréfi dags. 23. jan. 2012.

28. Ásahreppur; Afrit af bréfi til Orkustofnunar, dags. 23. jan. 2012.

29. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Eftirlit í félagsheimili og íþróttahús Þykkvabæjar, dags. 25. jan. 2012.

*Eignaumsjón er falið að vinna að úrbótum í samræmi við kröfur Vinnueftirlitsins hafi það ekki verið gert nú þegar.*

30. NFSU; Beiðni um afnot af íþróttahúsi Þykkvabæ, skv. tölvupósti dags. 25. jan. 2012.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og veitir heimild til útleigu íþróttahússins í Þykkvabæ í samræmi við erindið. Leigugjaldið er kr. 150 þús. vegna húsnæðisins. Leigutaki ber allan kostnað sem til fellur við samkomuna, s.s. vegna umsóknar um leyfi og vegna gæslu. Gerð er krafa um að lögð verði fram trygging af hálfu leigutaka vegna samkomunnar. Leigutaki skal sækja um tækifærisleysi til sýslumanns og uppfylla allar þær kröfur sem sýslumaður setur.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16:55.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 29. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 1. mars 2012, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, mætir undir liðum 4-5.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnelega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 19. fundur hreppsráðs, dags. 16. feb. 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

2. 14. fundur samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar, dags. 27. feb. 2012.

Varðandi tl. 3:

*Sveitarstjóra falið að senda athugasemdir nefndarinnar til Nefndasviðs Alþingis í samræmi við bókun hreppsráðs tl. 16-19 frá 19. fundi 16. febrúar 2011.*

Varðandi tl. 4a:

*Sveitarstjórn leggur til að nefndin mæti til fundar við sveitarstjórn 30 mín. fyrir boðað upphaf næsta sveitarstjórnarfundar, sem áætlaður er 12. apríl 2012.*

Varðandi tl. 4d:

*Sveitarstjórn lýsir ánægju með bókunina og felur formanni nefndarinnar, í samvinnu við stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, að setja fram hugmyndir að námskeiði og kostnaðaráætlun fyrir sveitarstjórn.*

Varðandi tl. 4e:

*Visað er til 5. liðar í fundargerð atvinnu- og menningarmálanefndar í lið 3. hér að neðan. Sveitarstjórn áréttar að í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir 11,5 mkr. til verkefnisins.*

*Fundargerðin að öðru leyti staðfest.*

3. 6. fundur Atvinnu- og menningarmálanefndar, dags. 27. feb. 2012.

Varðandi tl. 3:

*Formanni nefndarinnar er falið að móta ramma um verkefnið og leggja fyrir sveitarstjórn.*

*Fundargerðin að öðru leyti staðfest.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

4. 52. fundur byggingarnefndar Rangárþings bs., dags. 23. feb. 2012.

688-2012 Meiri-Tunga 2, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir fuglaeldishúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

689-2012 Meiri-Tunga 4, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

690-2012 Höfðavegur, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

691-2012 Nefsholt, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir aðstöðuhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

692-2012 Borgarbraut 1, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir stækkun og breytingum innanhúss.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

693-2012 Hólavangur 3, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir parhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

676-2011 Háfshjáleiga, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sólstofu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

5. 48. fundur skipulagsnefndar Rangárþings bs., dags. 23. feb. 2012.

Staðfesting á deiliskipulögum: Maurholt, Tjörfastaðir, Heklukot, Hallstún og Sælukot.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

300-2012 Fellsmúli Rangárþingi ytra, deiliskipulag fiskeldisstöðvar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

301-2012 Skrúður, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, gesthúss og skemmu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

302-2012 Svínhagi, Rangárþingi ytra, spilda SH-5 deiliskipulag frístundahúsa og gestahúsa.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

303-2012 Þykkvibær, Rangárþingi ytra, áður samþykkt deiliskipulag miðbæjar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

304-2012 Kaldakinn, Rangárþingi ytra – landskipti.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

305-2012 Meiri-Tunga 4, Rangárþingi ytra – landskipti.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

6. Björg Jónsdóttir og Jón P. Magnússon; Erindi vegna fasteignagjalda, dags. 22. feb. 2012.

*Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samræmi við umræður á fundinum.*

7. Sorpstöð Rangárvallasýslu; Beiðni um sjálfskuldarábyrgð Rangárþings ytra vegna yfirráttarláns, skv. tölvupósti dags. 24. feb. 2012.

*Sveitarstjóra er veitt heimild til að undirrita sjálfskuldarábyrgð f.h. Rangárþings ytra í samræmi við erindið.*

8. Beiðni um tímabundið leyfi frá störfum sveitarstjórnar, tölvupóstur dags. 27. feb. 2012.

Porgils Torfi Jónsson, fulltrúi D-lista í hreppsnefnd og fulltrúi Rangárþings ytra í Héraðsnefnd Rangæinga, hefur óskað eftir framlengingu á leyfi frá störfum í sveitarstjórn og Héraðsnefnd í 6 mánuði eða til 31. ágúst 2012. Vísad er til 15. tl. frá 23. fundi sveitarstjórnar 1. september 2011.

*Samþykkt samhljóða.*

9. Landsvirkjun; Verklýsing deiliskipulagsvinnu vegna Hvamms- og Holtavirkjana, skv. bréfi dags. 28. feb. 2012.

Á fundum fulltrúa Rangárþings ytra með fulltrúum Landsvirkjunar hefur komið fram að Landsvirkjun vinni með Vegagerðinni að nauðsynlegum úrbótum á vegakerfi sem tengist fyrirhuguðum framkvæmdum og aukinni umferð um svæðið vegna þeirra. Fulltrúar Rangárþings ytra hafa lagt áherslu á vegbætur á svæðinu, s.s. bundið slitlag á efsta hluta Landvegar, Hagabraut og Árbæjarbraut, vegna varanlega aukins þunga umferðar um svæðið vegna framkvæmdanna. Eins hefur áhersla verið lögð á að full sátt náiist um aðkomuveg að fyrirhugaðri Hvammsvirkjun.

*Í þessu ljósi er lýsingin samþykkt og ákveðið að hún verði kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga. Lögð er áhersla á að í deiliskipulagsferlinu verði haft samráð við alla landeigendur sem fyrirhugaðar framkvæmdir snerta og að öllum samningum verið hraðað eins og kostur er. Sveitarstjórn óskar eftir því að timarammi verkáætlunar verði uppfærður og að texti verði lagaður þar sem við á, s.s. að aðkoma að Hvammsvirkjun er ekki um heimreið að Hvammi.*

*Sveitarstjóra og oddvita falið að fá sameiginlegan fund með fulltrúum Landsvirkjunar og Vegagerðarinnar til að ræða fyrirhugaðar vegaframkvæmdir í tengslum við verkefnið.*

10. Skipun tveggja fulltrúa í stýrihóp vegna skipulagsvinnu við verkefnið „FJALLABAKSSVÆÐIÐ; vestan og norðan Mýrdalsjökuls“.

*Sigurgeir Guðmundsson, formaður samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar og Kristinn Guðnason, fjallkóngur á Landmannaafrétti, eru skipaðir í stýrihópinn fyrir hönd Rangárþings ytra.*

11. Tillaga Á-lista; Deiliskipulag á Gaddstöðum.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og víkur af fundi.

Lagt er til að unnið verði að deiliskipulagi á Gaddstaðaflötum til þess að hægt sé að nýta alla möguleika svæðisins sem best.

Greinargerð:

Gera þarf ráð fyrir útivistarsvæði fyrir íbúa, hesthúsabyggð og skapa fallega umgjörð fyrir ásýnd svæðisins. Þá skal einnig tvinna saman svæðið með hliðsjón af samnýtingu við þau mannvirki sem eru á svæðinu í eigu Rangábakka ehf. og Rangáhallarinnar ehf. Samhlíða deiliskipulagsvinnu er hægt að vinna að gróðursetningu trjágróðurs og skapa þannig fallega umgjörð fyrir svæðið.

*Samþykkt er að fela sama hópi og vinnur að skipulagi miðbæjar á Hellu að vinna að deiliskipulaginu í samráði við hagsmunaðila.*

Ingvar Pétur Guðbjörnsson kemur aftur á fundinn.

12. Tillaga Á-lista; Talmeinafræðingur í Rangárþingi ytra og Ásahreppi.

Lagt er til að ráðinn verði talmeinafræðingur til sveitarfélagsins, í samvinnu við Ásahrepps. Hlutverk hans verður að sinna talþjálfun barna í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.

Greinargerð:

Velferðaráðuneytið veitti Rangárþingi ytra og Ásahreppi styrk upp á kr. 500 þús. vegna talþjálfunar barna í sveitarfélögunum. Heildarfjöldi barna í leikskólunum og grunnskólunum sem þurfa á aðstoð að halda er 49. Um helmingur þeirra hefur fengið faglega greiningu talmeinafræðings um að vera í þörf fyrir talþjálfun. Hinn helmingur barnanna er annaðhvort í greiningarferli eða í þörf fyrir þjálfun að mati sérkennara skólanna. Verulegur kostur er að geta sinnt talþjálfuninni inni á leikskólunum. Það auðveldar talmeinafræðingi að kynnast börnunum og fylgjast með þeim að leik. Þá skapast einnig betri tækifæri fyrir kennara og talmeinafræðing að ræða um áframhaldandi þjálfun barnanna.

*Formanni fræðslunefndar og sveitarstjóra, í samstarfi við oddvita Ásahrepps, falið að útfæra starf talmeinafræðings við skóla sveitarfélagsins og leggja fyrir sveitarstjórn. Í þessari útfærslu skal m.a. koma fram fyrirkomulag rekstrar og heildarkostnaðaráætlun við starfið.*

13. Skólamötuneyti m.t.v. í tl. 8.4 frá 26. fundi sveitarstjórnar dags. 8. des. 2011.

Lögð fram hugmynd skólastjórnar, í Laugalandsskóla og Grunnskólanum á Hellu, að rekstrarhagræði fyrir skólamötuneyti og greinargerð leikskólastjóra á Heklukoti vegna mótneytismála. Hugmynd skólastjórnar felst í því að allur matur skólabarna verði matreiddur á Laugalandi og ekið með hann á Hellu. Með þessu móti fáist hagræðing í rekstri auk þess sem öll börn í sveitarfélagini njóti sama matar.

*Formanni fræðslunefndar, sveitarstjóra og Önnu Mariú Kristjánsdóttur falið að vinna að nánari útfærslu á hugmyndinni í samvinnu við skólastjórnana og leggja fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn leggur til að könnuð verði verð hjá öðrum aðilum til samanburðar.*

#### Fundargerðir til umsagnar og kynningar:

14. 1. stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga, dags. 16. des. 2011.  
15. 2. stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga, dags. 17. feb. 2012.

16. Stjórnarfundur í Húsakynnum bs., dags. 20. feb. 2012.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af rekstrarniðurstöðu ársins 2011, sem fram kemur í fundargerð. Mikilvægt er að strax verði brugðist við.

*Vinnuhópi um framtíðarfyrirkomulag Húsakynna falið að móta tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund félagsins sem boðaður hefur verið 14. mars nk.*

17. 6. fundur stjórnar Suðurlandsvegar 1-3 ehf., dags. 24. feb. 2012.

*Sveitarstjórn pakkar fráfarandi framkvæmdastjóra, Gunnari Aroni Ólasyni, góð störf í þágu félagsins. Sveitarstjórn leggur áherslu á að stjórn félagsins gangi frá samningum hið fyrsta um framkvæmdastjórn i samræmi við tillögu stjórnar.*

18. Fundur í rekstrarstjórn Laugalands, dags. 27. feb. 2012.

#### Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:

19. Eldvarnaeftirlit; Leikskólinn Heklukot, Skóladagsheimili Hellu, Grunnskólinn Hellu, , dags. 14. feb. 2012.

*Eignaumsjón er falið að vinna að úrbótum í samræmi við kröfur Eldvarnaeftirlitsins hafi það ekki verið gert nú þegar.*

20. RARIK; Götulýsing á veitusvæði RARIK, dags. 16. feb. 2012.

21. Vatnajökulsþjóðgarður; Tillaga að verndaráætlun fyrir Langasjó, tölvupóstur dags. 17. feb. 2012.

22. Landgræðslan; Afrit af bréfi til Ferðaklúbbsins 4x4, dags. 20. feb. 2012.

23. FSU; Beiðni um samstarf í tengslum við verkefnið „Heilsueflandi framhaldsskóli“, dags. feb. 2012.

24. Orkuveita Reykjavíkur; Ábyrgð á lánum Hitaveitu Rangæinga, dags. 22. feb. 2012.

*Sveitarstjóra í samvinnu við framkvæmdastjóra Ásahrepps og Rangárþings eystra falið að bregðast við erindinu.*

25. Viðlagatrygging Íslands; Ítrekun vegna ákvæða laga um Viðlagatryggingu, dags. 22. feb. 2012.

26. Þjóðarsáttmáli gegn einelti, tölvupóstur 23. feb. 2012.

27. Krabbameinsfélagið; Mottumars, tölvupóstur 23. feb. 2012.

28. Húsakynni bs.; Aðalfundarboð, dags. 23. feb. 2012.

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti, fer með umboð Rangárþings ytra á fundinum.*

29. Fornleifavernd ríkisins; Afrit af bréfi til Íslenskrar matorku ehf., dags. 23. feb. 2012.

30. Christiane L. Bahner Hdl.; Innheimtuþjónusta, dags. 23. feb. 2012.

*Sveitarstjórn leggur til að kannaður verði áhugi sveitarfélaga í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu á sameiginlegum þjónustusamningi um innheimtu.*

31. Blaklið Dímonar; Ósk um fría æfingatíma í íþróttahúsinu á Laugalandi, tölvupóstur dags. 24. feb. 2012.

Steindór Tómasson víkur af fundi.

*Sveitarstjórn lýsir ánægju með samstarf íþróttafélaganna í sýslunni hvetur þau til að efla samvinnu og fjölgia iökendum. Sveitarstjórn samþykktir að veita styrki á móti húsaleigu í íþróttahúsinu á Laugalandi, skv. erindinu.*

Steindór Tómasson kemur aftur á fundinn.

32. Samband íslenskra sveitarfélaga; XXVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. feb. 2012.

33. Lánaþjóður sveitarfélaga; Auglysing eftir framboðum í stjórn Lánaþjóðs sveitarfélaga, dags. 27. feb. 2012.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17:40.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 30. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, mánudaginn 7. maí 2012, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Katrín Sigurðardóttir í forföllum Önnu Maríu Kristjánsdóttur. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi, situr fundinn undir tl. 13.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og varaoddytti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 20. fundur hreppsráðs, dags. 15. mars 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

2. 21. fundur hreppsráðs, dags. 26. apríl 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

3. 22. fundur hreppsráðs, dags. 30. apríl 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

4. Fjallskiladeild Holtamannafréttar, dags. 15. mars 2012.

*Sveitarstjóra og oddvita falið að afla frekari upplýsingar í samræmi við umræður á fundinum.*

*Afgreiðslu fundargerðarinnar frestað af hálfu Rangárþings ytra þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.*

5. 13. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 27. mars 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

6. 15. fundur samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar, dags. 2. maí 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

7. Breyting á deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og nágrenni, Búðarháslínu 1, Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Skipulagsstofnun hefur í bréfi, dags. 10. febrúar 2012, gert athugasemdir við umhverfisskýrslu vegna breytingar á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar. Athugasemdirnar snér að frágangi vegna slóðagerðar með línum og möstrum og var óskað eftir að sett yrðu ákvæði í skilmála deiliskipulags um frágang í samræmi við umhverfisskýrslu. Einnig var gerð athugasemd vegna umsagnar Fornleifaverndar og hvernig brugðist skuli við henni. Deiliskipulagsgögn hafa verið lagfærð til samræmis við athugasemdir Skipulagsstofnunar. Bætt hefur verið inn kafla um formleifar, auk texta vegna lagningar línu og mastra.

*Sveitarstjórn samþykkir breytingu á gildandi deiliskipulagi Búðarháls og nágrennis, með áorðnum breytingum skv. ábendingum Skipulagsstofnunar.*

8. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir veitinga- og gististað að Árhúsum, dags. 24. apr. 2012.

Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

9. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Hungurfit, dags. 24. apr. 2012.

Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

10. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Fossi, dags. 24. apr. 2012.

Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

11. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Svínhaga (R-11, R-2 og II-26), dags. 26. apr. 2012.

Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins og óskar eftir upplýsingum frá skipulags- og byggingarfulltrúa áður en umsögn verður veitt.*

12. Málefni skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Rangárþings bs.

*Sveitarstjóra og oddvita er falið að ganga til viðræðna við forráðamenn aðildarsveitarfélaganna um næstu skref vegna samþykkjar stjórnar um slit á byggðasamlaginu. Jafnframt er þeim falið að vinna að tillögum fyrir sveitarstjórn um skipan málafloksins innan stjórnsýslunnar til framtíðar.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

13. Ársreikningur Rangárþings ytra 2011 – fyrri umræða.

Auðunn Guðjónsson, KPMG, löggiltur endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti niðurstöður ársreiknings fyrir Rangárþing ytra árið 2011. Auðunn lagði fram endurskoðunarskýrslu fyrir Rangárþing ytra vegna ársins 2011.

*Ársreikningi Rangárþings ytra fyrir árið 2011 er vísað til síðari umræðu.*

14. Skógræktarfélag Rangæinga; Styrkbeiðni, upphaflega send 16. ágúst 2011, síðast tekið fyrir hjá sveitarstjórn 19. janúar 2012.

*Skógræktarfélagi Rangæinga er þakkað boð i kynnisferð um starfssvæði félagsins í Rangárþingi ytra og farin var 16. apríl sl.*

*Sveitarstjórn samþykkir að leitað verði eftir samningum við Skógræktarfélag Rangæinga um átaksverkefni í gróðursetningu og fegrún aðkomu að Hellu, sem er aðkallandi. Samþykkt er að veita kr. 300 þús. til verkefnisins og er sveitarstjóra falið að vinna að samningnum. Fjárhæðin verður endurskoðuð að hausti ef tilefni þykir til.*

15. Iðnaðarráðuneytið; Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Orkuveitu Reykjavíkur um leyfi til gjaldskrárhækkunar, dags. 13. apr. 2012.

*Sveitarstjórn mótmælir harðlega öllum áformum OR um boðaðar gjaldskrárhækkunar og beiðni um leyfi til afnáms einkaleyfis á hluta af fyrrum veitusvæði Hitaveitu Rangæinga.*

*Sveitarstjóra og varaoddvita falið að rita svarbréftil ráðuneytisins.*

16. Heimir Hafsteinsson; Stjórn Strandarvallar ehf. og væntanlegur aðalfundur 2012, dags. 15. apr. 2012.

Til kynningar.

17. Hreinlætismál.

Til kynningar.

18. Tillaga Á-lista um opna viðtalstíma kjörinna fulltrúa.

Lagt er til að frá 1. september n.k. verði boðið uppá opna viðtalstíma sveitastjórnarfulltrúa á skrifstofu Rangárþings ytra til þess að gefa íbúum tækifæri til að koma og ræða við sveitastjórnarfólk um þau málefni sem brenna á fólk.

Viðtalstímar verða í nýrri fundaraðstöðu sveitarstjórnar á jarðhæð Suðurlandsvegar 3 á Hellu.  
Viðtalstímarnir verða auglýstir þegar nær dregur.

Oddvitum listanna er falið að leggja fram tillögu um útfærslu á viðtalstímunum.

*Samþykkt samhljóða.*

**Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

19. 23. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings og Ásahrepps, dags. 26. apr. 2012.

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

20. KPMG; Lokaskýrsla stjórnsýsluskoðunar hjá Rangárþingi ytra vegna 2011, dags. 27. mars 2012.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri taka þær ábendingar sem fram koma til greina og munu fara eftir þeim.

21. Málefni Stórlfshvols – til kynningar.

Lögmönum var falið að ganga frá heildarsamningum varðandi land Stórlfsvallar/hvols eftir leigulok Stórlfs hjá Héraðsnefnd. Lögmenn aðila hafa komist að samkomulagi sem hefur verið samþykkt með fyrirvara um samþykki Héraðsnefndar. Lögmaður mun koma á fund Héraðsnefndar og kynna samkomulagið.

22. Vinnumálastofnun; Sumarstörf námsmanna, skv. tölvupósti dags. 20. apr. 2012.

23. Ályktun fulltrúa fjölda sveitarfélaga vegna fyrirhugaðra breytinga á fiskveiðistjórnun.

24. Foreldrafélag Heklukots; Styrkbeiðni vegna leiktækjakaupa, skv. tölvupósti dags. 25. apr. 2012.

*Sveitarstjórn þakkar það framlag sem foreldrafélag Heklukots hefur lagt að mörkum til kaupa á leiktæki fyrir Heklukot í tengslum við móttöku Grænfánans 12. maí nk. Í þessu ljósi samþykkir sveitarstjórn að leggja til fjárlunarinnar kr. 75 þús.*

25. Fundarboð á kynningarfund Sorpstöðvar Suðurlands bs., skv. tölvupósti 26. apr. 2012.

26. Vottunarstofan Tún; Aðalfundarboð, dags. 27. apr. 2012.

27. VSÓ Ráðgjöf; Minnisblað vegna útboðs á viðbótarakstri á Suðurlandi, dags. 1. maí 2012.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í málið en óskar eftir því að málið verði ýtarlega kynnt sveitarstjóra og oddvita áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 18:17.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**31. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu,  
þriðjudaginn 15. maí 2012, kl. 15:00**

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Steindór Tómasson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, í forföllum Magnúsar H. Jóhannssonar, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Indriði Indriðason, aðalbókari, situr fundinn undir tl. 13 og 14. Ámi Þorgilsson situr fundinn undir tl. 3 og 4.

Oddviti setur fund og stjórnar honum. Fundurinn er haldinn í nýjum fundarsal á jarðhæð Suðurlandsvegar 3 á Hellu og verður hann framtíðarfundarstaður sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 9. fundur íþrótta- og tómstundaneftnar, dags. 2. maí 2012.

Sveitarstjórn þakkar ábendingar nefndarinnar og mun taka þær til vandlegrar skoðunar á næstu vikum.

Sveitarstjóra er falið að ræða við formann nefndarinnar um nánari útfærslur á tillögum þeim sem fram koma í fundargerðinni.

*Fundargerðin staðfest.*

2. 14. fundur fræðslunefndar, dags. 3. maí 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

### Skipulagsmál og tengd erindi:

3. 54. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 3. maí 2012.

705-2012 Búðarhálsvirkjun, Ásahreppi – stöðuleyfi fyrir vinnubúðir.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

707-2012 Búðarhálsvirkjun Ásahreppi - ósk um framlengingu á stöðuleyfi vinnubúða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

713-2012 Gilsbakki, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir bílageymslu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

714-2012 Lýtingur, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymslu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

715-2012 Svínhagi H-40, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir kvisti og svölum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

716-2012 Litli Klofi 1, 2a-B, Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

717-2012 Svínhagi SH-19, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir gámi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

718-2012 Marteinstunga, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

719-2012 Hag i við Gíslholtsvatn, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymslu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

4. Aðalskipulagsbreyting vegna breytrar landnotkunar á Hellu.

Aðalskipulagsbreytingin tekur til breytrar landnotkunar á Hellu; til iðnaðarsvæðis, verslunar- og þjónustusvæðis, breytingu á vegakerfi og til breytrar skilgreiningar á tengivegum á Hellu.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana lögum samkvæmt.*

5. Unnsteinn Oddsson; Umsókn um stofnun lögþýlis, dags. 1. maí 2012.

Áður en erindið er afgreitt óskar sveitarstjórn eftir ýtarlegri upplýsingum um áform umsækjenda um uppbyggingu. Oddvita falið að ræða við umsækjendur í samræmi við umræður á fundinum.

*Afgreiðslu frestað.*

6. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir veitingastað (veitingavagn) að Suðurlandsvegi 2, dags. 4. maí 2012.

Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra lögboðinna umsagnar aðila og leyfi lóðarhafa.*

7. Verslunar- og þjónustulóðir og athafna- og iðnaðarlóðir á Hellu.

*Samþykkt er að auglýsa í Búkollu og á heimasiðu sveitarfélagsins lausar til úthlutunar byggingalóðir sem hægt er að hefja byggingarframkvæmdir nú þegar.*

*Jafnframt verði farið yfir úthlutanir á lóðum sem byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar sbr. reglur um upphaf byggingarframkvæmda eftir úthlutun lóða. Áðilum verði þá gefin ákveðin frestur til að hefja framkvæmdir en að öðrum kosti verði lóðum skilað.*

8. Jarðirnar Foss og Árbær á Rangárvöllum í eigu Rangárþings ytra.

*Sveitarstjóra og oddvita er falið að ræða við hagsmunaaðila í samræmi við umræður á fundinum.*

**Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

9. Fyrirhuguð úttekt á Hvammsvirkjun dagana 21.-24. maí.

Til kynningar.

10. Ferðamálastofa; Beiðni um tilnefningu í samráðshóp vegna kortlagningar auðlinda í ferðaþjónustu, skv. tölvupósti dags. 9. maí 2012.

Óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa og eins til vara:

*Tilnefnd eru Gunnar Aron Ólason og Katrín Sigurðardóttir. Margrét Harpa Guðsteinsdóttir er tilnefnd til vara.*

11. Tillaga Á-lista um íþróttá-, tómstunda- og forvarnarstarf í Rangárþingi ytra.

Á- listinn leggur til að leitað verði leiða til að samfella, tengd íþróttá- og tómstundastarf, geti verið í boði næsta skólaár fyrir 1.- 10. bekk í grunnskólamót sveitarfélagsins.

Tilgangurinn með tillöggunni er að efla og styðja við íþróttá-, tómstunda- og forvarnarstarf í sveitarfélaginu með markvissum hætti.

*Samþykkt er að óska eftir viðræðum við skólastjórnendur og Ungmennafélagið Heklu um útfærslu á samfellu í íþróttá- og tómstundastarf fyrir 5.-10. bekk í Grunnskólanum á Hellu á næsta skólaári. Sveitarstjóra og oddvita falið að leiða viðræðurnar.*

*Markmið með tillöggunni er að börn á þessum aldrum geti stundað íþróttá- og tómstundastarf í framhaldi af reglubundnum skóladegi. Einnig að kannað verði með grundvöll þess meðal skólastjórnenda og starfsfólks hvort að hægt sé að taka upp meiri samvinnu á milli grunnskólanna, m.a. vegna starfsmanna sem vinna að málafloknum.*

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna kostnaðar- og verkáætlun fyrir sveitarstjórn í samráði við formann íþróttá- og tómstundanefndar og hagsmunaaðila.*

*Samhliða þessari vinnu verður skoðað að auglýsa eftir umsjónarmanni forvarnarmála í sveitarféluginu miðað við 10-15% starf.*

12. Framkvæmdanefnd um málefni viðbyggingar við Lund, hjúkrunar- og dvalarheimilis á Hellu.

Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir og Anna María Kristjánssdóttir vekja athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og víkja af fundi.

*Sveitarstjórn þakkar stjórn Lundar og hjúkrunarforstjóra fyrir frumkvæði að þessu verkefni og þá vinnu sem begar hefur verið lögð í það.*

*Hreppsnefnd felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við oddvita Ásahrepps og formann stjórnar Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis á Hellu, um myndun framkvæmdanefndar vegna áforma um viðbyggingu og stækkan á hjúkrunardeild Lundar.*

Gert er ráð fyrir að framkvæmdanefndina skipi oddvitar sveitarfélaganna, sveitarstjóri Rangárþings ytra og formaður stjórnar Lundar. Þegar samstaða er komin meðal aðila um þetta skal framkvæmdanefndin taka þegar til starfa.

Framkvæmdanefndinni er falið að taka upp viðræður við velferðarráðuneytið um samning varðandi stækkan Lundar og framlög til þess verkefnis af hálfu ríkis og aðildarsveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að framlög aðila verði 85% frá ríki og sveitarfélögin 15% eins og hefðbundið er varðandi byggingar hjúkrunardeilda.

Þegar liggur fyrir framlag frá "Framkvæmdasjóði aldraðra" að upphæð kr. 88.500.000 -áttatíu og átta milljónir og fimmhundruð þúsund krónur- sem eru 40% af áætluðum framkvæmdakostnaði og skoðast sem hluti af framlagi ríkisins.

Á vantar að afla samþykki ríkis er varðar framlag af þess hálfu fyrir 45% af áætluðum framkvæmdakostnaði og að sveitarfélögin samþykki og tryggi framlag sem nemur 15% af áætluðum framkvæmdakostnaði.

Jafnframt er óskað eftir að framkvæmdanefndin geri tillögu um með hvaða hætti haldið verður utan um framkvæmdakostnaðinn og meðferð fjármuna honum tengdum. Skoðað skal hvort „Framkvæmdasýsla ríkisins“ annist bókhald og meðferð fjármuna eða með hvaða hætti það verði unnið og þá í samráði við ráðuneytið.

Framkvæmdanefndin geri síðan tillögur um einstaka áfanga til sveitarstjórnanna og í samráði við þá aðila sem að málínu koma af hálfu ríkisins og fái umboð til þess.

Magrét og Anna María koma aftur á fundinn.

13. Ársreikningar samstarfsverkefna 2011.

Menningarmiðstöðin Laugalandi.

Heildarrekstrarkostnaður á árinu nam 157,655 mkr., þ.a. framlag Rangárþings ytra 107,753 mkr. Eignir samtals í árslok 2011 námu 8,810 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Menningarmiðstöðvarinnar á Laugalandi fyrir árið 2011 fyrir sitt leyti.*

Leikskólinn Laugalandi.

Heildarrekstrarkostnaður á árinu, að frádregnum leikskólagjöldum, nam 43,530 mkr., þ.a. framlag Rangárþings ytra 26,597 mkr. Eignir samtals í árslok 2011 námu 3,947 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Leikskólans á Laugalandi fyrir árið 2011 fyrir sitt leyti.*

Eignasjóður Laugalandsskóla.

Rekstrartekjur á árinu námu 56,624 mkr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 13,892 mkr. Eignir samtals í árslok 2011 námu 233,023 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í árslok 2011 var 20,094 mkr.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Eignasjóðs Laugalandsskóla fyrir árið 2011 fyrir sitt leyti.*

Leiguibúðir Laugalandi.

Rekstrartekjur á árinu námu 2,844 mkr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 1,838 mkr. Eignir samtals í árslok 2011 námu 4,791 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í árslok 2011 var neikvætt 2,971 mkr.

*Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Leiguibúða á Laugalandi fyrir árið 2011 fyrir sitt leyti.*

#### 14. Ársreikningur Rangárþings ytra 2011 – síðari umræða.

Ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2011 var staðfestur af hreppsráði 30. apríl 2012 og lagður fyrir sveitarstjórn. Hann var tekinn til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar mánudaginn 7. maí 2012 og vísað til seinni umræðu en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikning sveitarfélags á tveimur fundum í sveitarstjórn.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikninga fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekin ársreikning fyrir alla starfsemi þess það er A og B hluta sbr. 60. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.

Í A hluta er öll starfsemi sem að hluta, eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auch Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta eru Leiguþúðir, Félagslegar Íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Húsakynni bs. og Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi 2011 námu rekstrartekjur A og B hluta 1.070,0 millj. kr. samanborið við 1.015,0 millj. kr. árið 2010. Hækkun milli ára er 5,4%.

Rekstrargjöld A og B hluta eru laun, annar rekstarkostnaður og afskriftir sem námu samtals 928,5 millj. kr., en voru 928,5 millj. kr. á árinu 2010. Hækkun frá fyrra ári nemur 0,4%.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2011 námu 20,4 millj. kr. samanborið við 83,7 millj. kr. árið 2010. Lækkun fjármagnsgjálfa umfram fjármunatekjur milli ára skýrist af endurútreikningi á erlendum lánum samanborið við árið 2010.

Rekstrarniðurstaða ársins er því jákvæð um 120,5 millj. kr. fyrir A og B hluta samanborið við 5,0 millj. kr. á árinu 2010. Jákvæð rekstrarniðurstaða er að stórum hluta til komin vegna leiðréttинга á höfuðstól lána.

*Mörg jákvæð teikn eru í ársreikningi samstæðunnar fyrir síðasta ár. Framlegð eykst, veltufé frá rekstri eykst og launakostnaður tók hlutfallslega lítill breytingu frá áætlun og er lægri en var árið 2010. Skuldahlutfall samstæðunnar lækkar og er 177% í árslok. Þetta hlutfall er á réttri leið verði gætt varúðar í lántökum svo sem boðað er í fjárhagsáætlun og briggja ára áætlun fyrir árin 2013 – 2015. Ástæða er til þess að þakka stjórnendum og starfsmönnum Rangárþings ytra og samstarfsverkefna fyrir þrotlaus vinnu við það að ná hagræðingu og aðhaldi í rekstrinum. Sveitarstjórn vonast til þess að gott samstarf haldist milli yfirljórnar og starfsmanna um það að rekstur sveitarfélagsins skili jákvæðum árangri á þessu og komandi árum og skili sér í öflugri stöðu sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Rangárþings ytra fyrir árið 2011.

#### Fundargerðir til umsagnar og kynningar:

15. 140. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 9. mars 2012.
16. 141. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 26. apr. 2012.
17. 796. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. apr. 2012.
18. 308. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélagss Suðurlands, dags. 2. maí 2012.

#### Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:

19. Umhverfisráðuneytið; Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra, dags. 30. apr. 2012.
20. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga; Endanlegt framlag vegna nýbúafraðslu 2012, dags. 7. maí 2012.
21. Landskerfi bókasafna; Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2012, dags. 8. maí 2012.
22. Iðnaðarráðuneytið; Afrit af bréfi til Orkuveitu Reykjavíkur, hitaveitugjaldskrá fyrir dreifbýli Rangárveitu, dags. 11. maí 2012.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17:35.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**32. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu,  
fimmtudaginn 7. júní 2012, kl. 15:00**

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Steindór Tómasson, , Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Sigríður Th. Kristinsdóttir í forföllum Ingvars Péturs Guðbjörnssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson og Árni Þorgilsson sitja fundinn undir tl. 1-3.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

Í tilefni af 10 ára afmæli Rangárþings ytra, 9. júní 2012, færa fulltrúar D-lista sveitarfélagini forlátu fundahamar að gjöf sem oddviti veitir viðtöku.

Í tilefni af 100 ára afmæli brúar yfir Ytri-Rangá samþykkir sveitarstjórn að skipa í vinnuhóp sem undirbúa mun viðburð, s.s. ljósmyndasýningu á Töðugjöldum. Í vinnuhópinn eru skipaðir Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Steindór Tómasson.

**Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:**

**Skipulagsmál og tengd erindi:**

1. 50. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 21. maí 2012.

314-2012 Haukadalur, Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

316-2012 Galtalækur 2, Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

317-2012 Árbakki, Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

322-2012 Litli Klofi 6, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 12,4 ha landspildu á frístundasvæði.

*Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og mælist til að hún verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hreppsnefnd telur ekki þörf á gerð lýsingar né að kynna tillöguna sérstaklega skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, en svæðið er skilgreint sem frístundasvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.*

323-2012 Stekkjartún við Marteinstungu, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundahúsalóðar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

324-2012 Svínhagi SH13 og SH14, Rangárþingi ytra, ósk um heimild til deiliskipulagsgerðar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

325-2012 Sörlatunga, Rangárþingi ytra, deiliskipulag lögbýlis.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

326-2012 Gaddstaðaflatir, Rangárþingi ytra, deiliskipulag, hesthúsabyggð og reiðsvæði. Ósk um heimild til skipulagsgerðar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

327-2012 Efra-Sel, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 4 frístundalóða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

328-2012 Lækur, Rangárþingi ytra, breyting á gildandi deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

329-2012 Dynskálar, á Hellu, Rangárþingi ytra, deiliskipulag athafna og iðnaðarsvæða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

330-2012 Deiliskipulag Miðbæjar á Hellu, Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

331-2012 Rangárbakkar, Hellu, Rangárþingi ytra, deiliskipulag iðnaðar-, athafna og verslunarsvæðis.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

332-2012 Galtalækur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag landspildu fyrir fiskeldi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

333-2012 Ægissíða, Rangárþingi ytra, hugmyndir um 5 lóða íbúðabyggð.

*Hreppsnefnd Rangárþings ytra tekur jákvætt í hugmyndir um 5 lóða íbúðabyggð við Ægissíðu og mælist til að unnið verði deiliskipulag samsara breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.*

*Einnig samþykkir hreppsnefnd að sækja um undanþágu til Umhverfisráðuneytis, vegna ónógrar fjarlægðar væntanlegra byggingarreita frá ám og vegum.*

334-2012 Húsagarður, Rangárþingi ytra, 1.tl bráðbrigðaákvæða skipulagsлага.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

300-2012 Fellsmúli Rangárþingi ytra, deiliskipulag fiskeldisstöðvar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

301-2012 Skrúður, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, gesthúss og skemmu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

302-2012 Svínhagi, Rangárþingi ytra, spilda SH-5 deiliskipulag frístundahúsa og gestahúsa.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

2. 55. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 1. júní 2012.

728-2012 Jaðarbraut 18, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi .

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

729-2012 Höfðavegur 9, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

730-2012 Litli Klofi lóð 27, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

731-2012 Burstabrekka, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sólstofu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

732-2012 Stóru-Vellir, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

3. Lögbýlisumsókn, Stóru-Vellir, áður tekið fyrir á 31. fundi sveitarstjórnar, dags. 15. maí 2012, t.1.5.

Samkvæmt drögum að deiliskipulagi er umrædd lóð nr. 11, á milli frístundalóða nr. 10 annars vegar og lóða nr. 12 og 13 hins vegar.

*Í samþykktu aðalskipulagi Rangárþings ytra er lóðin á skilgreindu frístundasvæði og því leggst sveitarstjórn gegn því að umræddri landspildu verði veittur lögbýlisréttur.*

**Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

4. Lögreglan á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðrar útiháfs Íþykkvabæ, Oddsparti, skv. tölvpusti dags. 24. maí 2012.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða útihátið.*
5. Gaddstaðaflatir og hátiðahöld.

*Sveitarstjóra og oddvita er falið að semja við Rangárþing ehf. og aðra sem koma að starfsemi á Gaddstaðaflótum er varðar afnot af landi sveitarfélagsins til hátiðar- og mótsvalda.*
6. Íþrótt-, tómstunda- og forvarnarstarf í Rangárþingi ytra, m.t.v. í t.l. 11 frá 31. fundi sveitarstjórnar, dags. 15. maí 2012.

Ungmennafélagið Hekla hefur í samstarfi við skólastjórnendur Grunnskólans á Hellu gert drög að skipulögðu tómstunda- og æskulýðsstarfi (samfellu) á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 15-17, fyrir 5.-10. bekk. Einhver námskeið eða æfingar geta verið allan veturinn en önnur eru eingöngu ein önn eða 12 vikur. Verður samsetning samfellunnar endurskoðuð eftir að skólastarf er hafið, fyrir hverja önn. Reiknað er með því að samfellan sé í gangi þegar skólinn starfar.

*Sveitarstjóra og oddvita er falið að ganga til viðræðna og leita samninga við hlutaðeigandi aðila í samræmi við umræður á fundinum.*

7. Staðfesting sveitarstjórnar á veitingu einfaldrar ábyrgðar vegna lántöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15.000.000 kr., í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild i 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Sorpstöð Rangárvallasýslu. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild i 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á belta- og traktorsgröfu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Sorpstöðvar Rangárvallasýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktta Sorpstöðvarinnar sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.*

*Fari svo að Rangárþing ytra selji eignarhlut í Sorpstöð Rangárvallasýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Rangárþing ytra sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.*

*Jafnframt er Gunnsteini R. Ómarssyni kt. 110870-4939, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Rangárþings ytra veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.*

8. Kosning oddvita og varaoddvita og kosning í hreppsráð til eins árs, skv. l. nr. 138/2011.

Kjör oddvita:

Tillaga um að Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbær, 851 Hellu verði oddviti til loka kjörtímabilis 2010-2014.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GIG, AMK, STK).*

Kjör varaoddvita:

Tillaga um að Magnús Hrafn Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hellu verði varaoddviti til loka kjörtímabilis 2010-2014.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GIG, AMK, STK).*

Kosning hreppsráðs til eins árs:

Tillaga um að eftiraldir hreppsnefndarmenn skipi hreppsráð 2012 - 2013:

Aðalmenn:

Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Bolöldu 4, 850 Hellu.

Steindór Tómasson, Bergöldu 2, 850 Hellu.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4, 850 Hellu.

*Samþykkt samhljóða.*

Varamenn:

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hellu.

Magnús Hrafn Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hellu.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Nestúni, 850 Hellu.

*Samþykkt samhljóða.*

Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs:

Tillaga um að Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir verði formaður hreppsráðs 2012 – 2013.

*Samþykkt samhljóða.*

Tillaga um að Steindór Tómasson verði varaformaður hreppsráðs 2012 - 2013.

*Samþykkt samhljóða.*

#### Fundargerðir til umsagnar og kynningar:

9. 138. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 28. mars 2012.
10. Samráðsfundur vegna „Bestu- útihátfíðarinnar“ 2012, dags. 9. maí 2012.
11. 215. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 14. maí 2012.
12. 139. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 22. maí 2012.
13. 117. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafelssýslu, dags. 23. maí 2012.
14. Fundur í stjórn byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., dags. 24. maí 2012.

*Sveitarstjóra er falið að auglýsa eftir skipulags- og byggingarfulltrúa í samræmi við umræður á fundinum.*

15. 797. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. maí 2012.
16. 216. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 29. maí 2012.
17. Aðalfundur Strandarvallar ehf., dags. 4. júní 2012.

Gunnar Aron Ólason var kosinn í stjórn á aðalfundinum sem fulltrúi Rangárþings ytra.

#### Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:

18. Eigendur Vatnsdals; Girðing á mörkum Vatnsdals og Reynifells, afrit af bréfi til BSSL, dags. 22. maí 2012.
19. EBÍ; Styrktarsjóður EBÍ 2012, dags. 22. maí 2012.
20. SAMAN hópurinn; Hvatning til samveru fjölskyldunnar í sumar, dags. 23. maí 2012.
21. Landgræðsla ríkisins; Athugasemdir við svör Orkuveitu Reykjavíkur til iðnaðarráðuneytis, afrit af bréfi til iðnaðarráðuneytis, dags. 24. maí 2012.
22. Kór Odda og Þykkvabæjar; Styrkbeiðni vegna „Sumar í Odda“, dags. 28. maí 2012.

„Sumar í Odda“ sem Kirkjukór Odda og Þykkvabæjarkirkna hefur staðið fyrir er ætlað að auðga menningu og framboð á henni í heraði. „Sumar í Odda“ er rekið sjálfstætt og aðskilinn fjárhag kórsins og rennur ágóði, ef einhver er til þess að efla það verkefni.

*Sveitarstjórn fagnar þessu framtaki og samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 100 þús. vegna þess.*

23. Karlakór Rangæinga; Styrkbeiðni, dags. 1. maí 2012.

*Rangárþing ytra er aðili að þjónustusamningi við menningarheimili Oddasóknar á Hellu og greiðir mánaðarlegan styrk að fjárhæð um kr. 140 þús. Slíkur þjónustusamningur var gerður, m.a. til að styrkja starfsemi sem þessa. Frekari styrkveitingum er því miður ekki hægt að verða við.*

24. HES; Starfsleyfi fráveitu, dags. 29. maí 2012.

25. Umhverfisráðuneytið; Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2012, dags. 30. maí 2012.

26. Fornleifarvernd ríkisins; Bæjarholt (úr Snjallsteinshöfða) í Rangárþingi ytra, Rangárvallasýslu dskl, dags. 1. júní 2012.

27. True-North vegna kvíkmyndaverkefnis.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17:03.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 33. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 21. júní 2012, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Steindór Tómasson, , Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Sigríður Th. Kristinsdóttir í forföllum Ingvars Péturs Guðbjörnssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Rúnar Guðmundsson og Árni Þorgilsson sitja fundinn undir tl. 2-4.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastaneftnda:

17. fundur samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar, dags. 5. júní 2012.

*Fundargerðin staðfest.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

- Lóðamörk milli Heiðvangs 2 og Heiðvangs 4, áður á dagskrá 20. fundar hreppsráðs, dags. 15. mars 2012.

Steindór Tómasson vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og víkur af fundi.

Óskað var eftir því að sveitarstjórn greiði úr ágreiningsmáli vegna lóðamarka milli Heiðvangs 2 og Heiðvangs 4 á Hellu. Á fundi hreppsráðs var samþykkt að fela Skipulags- og byggingafulltrúa, í samráði við fagaðila, að setja niður lóðamörk sbr. erindið.

Í framhaldi af beiðninni óskaði Byggingar- og skipulags fulltrúaembættið eftir álti lögmanns á afgreiðslu byggingarnefndar og skipulagsfulltrúa er varðaði byggingarleyfi bílskúrs á Heiðvangi 2, árið 2006. Álit frá lögmanni barst í dag og sveitarstjórn hefur ekki náð að skoða það og ræða.

*Hreppsráði er falið að fara yfir fyrilliggjandi gögn, leita sérfræðiálits ef hörf krefur og fá niðurstöðu í málið.*

Steindór kemur aftur á fundinn.

- Kristján Ingi Úlfsson, f.h. eigenda Selsunds: Fyrirspurn vegna afgreiðslu skipulagsnefndar á málum 234-2011 og 293-2012, mótt. í tölvupósti 17. júní 2012.

Á 41. fundi skipulagsnefndar bókaði skipulagsnefnd með fyrirvara um samþykki og undirskriftir landeiganda Selsunds. Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar. Ljóst er að landeigendur hafa ekki enn samþykkt landskiptin með undirskrift og þá eru landskiptin ekki kláruð og ekki hægt að byggja aðrar afgreiðslur á þeim.

47. fundur var verið að taka lóðir undir vegi og það mál var byggt á að búið væri að afgreiða þá fyrirvara sem skipulagsnefnd setti er varðar landskiptin á 41. fundi.

*Ljóst er að þeir fyrirvarar sem settir voru við afgreiðslu máls 234-2011, sem afgreitt var á 41. fundi skipulagsnefndar, eru ekki uppfylltir. Afgreiðsla skipulagsnefndar á mál 293-2012, á 47. fundi, tekur ekki gildi fyrr en þeir fyrirvarar sem áður eru nefndir, þ.e. samþykki landeigenda Selsunds, eru uppfylltir.*

- Vegagerðin: Beiðni um heimild til efnistöku úr tveimur námum í landi Svínhaga í Rangárþingi ytra, dags. 18. júní 2012.

Óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr námu um 3-400 m ofan við afleggjarann að Svínhaga og vegna efnistöku úr námu um 100 m frá afleggjaranum að Selsundi. Efni úr þessum námum er ætlað til uppbyggingar Þingskálavegar frá afleggjaranum að Svínhaga (neðri námunni) og niður eftir. Sótt er um magn sem svarar allt að 15.000 m<sup>3</sup> úr hvorri námu.

*Við skoðun hefur komið í ljós að aðeins önnur náman er á aðalskipulagi með heimild til efnistöku allt að 10.000 m<sup>3</sup>.*

*Sveitarstjórn getur því ekki orðið við erindinu að svo komnu en felur sveitarstjóra að funda með fulltrúum Vegagerðarinnar vegna málsins.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

5. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar Broadcast ehf. um tækifærисleyfi vegna útihátiðar, Besta útihátiðin, Gaddstaðaflötum, Hellu Rangárþingi ytra, dags. 4. maí 2012.

Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gistiði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007. Einnig er sótt um tímabundið áfengisveitingaleyfi skv. 18. gr. fyrrgreindra laga.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra lögboðinna umsagnaraðila.*

*Sveitarstjórn fer fram á við skipuleggjendur hátiðarinna að umferð verði greið inná svæðið og að heir gestir sem sækja hátiðina leggi bílum sínum inná hátiðarsvæðinu til að sem minnst ónæði verði í þorpinu og á þjóðveginum. Mikilvægt er að komið verði í veg fyrir umferðartruflanir á þjóðveginum vegna hátiðarinna, eins og gerðist á hátiðinni fyrir ári síðan. Hátiðarhaldarar eru hvattir til að haga skipulagi þannig til að sjúkrabíllar eigi greiða leið til og frá svæðinu á meðan hátið stendur. Til að halda ásýnd porpsins sem bestri mun sveitarfélagið þurfa að halda úti vakt á vegum áhaldahúss umrædda helgi og mun krafa verða gerð um að sá kostnaður verði greiddur af leigusala lands fyrir hátiðina, þ.e. Rangárþökkum ehf.*

6. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar Hamborgarabúllu Tómasar um tækifærисleyfi fyrir veitingasölu vegna Besta útihátiðin, Gaddstaðaflötum, Hellu Rangárþingi ytra, dags. 4. maí 2012.

Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gistiði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra lögboðinna umsagnaraðila.*

7. Tillaga D-lista um nágrennavörslu á Hellu og í öðrum byggðakjörnum sveitarfélagsins.

Tillaga um að hreppsnefn Rangárþings ytra hafi forgöngu um að auka skipulagningu á nágrennavörslu á Hellu og í öðrum byggðakjörnum sveitarfélagsins, lögð fram á fundi hreppsnefnar Rangárþings ytra þ. 21. júní 2012:

Lagt er til að hreppsnefn Rangárþings ytra beiti sér fyrir því að nágrennavarsla verði enn hert og skipulögð frá því sem verið hefur á Hellu og í öðrum byggðakjörnum sveitarfélagsins. Stofnaður verði vinnuhópur sem kalli til samstarfs fulltrúa íbúa, fyrirtækja og félaga um málið. Stefnt verði að því að nágrennavarsla verði enn virkari með auknu skipulagi og sýnileiki verði aukinn með merkingum svo fljótt sem auðið er. Lagt er til að á vegum sveitarfélagsins verði aðstaða sköpuð til fundahalda og skipulags starfsins og að hugað verði að aukinni notkun eftirlitsmyndavéla.

**Greinargerð:**

Undanfarin misseri hefur borið talsvert á innbrotum og skemmdarverkum í byggðakjörnum sveitarfélagsins en þó einkum á Hellu. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu með virkum hætti af hálfu sveitarfélagsins, íbúa, fyrirtækja og félaga. Áríðandi er að sveitarstjórnin hafi um þetta forgöngu og leggi til aðstöðu til skipulags og athugi möguleika á aukinni notkun eftirlitsmyndavéla. Nauðsynlegt er að sveitarfélagið hafi frumkvæði að því að þjappa fólk saman um aðgerðir í forvarnaskyni gegn innbrotum og skemmdarverkum.

Fulltrúar D-listans í sveitarstjórn Rangárþings ytra.

*Samþykkt samhljóða.*

*Formanni hreppsráðs og oddvita D-lista falið að vinna að málín i samræmi við umræður á fundinum.*

8. Sumarfrí sveitarstjórnar og umboð hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála.

Tillaga um að hreppsnefn geri hlé á reglulegum fundum á tímabilinu frá 21. júní til 1. september 2012. Jafnframt er lagt til að hreppsráð fái umboð til fullnaðarafgreiðslu mála á umræddu tímabili.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

9. Fundur vegna skipulags Neslundar, dags. 9. maí 2012.  
10. 142. fundur Heilbrigðisnefnar Suðurlands, dags. 1. júní 2012.

11. 142. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 7. júní 2012.

12. Forstöðumannafundur á Laugalandi, dags. 19. júní 2012.

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

13. Fundarboð á framhaldsaðalfund Veiðifélags Ytri-Rangár og Vesturbakka Hólsár og stofnfund nýs félags.

*Gunnsteini R. Ómarssyni, sveitarstjóra, er falið að fara með umboð Rangárþings ytra á fundinum.*

14. Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun; Efnistaka, framkvæmdaleyfi og mat á umhverfisáhrifum, dags. 31. maí 2012.

15. Félag heyrnarlausra: Styrkbeiðni, skv. tölvupósti dags. 7. júní 2012.

*Sveitarstjórn sér ekki færi á að verða við styrkbeiðninni.*

16. Vísinda- og rannsóknasjóður Suðurlands: Styrkbeiðni, dags. 11. júní 2012.

*Sveitarstjórn sér ekki færi á að verða við styrkbeiðninni.*

17. Þjóðskrá Íslands: Fyrirmæli og leiðbeiningar um meðferð kjörskrárfostna frá Þjóðskrá Íslands vegna forsetakosninga þann 30. júní 2012, dags. 13. júní 2012.

18. Umhverfisráðuneytið: Beiðni um umsögn vegna landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013-2024, dags. 15. júní 2012.

*Sveitarstjórn óskar eftir því að stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu veiti umsögn ef ástæða þykir til.*

19. Búnaðarsamband Suðurlands: Afrit af bréfi til Sýslumannsins á Hvolsvelli vegna girðingar milli Vatnsdals og Reynifells, dags. 18. júní 2012.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16:27.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 34. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 6. september 2012, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Steindór Tómasson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Katrín Sigurðardóttir og Sigríður Th. Kristinsdóttir í forföllum Guðmundar Inga Gunnlaugssonar, Þorgils Torfa Jónssonar og Önnu Marfu Kristjánsdóttur. Einnig situr fundinn Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnelega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

*Sveitarstjóra og oddvita er falið að ræða við oddvita minnihluta vegna forfalla allra aðalmannna minnihluta á fundinum og fá skýringar vegna þess. Kostnaðarsamt er að kalla inn 3 varamenn og skekkir það verulega fjárhagsáætlun. Mikilvægt að aðalmenn kappkosti að sækja fasta boðaða fundi sveitarstjórnar og er vísað til 22. og 31. gr. sveitarstjórnarlagi í þessum efnum þar sem kveðið er á um mætingarskyldu og óviðráðanlegar ástæður fyrir fjarveru á sveitarstjórnarfundum.*

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

10. fundur Íþrótta- og tómstundaneftir 2010-2014, dags. 23. ágúst 2012.

Liður 1. Nefndin leggur fram tillögur um kaup á leiktækjum fyrir leikvelli á Hellu.

*Samþykkt að fela forstöðumanni / starfsmanni áhaldahúss að festa kaup á umræddum leiktækjum í samráði við fulltrúa nefndarinnar samkvæmt fjárhagsáætlun 2012.*

Liður 2. Þróng búningsaðstaða er þekkt og verðugt verkefni að finna leiðir til þess að bæta þar úr þar sem þetta setur starfsemi íþróttahúss þrengri skorður en ella væri og starfsemin komin að þolmörkum hvað varðar fjölda gesta miðað við núverandi aðstöðu.

*Forstöðumanni íþróttamannvirka og sviðsstjóra þjónustumiðstöð er falið að koma með tillögur að úrbótum og kostnaði við þær fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2013.*

Liður 3. Nefndin ítrekar fyrri bókun um að fundin verði aðstaða fyrir félagsmiðstöð utan skólans. Óskað er eftir að gerð verði könnun meðal nemenda á nýtingu félagsmiðstöðvar.

*Sveitarstjórn samþykktir að lögð verði könnun fyrir nemendur grunnskóla sveitarfélagsins varðandi félagsmiðstöð í samráði við stjórnendur skólanna. Formanni fræðslunefndar falið að ræða við skólastjórnendur um fyrirkomulag könnunarinnar.*

*Fundargerðin staðfest.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

- Vegagerðin; Beiðni um heimild til efnistöku úr nánum í Rangárþingi ytra, dags. 18. júní 2012, sbr. t.l. 4 frá 33. fundi sveitarstjórnar, dags. 21. júní 2012 og afgreiðslu hreppsráðs frá 24. fundi, dags. 16. ágúst 2012, t.l. 5.

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi sem tekur til efnisnámur í landi Svínhaga landnr. 164560 og Þingskála landnr. 164567 á Rangárvöllum. Um er að ræða 3 nýjar efnisnámur, E55 sem er malar- og sandnáma og verður 30.000m<sup>3</sup> og er við Þingskála, einnig E56 sem er bergenáma, 30.000m<sup>3</sup> og staðsett við Svínhaga.

Þá er gert ráð fyrir malar- og sandnámu í landi Svínhaga sem fær heitið E57 og gert ráð fyrir allt að 30.000m<sup>3</sup>. Ágreiningur er um eignarhald á milli eigenda Selsunds og Svínhaga sbr. tl.3 í fundargerð. Samt er ekki gerð athugasemd við fyrirhugaða ráðstöfun á námu E57 í þeim tilgangi að bæta Þingskálaveg 268.

*Erindið er samþykkt og veitt framkvæmdaleyfi með fyrirvara um leyfi landeiganda.*

- Kristján Ingi Úlfsson f.h. Selsundsjarðarinnar ehf. og eigenda Selsunds; Athugasemd við afgreiðslu Hreppsnefndar á máli 340-2012, dags. 31. ágúst 2012.

Fram kemur að eigendur Selsunds vekja athygli á ágreiningi sem er um landamörk á milli Selsunds og Svínhaga. Nær sá ágreiningur m.a. til malar- og sandnámu sem fékk heitið E57 í breytingu á aðalskipulagi sbr. afgreiðslu Hreppsráðs 16. ágúst 2012.

*Erindið er til kynningar.*

4. Sveitagrill Míu. Beiðni um heimild til staðsetningar grillvagns á Hellu, skv. tölvupósti dags. 3. sept. 2012.

*Sveitarstjórn sér sér ekki fært að veita leyfi fyrir umbeðinni staðsetningu þar sem grillvagninn yrði staðsettur á bílastæðum sem ætlud eru viðskiptavinum Miðjunnar. Formanni atvinnu- og menningarmálanefndar er falið að ræða við bréfritara og finna aðra staðsetningu sem hentar. Þá er sveitarstjóra og formanni atvinnu- og menningarmálanefndar falið að skilgreina sérstakt svæði fyrir útimarkaði og sölutjöld-/vagna, og móta um það reglur og leggja fyrir sveitarstjórn.*

**Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

5. Sveitarfélagið Árborg; Tillaga um stofnun byggðasamlag um eignarhald á fasteignum vegna málefna fatlaðra, dags. 14. ágúst 2012.

*Sveitarstjórn samþykkir að leita frekari upplýsinga hjá bréfritara.*

6. Skolaskrifstofa Suðurlands; Málpíng um aðalnámskrár, tölvupóstur dags. 22. ágúst 2012.

Framkvæmdastjóri Skolaskrifstofu Suðurlands óskar eftir því að starfsfólk leik-, grunn-, og framhaldsskóla verði gert kleift að sækja málþing um aðalnámskrá í þann 31. okt. næstkomandi í Fjölbautarskóla Suðurlands á Selfossi. Til þess að svo megi verða, þurfa nemendur að fá frí eftir hádegi þann dag.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að veita starfsmönnum leik- og grunnskóla sveitarfélagsins tækifæri til að sækja málþingið.*

7. Magnús Hlynur Hreiðarsson; Niðurlagning stöðu fréttaritar RÚV á Suðurlandi, skv. tölvupósti dags. 31. ágúst 2012.

Eftirfarandi er erindi Magnúsar Hlyns Hreiðarssonar: „Ég hef fengið tilkynningu um það frá Óðni Jónssyni, fréttastjóra Ríkisútvarpsins að staða mín sem fréttaritari RÚV á Suðurlandi verði lögð niður frá og með morgundeginum, eða 1. september 2012. Þetta er gert í skyni hagræðingar. Sjálfur er ég mjög svekktur og sár yfir þessu enda búin að starfa í 12 - 15 ár sem fréttaritari á svæðinu fyrir sjónvarp og útvarp. Þá get ég á engan hátt skilið sparnaðinn í því að senda tökumann og fréttamann úr Efstaþeitini á svæðið í stað þess að hafa mann á staðnum með tökuvel og útvarpsgræjur og fá efnið þannig "beint í æð". Ekkert er hróflað við fréttariturunum á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Vestmannaeyjum, þeir halda allir sínum stöðum.“

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra mótmælir harðlega uppsögn eina fréttaritara RÚV á Suðurlandi sem gildi tók 1. september síðastliðinn. Erfitt er að sjá fyrir sér sparnaðinn í því að senda fréttamann og tökufólk úr Reykjavík þegar eitthvað fréttnað gerist í þessu viðfema héraði og ljóst að nú sem oft áður á Suðurland að gjalda nálaegðarinnar við Reykjavík. Sveitarstjórn Rangárþings ytra skorar á fréttastjóra ríkisútvarpsins að endurskoða þessa uppsögn ekki síst í ljósi þess að hvergi í öðrum landsfjórðungum er fréttamönnum sagt upp enda lágmark að hafa amk. einn fréttamann í hverjum fjórðungi svo stofnunin geti virkilega staðið undir því að vera útvarp og sjónvarp allra landsmanna.*

8. Lögmál f.h. Lax-á ehf.; Mengunarslys í Ytri-Rangá, dags. 31. ágúst 2012.

*Sveitarstjórn samþykkir að leita eftir álti hjá lögmanni sveitarfélagsins.*

9. Guðmundur Árnason; Beiðni um greiðslu fæðiskostnaðar vegna kvíkmyndaverkefnis, skv. tölvupósti dags. 3. sept. 2012.

Í erindinu er óskað styrks frá Rangárþingi ytra vegna kvíkmyndaverkefnis tengdu Laufaleitum. Óskað er eftir því að sveitarfélagið greiði kostnað vegna fæðis þriggja kvíkmyndatökumanna sem fara munu í Laufaleitir nú í haust.

*Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og greiða kostnað við fæði fyrir þrjár manneskjur sambærilegt við kostnað Rangárþings ytra vegna fæðis fjárleitarmanna í Laufaleitum.*

10. Tillaga að gjaldskrá fyrir þjónustu talmeinafræðings.

Lagt er til að gjaldskrá talmeinafræðings sveitarfélagsins miðist við gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir talmeinaþjónustu. Talþjálfun barns undir 18 ára aldrí kosti kr. 1.670,- í hvert skipti.

**Greinargerð:** Lögð eru próf fyrir börn sem eru talin þurfa á talþjálfun að halda. Þau börn sem skv. prófunum þurfa á mestu aðstoðinni að halda falla í A hóp. Sjúkratryggingar Íslands greiða niður kostnað við þjálfun þessara barna og skv. núgildandi gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands er hlutur sjúklings fyrir þjálfun, kr. 1.670,- í hvert skipti. Þjálfun barna sem lenda í B hópi er hinsvegar ekki greidd niður af Sjúkratryggingum Íslands en í tillögunni að ofan er gert ráð fyrir að sveitarfélagið komi til móts við børn í B hópi og veiti þeim talþjálfun á sama gjaldi og greiða þarf fyrir børn í A hópi.

Magnús H. Jóhannsson, varaoddviti

*Sveitarstjórn samþykkir að miða gjaldskrá talmeinafræðings sveitarfélagsins við gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands. Talþjálfun fyrir börn og ungmenni undir 18 ára aldri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, kostar kr. 1.670,- hvert skipti. Hámarksfjöldi talþjálfunartíma er 10 á ári fyrir hvert barn.*

*Sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar er falið að kynna starfsemi talmeinafræðings og gjaldskrána fyrir foreldrum og forráðamönnum barna í sveitarfélaginu.*

11. Tillaga Á-lista um endurskoðun á leiguupphæð og rekstri frystihólfia í þykkvabæ.

Á-listi leggur til að leigufjárhæð frystihólfia í þykkvabæ verði lækkuð til jafnvirðis leigufjárhæðar fyrir síðustu hækkun, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Þá er lagt til að leitað verði allra leiða við að breyta fyrirkomulagi rekstrar.

Notendur frystihólfia í þykkvabæ hafa gert alvarlegar athugasemdir við hækkun á leigu þeirra. Nokkrir notendur hafa þegar sagt hólfum sínum upp. Fundað hefur verið í tvígang með fulltrúum þeirra til að fara yfir rekstur hólfanna, sérstaklega hvað varðar kostnað við rafmagn og innri leigu. Hækkun á leigu var talin nauðsynleg til þess að reksturinn bæri sig, en hækkunin var vissulega brött og kom notendum verulega á óvart.

*Samþykkt að hækkun leigu fyrir árið 2012 verði dregin til baka og að leigjendum verði tilkynnt um það skriflega sem fyrst. Auglýsa þarf eftir leigjendum nú þegar þar sem sláturtíð er viða hafin til þess að nýting frystihólfanna verði sem best. Visað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.*

12. Tillaga Á-lista um undirbúning að gerð Fjölskyldugarðs á Hellu.

Á-listinn leggur til að hafinn verði undirbúningur að stofnun fjölskyldugarðs í líkingu við Raggagarð á Súðavík (raggagardur.is). Kannaður verði áhugi íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og skóla á þátttöku í verkefninu.

*Tillagan er samþykkt og er formanni íþróttanefndar og formanni atvinnumálanefndar falið að vinna að verkefninu í samráði við sveitarstjóra.*

13. Tillaga Á-lista um uppsetningu móttökustöðvar (flokkunarkrár) fyrir heimilissorp og endurvinnanlegan heimilisúrgang á Hellu.

Á-listi leggur til að sett verði upp móttökustöð (flokkunarkrá) fyrir heimilissorp og endurvinnanlegan heimilisúrgang á Hellu. Stöðin verði útbúin með lokuðum gánum fyrir heimilissorp og endurvinnanlegan heimilisúrgangúrgang og er fyrst og fremst hugsuð fyrir notendur fristundahúsa í sveitarfélaginu. Stöðin verði útbúin með hreyfistýrðri lýsingu og eftirlitsmyndavél.

Ennfremur verði kannað með staðsetningu á sambærilegri móttökustöð fyrir vestan Ytri Rangá til að mæta þörf þess svæðis.

*Tillagan er samþykkt og er sveitarstjóra falið að vinna að framgangi hennar.*

14. Fulltrúar D-listans leggja fram eftirfarandi tillögu að bókun á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. september 2012:

Hreppsnefnd þakkar þeim Steindóri Tómassyni og Ingvari Pétri Guðbjörnssyni fyrir vinnu þeirra við að koma upp skilti á bakka Ytri Rangár til minningar um 100 ára afmæli gömlu brúarinnar. Framkvæmd þessa verkefnis tókst vel og skiltið er fróðlegt og til sóma þar sem það stendur.

Bókun Steindórs Tómassonar

*Pó ekki vilji ég vanþakka hlýleg orð í minn garð þá tel ég það myndi æra óstöðugan ef sveitarstjórnarmönnum væri þakkað opinberlega í hvert sinn sem ágætlega tekst til með verkefni sem þeim eru falin. Þau eru fjölmörg eins og gefur að skilja og mörg hver mun viðameiri en þetta annars ágæta verkefni.*

*Að því komu mun fleiri en umræddir sveitarstjórnarmenn og ekki ástæða til að þakka okkur sérstaklega umfram það ágæta fólk.*

*Steindór Tómasson*

*Sveitarstjórn þakkar öllum þeim sem að verkefninu komu.*

15. Fulltrúar D-listans leggja fram eftirfarandi fyrirspurn á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. september 2012:

Fulltrúar D-listans fara fram á, að á fundinum verði gerð skriflega grein fyrir skiptingu starfa og skipuriti fyrir skrifstofu sveitarfélagsins eftir breytingar á þeiri skipan sem virðist hafa orðið á undanförnum vikum og í samræmi við nýbirtar auglýsingar eftir starfsfólki.

Skrifleg svör frá sveitarstjóra lögð fram á fundinum.

16. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2012 vegna lántoku hjá Lánasjóði.

Viðauki við fjárhagsáætlun vegna lántoku hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Breyting á sjóðsstreymi A-hluta:

Tekin ný langtímalán kr. 60.000.000 og lækkun skammtímalána kr. 60.000.000. Nettóáhrif á handbært fé eru engin.

Áhrif á rekstur A-hluta:

Gert er ráð fyrir að kostnaður við lántökuna, sem fellur til á árinu 2012, rúmist innan fjárhagsáætlunar ársins, þ.e. ekki er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu.

Áhrif á efnahagsreikning A-hluta:

Langtímaskuldur - Skuldir við lánastofnanir hækka um kr. 60.000.000.

Skammtímaskuldur - Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 60.000.000.

Framangreindar breytingar hafa í för með sér samsvarandi breytingar hjá samanteknum A og B hluta.

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun ársins 2012 borinn undir atkvæði.

4 eru samþykkir, 3 sitja hjá (IPG, KS, STK).

17. Lánssamningur nr. 1208\_28 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Rangárþings ytra.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 60.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar lánuini standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við fráveitu (20 millj), vatnsveitu (20 millj.) og endurbætur á grunnskólahúsnaði sveitarfélagsins (20 millj), sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Gunnsteini R. Ómarssyni kt. 110870-4939, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárþings ytra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku bessari.*

Lánssamningurinn borinn undir atkvæði.

4 eru samþykkir, 3 sitja hjá (IPG, KS, STK).

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

18. 456. fundur stjórnar SASS, símafundur, dags. 2. maí 2012.

19. 218. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 9. ágúst 2012.

20. 457. fundur stjórnar SASS, dags. 10. ágúst 2012.

21. 10. fundur skipulagsmálanefndar sambandsins, dags. 17. ágúst 2012.

22. 10. fundur stjórnar Suðurlandsvegar 1-3 ehf., dags. 23. ágúst 2012.

23. 219. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 28. ágúst 2012.

24. Minnispunktar frá fundi með hagsmunaaðilum hitaveitu á Baðsheiði, dags. 30. ágúst 2012.

Athugasemdir hafa borist frá Orkustofnun er varðar rekstur og nýtingu á heitu vatni í borholu á Baðsheiði. Land og vatnsréttindi auðlindar eru í eigu Stóra- og Litla-Klofa.

Skúli Thoroddsen, lögfræðingur Orkustofnunar, kynnti athugasemdirnar og fór yfir stöðuna á fundi með hagsmunaaðilum 31. ág. sl. Stofna þarf félag um reksturinn og vinna að málum sbr. lög um nýtingu auðlinda.

Ákveðið var að skipa undirbúnings vinnuhóp til að vinna að tillögum um stofnun félags og kanna með kostnað o.fl. þætti. Í framhaldi af þeiri vinnu verður boðað til fundar með öllum hagsmunaaðilum og landeigendum, þar sem tillögur verða kynntar og ræddar og ákveðið með næstu skref.

Til kynningar.

25. 140. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 30. ágúst 2012.

26. Minnispunktar frá fundi Rangárþings ytra með Vegagerð og Landsvirkjun, dags. 30. ágúst 2012.

Boðað var til fundar 30. ágúst s.l. að frumkvæði Rangárþings ytra vegna fyrirhugaðra framkvæmda Vegagerðarinnar við Landveg árið 2013. Einnig til að ræða þær áherslur sem forsvarsmenn Rangárþings ytra hafa lagt í viðræðum við forsvarsmenn Landsvirkjunar vegna aukinnar umferðar á Landveg með brú yfir Þjórsá og álags á Landvegi vegna þungaflutninga og vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í sveitarfélagit.

Fram kom að Vegagerðin mun leggja 160 m.kr. til framkvæmda við Landveg á árinu 2013. Framkvæmdin mun hefjast við slitlagsenda nærri Galtalæk og mun sá hluti, sem bættur verður, bundinn slitlagi það ár.

Landsvirkjun er með til skoðunar að byggja upp Landveg frá stíflu við Ísakot að slitlaginu við Sprengisandsleið með hagsmuni Landsvirkjunar á svæðinu að leiðarljósi. Forsenda þess að af þessum framkvæmdum verði er sú að Hvammsvirkjun verði staðfest í nýtingarflokki á Alþingi.

Áherslur Rangárþings ytra í þessum málum eru að þegar verði hafist handa á undirbúnungi er varðar að leggja varanlegt slitlag frá slitlagsenda fyrir ofan Galtalæk og með tengingu við slitlag á hálandinu. Vegurinn hefur verið nýttur til þungaflutninga með aðföng vegna framkvæmda m.a. við Búðarhálsvirkjun og við þá flutninga hefur vegurinn versnað til muna og er það krafa sveitarfélagsins að fyrir það verði bætt. Ekki er sanngjarnat að tengja orðinn hlut við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í neðri Þjórsá sem ekki eru fastar í hendi.

*Sveitarstjóra og oddvita er falið að halda áfram viðræðum/samningaumleitunum við Landsvirkjun auk þess að ræða við oddvita Ásahrepps um hugsanlega aðkomu að vegbótum í tengslum við nýtingu vegarins vegna virkjana á Holtamannafrétti í gegnum tíðina.*

27. 143. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 31. ágúst 2012.

#### Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefnir:

28. Fornleifavernd ríkisins; Stekkjartún í landi Marteinstungu, Rangárþingi ytra – DSKL, dags. 31. júlí 2012.

29. Fornleifavernd ríkisins; Efra-Sel, Rangárþingi ytra – DSKL, dags. 31. júlí 2012.

30. Fjármálaráðuneytið; Óskað eftir tilnefningu til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, dags. 16. ágúst 2012.

31. Velferðarvakin; Hvatning við upphaf nýs skólaárs, dags. 22. ágúst 2012.

32. Innanríksráðuneytið; Beiðni um frest á skilum skv. 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012, dags. 21. ágúst 2012.

Í bréfinu kemur fram að samþykkt er að veita Rangárþingi ytra frest til að skila inn áætlun til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) til 15. nóvember n.k.

33. Áskorun hagsmunaaðila um bætta vegagerð í Landsveit, dags. 21. ágúst 2012.

34. Umhverfisráðuneytið; Afrit af bréfi til byggingar- og skipulagsfulltrúa – Höfnun beiðni um undanþágu, dags. 28. ágúst 2012.

35. Vegagerðin; Afrit af bréfi – Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Heiðarvegar (nr. 2748) af vegaskrá, dags. 29. ágúst 2012.

36. Vegagerðin; Afrit af bréfi – Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Bjálmholtsvagar af vegaskrá, dags. 29. ágúst 2012.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 16:15.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**35. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu,  
fimmtudaginn 11. október 2012, kl. 15:00**

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig situr fundinn Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

Fulltrúar D-lista leggja fram eftirfarandi bókun á 35. fundi hreppsnefndar 11. október 2012 vegna „Bókunar Á-lista“ í upphafi 34. fundar hreppsnefndar 6. september 2012:

Fulltrúum Á-listans er bent á að ekki er hægt að fela embættismönnum eða kjörnum fulltrúum verkefni með bókunum. Til þess að slikt hafi gildi þarf að leggja fram tillögu og afgreiða með þeim hætti sem mælt er fyrir um í sveitarstjórnarlögum.

Vegna orða í bókuninni um mætingu fulltrúa af D-listanum skal það áréttáð að á þessum fundi voru brýnar persónulegar ástæður fyrir forföllum fulltrúa D-listans. Oddvita og sveitarstjóra var skýrt frá þessu með eðlilegum fyrirvara. Oddviti hefur haft um það orð að forföll fulltrúa D-listans hafi verið tildeiri en fulltrúa Á-listans. Vegna þessa má benda á að fundir eru nokkuð oft færðir til fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið sem getur komið fulltrúum í opna skjöldu og gert þeim óhægt um vik að sækja fundi enda eru flestir búinir að raða verkefnum sinum fram í tímum.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Þorgils Torfi Jónsson. Anna María Kristjánsdóttir.

### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. Fjallskilaneftnd Holtamannafréttar dags. 28. sept. 2012.

*Sveitarstjórn óskar eftir sundurlíðaðri áætlun um kostnað vegna leitanna .*

*Afgreiðslu fundargerðar er frestað.*

### Skipulagsmál og tengd erindi:

2. 53. fundur í skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 25. sept. 2012.

Lunansholt 2

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Húsagarður 2

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Haukadalur

Magnús Hafsteinsson og Hafsteinn Hugi Hafsteinsson óska eftir að stofna um 1,2 ha lóð, Haukadal 2 úr landi Haukadals (164500).

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Haukadalur

Ný landspilda úr landi Haukadals, um 7 ha stofnuð út úr landi Haukadals (164500) Magnús Hafsteinsson og Hafsteinn Hugi Hafsteinsson óska landskipta.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

343-2012 Minni-Vellir Landsveit

Verkfræðistofa Suðurlands, leggur fram f.h. landeigenda Sólveigar Kristinsdóttur, drög að deiliskipulagi 10 ha landspildu, úr landi Minni-Vella, landnr. 220262. Gert er ráð fyrir byggingu sumarhúss auk gesthúss.

Um er að ræða fjórða frístundahús á Minni-Völlum. Skipulagsnefnd mælir með að breyta aðalskipulagi Rangárþings ytra í samræmi við 2. mgr. 36 gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og að heimila gerð deiliskipulags á landspildunni.

*Sveitastjórn Rangárþings ytra samþykkir að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 í samræmi við 2. mgr. 36 gr. Skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin er fólgin í breytri landnotkun í landi Minni-Valla, úr landbúnaðarsvæði í frístundasvæði, á allt að 5 ha svæði. Sveitastjórn heimilar gerð deiliskipulagsins samhliða vinnu við breytingu á aðalskipulaginu.*

#### 344 – 2012 Gaddstaðir, Rangárvöllum

Ólafur Nilsson óskar eftir að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagi, frá 21. nóv. 2008. Steinsholt sf. vann breytinguna. Breytingin felur í sér nýjan aðkomuveg að lóðum 10a og 10b og að lóðum 9a-9c. Þá breytast lóðamörk lóða 7, 8b, 9a og 10a lítillega sem og lóðarstærðir.

Skipulagsnefnd bendir á að setja þurfi kvöð um aðkomuveg að lóðum á skipulags-svæðinu. Nefndin mælir með að breyta deiliskipulagi fyrir Gaddstaði í samræmi við 2. mgr. 43 gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

*Sveitastjórn samþykkir breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 2 mgr. 43. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010. Sveitastjórn felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna breytinguna.*

#### 345 – 2012 Krókur – Rangárvallafrétti

Grettir Rúnarsson f.h.Króksmann ehf. leggur fram lýsingu að deiliskipulagi og er lýsingin unnin er af Steinsholti sf. Gert er ráð fyrir að byggja upp ferðapjónustu. Á staðnum er gamalt hesthús, sem hefur verið breytt í gistskála.

- Byggð verða tvö samstæð gistihús, hvort um sig allt að 60m<sup>2</sup>
- Gerð verða tjaldstæði og þjónustuhús í tengslum við það.
- Gert er ráð fyrir að endurbyggja gamla skálann í upprunalegri mynd.

Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu vegna ferðapjónustu í Krók á Rangárvallafrétti.

Óskað er heimildar til að hefja skipulagsmeðferð.

Skipulagsnefnd bendir á að kynna þarf fyrirhugaða framkvæmd fyrir forsætisráðneyti þar sem hún er innan þjóðlendu.

*Sveitastjórn tekur jákvætt í erindið en bendir á að umsækjandi þarf að afla umsagnar landeiganda, í þessu tilfelli forsætisráðuneyti, og eftir atvikum fleiri aðila. Sveitastjórn frestar því frekari umfjöllun málsins.*

#### 346 – 2012 Gilsbakki - Rangárvöllum

Erla Möller leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Gilsbakka (164512), sem unnin er af Steinsholti sf. Um er að ræða rúmlega 100 ha jörð á Rangárvöllum. Tillagan tekur til byggingar íbúðarhúss, útihúsa/skemmu, bílskúrs og geymslu ásamt stækku á núverandi frístundahúsi. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Óskað er eftir að tillagan verði tekin til skipulagsmeðferðar.

Skipulagsnefnd telur að þar sem allar meginforsendur skipulagstillögunnar séu í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sé ekki þörf á lýsingu vegna deiliskipulagstillögunnar. Nefndin mælir með að tillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

*Sveitastjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulag í samræmi við bókun skipulagsnefndar.*

#### 347 - Jónskot – Koti Rangárvöllum

Ólafur Sigurðsson leggur fram tillögu að deiliskipulagi frístundahúsa, sem unnin er af Steinsholti sf. Um er að ræða um 1 ha eignarlóð (164714) úr landi Kots á Rangárvöllum. Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka núverandi frístundahús, byggja gestahús í stað geymslu sem verður rifin og byggja nýja geymslu. Byggðin er á skilgreinda vatnsverndarsvæði, í verndarflokki III og því er gert ráð fyrir frágangi frárennslismála í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Óskað er eftir að tillagan verði tekin til skipulagsmeðferðar.

*Sveitastjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulag í samræmi við 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

#### 348 – 2012 Strönd Rangárvöllum

Sorpstöð Rangárvallasýslu óskar heimildar til að vinna deiliskipulag fyrir sorpförgunarsvæðið. Lögð er fram lýsing en framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra. Förgunarsvæðið er um 30 ha að stærð og skv. starfsleyfi er heimilt að urða sláturúrgang, heimilissorp, byggingaúrgang og annan óvirkan úrgang.

Skipulagsnefnd telur að þar sem allar meginforsendur skipulagstillögunnar séu í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sé ekki þörf á að kynna lýsingu vegna deiliskipulagstillögunnar. Nefndin mælir með að heimilað verði að hefja vinnu við gerð deiliskipulags.

*Sveitastjórn samþykkir bókun Skipulagsnefndar og heimilar Sorpstöð Rangárvallasýslu að hefja vinnu við gerð deiliskipulags.*

### 349 – 2012 Ægissíða

Guðjón Þórisson óskar eftir heimild til byggingar veiðihúss í landi Ægissíðu 4. Óskað er eftir afstöðu skipulagsnefndar til málsins, en hann hafði verið í sambandi við embættið um að fá að byggja í samræmi við 1. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum 123/2010, þar sem veitt er undanþága frá gerð deiliskipulags fyrir stakar byggingar.

Skipulagsnefnd telur að hér sem um byggingar að ræða sem fá þurfí undanþágu varðandi fjarlægð frá vegin og fjarlægð frá Rangá. Því er mælst til þess að skipulagstillaga fari í skipulagsmeðferð í samræmi við 40. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

*Sveitastjórn heimilar umsækjanda gerð skipulags í samræmi við bókun skipulagsnefndar.*

### 350 – 2012 Lunanholt I Holtum

Gunnar Þór Jónsson óskar eftir að framlögð deiliskipulagstillaga verði tekin til skipulagsmeðferðar. Tillagan tekur til 0,5 ha spildu þar sem gert er ráð fyrir byggingu sumarhúss, geymslu og gestahúss í landi Lunanholtss 1. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra, sem gerir ráð fyrir að heimilt sé að byggja allt að þrjú frístundahús á jörðum sem eru 50 ha eða stærri.

Skipulagsnefnd telur að allar meginforsendur skipulagsins séu í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og því er ekki þörf á lýsingu. Nefndin mælir með að tillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

*Sveitastjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulag í samræmi við bókun skipulagsnefndar.*

### 351 – 2012 Árhús - Hellu

Eigendur Árhúsa óska heimildar til að breyta deiliskipulagi Árhúsa á Hellu, dags. í feb. 2012. Um er að ræða að byggja um 20 herbergja hótel í stað um 7-8 smáhýsa sem nú er gert ráð fyrir. Í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er lóðin skilgreind sem verslunar- og þjónustulóð.

Skipulagsnefnd telur að allar meginforsendur vegna breytingar deiliskipulags séu í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010- 2022.

*Sveitarstjórn samþykkir að um minniháttar breytingu á deiliskipulagi sé að ræða skv. 2. mgr. 43. gr. Skipulagslag nr. 123/2010.*

Hella, Rangárþingi ytra, breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, miðbær, Dynskálar og Rangárbakkar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Deiliskipulag Dynskála á Hellu, athafna- og iðnaðarsvæði, Rangárþingi ytra

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Deiliskipulag miðbæjarsvæðis á Hellu, Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Deiliskipulag fyrir Rangárbakka á Hellu, Rangárþingi ytra.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

325-2012 Sörlatunga, Rangárþingi ytra, deiliskipulag lögbýlis.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

322-2012 Litli Klofi 6, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 12,4 ha landspildu á frístundasvæði.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

323-2012 Stekkjartún við Marteinstungu, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundahúsalóðar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

327-2012 Efra-Sel, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 4 frístundalóða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

332-2012 Galtalækur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag landspildu fyrir fiskeldi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

328-2012 Lækur, Rangárþingi ytra, breyting á gildandi deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.

Fundargerðin í heild sinni borin upp til staðfestingar.

*Fjórir staðfesta fundargerðina, þrír sitja hjá (GIG, PGT, AMK).*

3. Landsvirkjun; Rannsóknir á veðurfarslegum þáttum – umsókn um stöðuleyfi fyrir vindmælistöðvar í Rangárþingi ytra, dags. 25. sept. 2012.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs skv. umsókninni enda verði engin ummerki sjáanleg vegna mælinganna að leyfistíma loknum.*

**Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

4. Sigríður H. Heiðmundsdóttir og Sjófn Guðmundsdóttir; Refaveiðar í Rangárþingi ytra, dags. 1. okt. 2012.

Bréfritrar, lýsa yfir áhyggjum sínum að veiðimenn halda að sér höndum vegna veiða á ref þar sem óljóst sé með greiðsluháttöku sveitarfélagsins vegna veiðanna.

*Bíðstaða er á gerð samninga við veiðimenn vegna fyrirspurnar sem send var Umhverfisráðuneytinu 29. mars. s.l. er varðar greiðsluháttöku ríkisins til refaveiða en ríkið hefur hætt allri þáttöku í greiðslum vegna refaveiða einhliða.*

Á 27. fundi sveitarstjórnar var eftirfarandi bókað: Sveitarstjóra og oddvita er falið að kanna lagaákvæði og reglugerð með tilliti til þess að um breytingar er að ræða af hálfu ráðuneytis, hvað varðar minni fjárframlög til málaflokksins á fjárlögum en þegar reglugerðin var unnin 1995. Í þessari skoðun verði kannað hvort hægt er að skylda sveitarfélagið til að fara eftir lagaákvæðum reglugerðar frá 31. júlí 1995 í einu og öllu, þar sem aðkoma ráðuneytis er minni en þegar reglugerðin var samþykkt og óvissa er um greiðslu háttöku ráðuneytisins á hverju ári.

*Pann 29. mars 2012 sendi oddviti bréf til umhverfisráðuneytisins og óskaði eftir leiðbeiningum með hvaða hætti væri hægt að standa að greiðslum fyrir unnin ref og mink í ljósi breytinga af hálfu ríkisins er varðar greiðsluháttöku í verefninu. Ítrekun var send 22. maí sl. og einnig 2. okt. s.l. og svar hefur ekki borist enn frá ráðuneytinu.*

*Sveitarstjórn er fullljóst að nauðsynlegt er að halda refaveiðum áfram og koma í veg fyrir fjölgun á ref og dýrbítar eru alvarlegt mál á búsmala bænda. Málið er alvarlegt, þolir ekki bið og fundin verður lausn á því hið allra fyrsta.*

5. Mótus; Samningur um innheimtuþjónustu.

*Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.*

6. Skógræktarfélag Rangæinga; Samstarfssamningur um skógræktarsvæði í Rangárþingi ytra.

Sveitarstjórn fagnar samningnum og væntir mikils af samstarfinu við Skógræktarfélagið.

*Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.*

7. Umboð til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna gerðar kjarasamninga.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra gefur hér með Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð sitt til að gera kjarasamninga fyrir sina hönd. Umboð þetta gildir fyrir alla kjarasamninga sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir hönd sveitarfélaga við stéttarfélög á landsvísu og staðbundin félög á suðurlandi.*

*Umboð betta tekur gildi nú þegar og nær yfir núgildandi kjarasamninga á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

**8. Ráðningarsamningur sviðsstjóra Umhverfis-, eigna- og tæknisviðs.**

Lagður fram ráðningarsamningur við Harald Birgi Haraldsson, kt.030465-4319, sem sviðsstjóri umhverfis-, eigna- og tæknisviðs Rangárþings ytra. Starfið felur m.a. í sér umsjón með skipulags- og byggingarmálum. Samningurinn tók gildi 1. okt. 2012.

*Ráðningarsamningurinn var staðfestur í tölvupósti af meirihluta sveitarstjórnar fyrir 1. okt. 2012. Þrír sátu hjá (GIG, PTJ og AMK).*

Bókun fulltrúa D-lista á 35. hreppsnefnarfundi 11. október 2012 vegna afgreiðslu á ráðningarsamningi forstöðumanns Umhverfis-, og eigna- og tæknisviðs:

Fulltrúar D-lista telja að ráðningarsamningur sem lagður er fram vegna ráðningar forstöðumanns Umhverfis-, eigna- og tæknisviðs, sé í ýmsum atriðum óljós og að launafjárhæð sé allrifleg miðað við að um dagvinnu sé að ræða og það sem almennt gerist og greitt er fyrir sambærileg störf. Óljóst orðlag er um vinnutíma, mögulega yfirvinnu og um akstursgreiðslur. Ekki liggur fyrir að umsækjandi hafi nauðsynleg réttindi til þess að gegna starfi skipulags- og byggingafulltrúa.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Þorgils Torfi Jónsson. Anna María Kristjánsdóttir.

*Sveitarstjórn býður Birgi velkominn til starfa.*

**9. Skipun í nefndir.**

*Sveitarstjórn samþykkir að skipað verði í 3 manna skipulagsnefnd. Skipulagsnefnd Rangárþings ytra tekur þá við hlutverki sameiginlegrar skipulagsnefndar er varðar Rangárþing ytra, sem starfaði til 1. okt. s.l.*

*Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið fullnaðaraðgreiðsla erinda á sviði byggingarmála sem eru í samræmi við viðeigandi skipulag. Ef vafni leikur á hvort umsókn samræmist skipulagi tiltekins svæðis þá verður erindið lagt fyrir skipulagsnefnd. Mánaðarlega verða afgreiðslur byggingarfulltrúa teknar saman og kynntar fulltrúum skipulagsnefndar.*

*Skipan í skipulagsnefnd Rangárþings ytra: Guðfinna Þorvaldsdóttir, formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, varaformaður og Þorgils Torfi Jónsson. Til vara: Valmundur Gíslason, Steindór Tómasson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

**10. Tilnefning fullrúa á SASS þing og nefndir tengdar SASS.**

Ársþing SASS veður haldið fimmtudaginn 18. október og föstudaginn 19. október n.k. á Hellu

Aðalfulltrúar sveitarfélagsins á þingið eru: Guðfinna Þorvaldsdóttir oddviti, Steindór Tómasson varaformaður hreppsráðs, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson. Varamenn: Magnús H. Jóhannsson varaoddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir formaður hreppsráðs, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar P. Guðbjörnsson.

Jafnframt mun Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri Rangárþings ytra sitja þingið.

**11. Lóðir og lendur.**

*Lagður er fram eignalisti að lóðum og lendum í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra er falið að setja eignirnar í söluferli hjá fasteignasala. Eignalistinn skal einnig aðgengilegur á heimasiðu sveitarfélagsins.*

**Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

12. 309. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, dags. 5. sept. 2012.

13. 310. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, dags. 10. sept. 2012.

14. Fundur í stjórn Byggingar- og skipulagsembætti Rangárþings, dags. 10. sept. 2012.

15. 8. fundur stýrihóps um stefnumörkun á Fjallabakssvæðinu – rammaáætlun norðan Mýrdalsjökuls, dags. 11. sept. 2012.

16. 8. fundur stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi, dags. 14. sept. 2012.

17. 144. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 20. sept. 2012.

*Fram kemur að búið er að semja tímabundið við Sorpu vegna móttöku á sláturúrgangi, þar sem leyfður kvóti til urðunar sláturúrgangs á Strönd er búinn fyrir 2012.*

18. Fundur í stjórm Byggingar- og skipulagsembætti Rangárþings, dags. 21. sept. 2012.
19. 459. fundur stjórnar SASS, dags. 21. sept. 2012.
20. 9. fundur stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi, dags. 12. sept. 2012.
21. 220. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 21. sept. 2012.
22. 54. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu b.s., dags. 25. sept. 2012.

*Fram kemur að Kristín Ósk Ómarsdóttir félagsráðgjafi hefur verið ráðin í 40% stöðu vegna verkefna tengdum málefnum fatlaðra.*

*Sveitarstjórn býður Kristínu velkomna til starfa.*

23. 24. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, dags. 27 . sept. 2012.

*Fram kemur að búið er að stofna starfshóp til að setja samræmdar reglur varðandi félagslegar leiguibúðir, ferðapjónustu aldraðra og fatlaðra og heimsendingu matar hjá aðildarsveitarfélögnum.*
24. 55. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu b.s., dags. 3. okt. 2012.
25. Aðalfundur Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., dags. 3. okt. 2012.
26. Fundur forsvarsmanna Rangárhallar og framkvæmdastjóra sveitarfélaga í Rangárvallasýslu með fulltrúum Landsbanka vegna málefna Rangárhallar, dags. 5. okt. 2012.

Viðræður hafa staðið yfir á milli hagsmunaaðila um hugsanlegar leiðir til endurfjármögnunar á lánum Rangárhallarinnar.

Til kynningar.

#### **Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

27. SASS; Rekstur almenningssamgangna á Suðurlandi, dags. 17. sept. 2012.
28. EBÍ; Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2012, dags. 17. sept. 2012.

*Fram kemur að ekki sé ekki samþykkt að veita sveitarfélagini styrk á þessum vettvangi er varðar Fjölskyldugarð á Hellu.*
29. Veraldarvinir; Vantar ykkur duglega sjálfbóðaliða í verðug verkefni á árinu 2013, dags. 19. sept. 2012.

Fram kemur hjá samtökunum að í boði er vinna sjálfbóðaliða á árinu til sérstakra verkefna.

*Samþykkt er að birta erindið á heimasíðu sveitarfélagsins til kynningar ef aðilar sjá sér fari að nýta sér betta tækifæri.*
30. Rakel Nathalie Kristinsdóttir; Styrkbeiðni vegna landsliðsferðar, dags. 19. sept. 2012.

Rakel hefur verið valin fyrir Íslands hönd í hóp fárra þáttakenda til að keppa á Evrópumóti í hópfimleikum. Mótið er í Árhúsum í Danmörku 18. okt. n.k.

*Samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 50.000 skv. reglum sveitarfélagsins. Styrkur verður greiddur að fenginni staðfestingu á þátttöku viðkomandi í ferðinni, s.s. með framlagningu farseðla og kostnaðarrekninga.*
31. Fornleifarvernd ríkisins; Litli-Klofi, lóð 6, í Rangárþingi ytra – DSKL, dags. 19. sept. 2012.

Minjavörður gerir aths. við verkferlið, en búið var að steypa sökkul þegar hann bar að garði. Engar fornleifar fundust á staðnum.
32. Innanríksráðuneytið; Fyrirspurn um málstefnu sveitarfélaga skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga, dags. 21. sept. 2012.

*Formanni fræðslunefndar er falið að svara erindinu.*
33. Skipulagsstofnun; Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024, ósk um umsögn, dags. 24. sept. 2012.

*Sviðsstjóra umhverfis-, eigna- og tæknisviðs er falið að sjá um umsögn að tillögu um landskipulagsstefnu 2013-2014 og umhverfisskýrslu.*
34. LAND-Lögmenn; Verðbótakrafa vegna verksamnings um viðbætur við leikskólann Heklukot, dags. 26. sept. 2012.

*Sveitarstjóra er falið að leita til lögmanns vegna erindisins.*

35. Samband íslenskra sveitarfélaga; Umsögn til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um drög að frv. til laga um náttúruvernd, dags. 26. sept. 2012.
36. Nefndasvið Alþingis; 89. þingmál, vernd og orkunýting landsvæða (rammaáætlun) – umsagnarbeiðni, dags. 27. sept. 2012.
37. Skotfélagið Skyttur; Styrkbeiðni, dags. 1. okt. 2012.

Skotfélagið “Skyttur” óskar eftir styrk frá Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra og Ásahreppi til að standa straum af kostnaði við lagningu rafmagns að skotæfingasvæði þeirra á Geitasandi, samtals um kr. 850.000.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt i erindið fyrir sitt leyti, en vísar því til umfjöllunar í Héraðsnefnd Rangæinga, þar sem verkefnið hefur verið styrkt á sýsluvísu á undanförnum árum.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 15:46.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 36. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 11. október 2012, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig situr fundinn Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastaneftnda:

##### Skipulagsmál og tengd erindi:

1. 52. fundur í skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 13. sept. 2012.

Fundargerðin er til kynningar.

2. Græfnanefnd Grunnskólans á Hellu; Staðsetning á útikennslusvæði og ávaxtalundi við Grunnskólann á Hellu, dags. 3. okt. 2012.

*Sveitarstjórn pakkar bréfið og lýsir ánægju sinni með þá vinnu sem nemendur og kennrarar hafa lagt í vegna Græfnanaverkefnisins. Sveitarstjórn pakkar einnig fyrir móttökurnar þann 17. okt. s.l. þegar sveitarstjórn skoðaði aðstöðuna á útikennslusvæðinu.*

*Sveitarstjórn samþykkir að við framtíðarskipulag svæðisins, verði tekið tillit til þeirrar kennslustarfsemi sem þar fer fram. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir samstarfi við nemendur og kennara um þróun hugmyndar um fjölskyldugarð á þessu svæði.*

*Í ljósi sérþekkingar nemenda á Græfnanaverkefninu, óskar sveitarstjórn eftir ábendingum nemenda um hvernig hún geti stuðlað að breyttum áherslum í anda Græfnanaverkefnisins í starfsemi annarra stofnana sveitarfélagsins.*

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

3. Tillaga frá 7. fundi atvinnu- og menningarmálanefndar vegna upplýsingamiðstöðvar, vísað til sveitarstjórnar á 26. fundi hreppsráðs.

*Sveitarstjórn leggur til að komið verði upp lágmarksdaðstöðu í Miðjunni (Suðurlandsvegi 1-3) á Hellu til upplýsingagjafar um þjónustu, gistingu, og afþreyingu á svæðinu. Leitað verði samstarfs við rekstraraðila í sveitarféluginu um þátttöku í verkefninu. Spurning um að fela sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs sveitarfélagsins að fara í málið?*

4. Skipan í vinnuhóp vegna 17. júní hátiðarhalda, skv. 1. tl. 26. fundar hreppsráðs.

*Sveitarstjórn samþykkir að leita til Heklu Handverkshúss um að gera samning til næstu 3ja ára til að efla menningartengda starfsemi sem þar er unnin og að sjá um 17. júní hátiðahöld.*

5. KFR; Beiðni um gerð þjónustusamnings vegna útbreiðslu knattspyrnu í íþróttá- og skólastarfi.

*Lögð fram drög að samningi frá KFR um útbreiðslu knattspyrnu í íþróttá- og skólastarfi.*

*Sveitarstjórn vísar samningsdrögunum til íþróttá- og tómstundanefndar til umsagnar. Umsögn liggi fyrir á næsta fundi hreppsráðs. Varafomanni hreppsráðs falið að funda með formanni íþróttá- og tómstundanefndar um málið.*

6. Stjórn Lundar; Samþykki sveitarstjórn Rangárþings ytra og Ásahrepps að byrja á framkvæmdum við heilabilunardeild á Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lund. Sveitarfélagið mun koma að fjármögnun á sínum hlut til móts við Ásahrepp sem nemur 15% af byggingarkostnaði sbr. 32. grein í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

*Óskað er eftir því að hluti framlagsins verði í formi vinnu starfsmanna sveitarfélagsins t.d. við stjórnun og eftirlit á byggingartíma.*

7. Tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttamiðstöð.

Fyrir fundinum liggar tillaga að gjaldskrá, frá forstöðumannni íþróttamiðstöðvar, fyrir íþróttamiðstöð Rangárþings ytra starfsárið 2013.

*Gjaldskrártillagan verður tekin til afgreiðslu við lokafrágang fjárhagsáætlunar ásamt öðrum gjaldskrám.*

8. Álagningarhlutfall útsvars árið 2013, skv. 24. gr. l. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

*Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2013 verði óbreytt frá fyrra ári, þ.e. 14,48%.*

9. Fjárhagsáætlun 2013-2016, fyrri umræða.

Fyrir fundinum liggar tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2013-2016. Tillöggunni fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á og lýsing framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

*Fjárhagsáætlun 2013-2016 vísað til áframhaldandi vinnu í samræmi við umræður á fundinum.*

*Fjárhagsáætlun verður tekin til síðari umræðu á fundi sveitarstjórnar 6. desember n.k.*

**Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

10. 221. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 1. okt. 2012.

11. 460. fundur stjórnar SASS, dags. 17. okt. 2012.

12. Stjórnarfundur í Húsakynnum bs., dags. 23. okt. 2012.

*Sveitarstjórn áréttar fyrri bókanir um að auglýsa til sölu sem mest af húseignum samlagsins með það að markmiði að fækka fasteignum i eigu þess og draga sem mest úr umsvifum Húsakynna bs. á leigumarkaði.*

13. Fundur hjá rekstrarstjórn stofnana á Laugalandi, dags. 24. okt. 2012.

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

14. Velferðarráðuneytið; Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs, skv. tölvupósti dags. 2. okt. 2012.

*Sveitarstjóra í samvinnu við forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins falið að svara bréfritara f.h.  
Rangárþings ytra.*

15. Mennta- og menningarmálaráðuneytið; Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember 2012, dags. 11. okt. 2012.

*Sveitarstjórn hvetur stofnanir sínar og aðra áhugasama að draga íslenska fánann að hún þann 16. nóvember næstkomandi á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar.*

16. Samkomulag um framkvæmdaleyfi við Búðarhálsvirkjun, dags. 18. okt. 2012.

*Samkomulagið staðfest.*

17. SÁÁ; Betra líf! – mannúð og réttlæti, mótt. 18. okt. 2012.

*Sveitarstjórn styður tillögurnar sem fram koma í erindinu og mun vekja athygli á undirskrifalistunum á heimasíðu sveitarfélagsins ry.is ásamt því að láta undirskrifalista átaksins liggja frammi í afgreiðslu Rangárþings ytra og íþróttamiðstöðvum sveitarfélagsins.*

18. Vegagerðin; Afrit – Tilkynning um niðurfellingu Bjálmholtsgarðar af vegaskrá, dags. 23. okt. 2012.

19. Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings b.s.; Aðalfundarboð, 6. nóv. 2012 kl. 10:00 að Ásvelli 1 á Hvolsvelli.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 1x:xx.



## Fundargerð

### 37. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, 2010-2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, mánudaginn 12. nóvember 2012, kl. 20:00

Mætt eru Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjáns dóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Að auki situr fundinn Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri.

Sveitarstjóri og oddviti gera grein fyrir helstu málum sem þau hafa unnið að:  
Sveitarstjóri kvaðst ekki taka til máls en þá lagði oddviti fram tillögu um að áheyrendur fengu frekar að taka til máls í sinn stað. Nokkrir gestir fundarins óskuðu eftir að fá að taka til máls.

ÞTJ gerði aths. og gerði kröfу um að gengið yrði til fundarstarfa skv. dagskrá.

Oddviti setti fundinn formlega og stjórnaði honum.

Oddviti bar upp tillögu fyrir hreppsnefndina um að ákveðnir áheyrendur í fundarsal fengju að taka til máls.

Tillagan borin upp til atkvæða:

Þrír samþykktu tillöguna og fjórir greiddu atkvæði á móti (GIG, MÝS, ÞTJ, AMK).

Tillagan felld.

Gengið til dagskrá:

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson lagði fram eftirfarandi dagskráttillögu: Lagt er til að 6. liður dagskrár fundarins verði færður fram fyrir og tekinn fyrir fyrstur ásamt undirliðum og að skýrslum oddvita og sveitarstjóra verði frestað til næsta fundar hreppsnefndar.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GB, MHJ, ST).*

#### Erindi til afgreiðslu:

##### 6.1 Kynning á meirihlutasamstarfi í hreppsnefnd Rangárþings ytra:

###### Yfirlýsing um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn Rangárþings ytra

Magrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, sveitarstjórnarfulltrúi og fulltrúar D-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra hafa náð samkomulagi um nýtt meirihlutasamstarf. Þetta nýja meirihlutasamstarf mun setja hagsmuni íbúa í fyrsta sæti og haga störfum sínum alfarið með velferð þeirra í huga.

Í meirihlutasamstarfinu verður lögð áhersla á fjölskylduna sem grundvallareiningu í samfélagini og að hlúa þurfi að öllum aldurshópum. Nýr meirihluti mun leggja áherslu á að vinna í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og sérstök áhersla verður á gott upplýsingaflæði og að íbúar hafi greiðan aðgang að fullrúum sveitarstjórnarinnar.

Nýr meirihluti mun vinna að eflingu íþróttar- og tómstundastarf. Lögð verður áhersla á málefni eldri borgara, m.a. með áframhaldandi uppbyggingu hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar og uppbyggingu á þjónustuþbúum fyrir aldraða. Lögð verður áhersla á að rekstur sveitarstjóðs verði með eðlilegum afgangi á hverju ári og að skuldastaða lækki og verði komin niður fyrir viðmiðunarmörk á fáum árum. Forvarnarmál, fræðslumál, umhverfismál og efling atvinnulífs verða m.a. áhersluþættir í málefnnaskrá meirihlutans. Unnið verður að gerð siðareglна fyrir sveitarstjórnarfulltrúa. Ítarlegri málefnnaskrá verður kynnt á næstu vikum.

Formleg meirihlutaskipti munu taka gildi á fundi sveitarstjórnar á næstu dögum þar sem nýr oddviti verður kjörinn, nýtt hreppsráð skipað og gengið frá ráðningu sveitarstjóra.

Lögð verður áhersla á að meirihlutaskiptin hafi sem minnsta og helst enga truflun fyrir starfsfólk sveitarfélagsins og samfélagið almennt.

Hellu, 7. nóvember 2012,

Magrét Ýrr Sigurgeirs dóttir  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Þorgils Torfi Jónsson  
Anna María Kristjánsdóttir

*Til kynningar.*

Oddviti ítrekaði að sveitarstjórn gæfi fundarmönum tækifæri á að koma með spurningar eða taka til málს þar sem um óvenjulegt mál væri að ræða sem væri ekki hefðbundin skipting á embættum eftir niðurstöðu kosninga.

ÞTJ ítrekaði fyri athugasemd sína.

GIG ítrekaði að fundurinn hefði ekki verið auglýstur sem opinn íbúafundur og því hefðu íbúar almennt ekki gert ráð fyrir því að taka virkan þátt í fundinum. GIG benti á að opinn íbúafundur yrði haldinn fljótega og þar myndi íbúum gefast tækifæri á jafnræðisgrundvelli til þess að beina orðum, tillögum og ábendingum til sveitarstjórnarinnar.

Oddviti ítrekaði óánægju sína með þetta og sagði að það hefði verið viðhaft á fundum sveitarstjórnar hingað til og einn gestur fundarins staðfesti það. Oddviti áréttáði enn tillögu um að ákveðnir áheyrendur fengju að flytja ávörp og var því aftur andmælt af fulltrúum D-lista.

#### Bókun við yfirlýsingum um nýjan meirihluta:

Fulltrúar Á-listans mótmæla harðelega myndun nýs meirihluta, þótt lögleg sé. Íbúar sveitarfélagsins kusu Á-listann til að stjórna sveitarféluginu og ætti samkvæmt því að fara með meirihluta í sveitarstjórn þetta kjörtímbil. Á-listinn hefur stuðlað að mörgum góðum verkefnum og í langflestum tilfellum, í fullri sátt við minnihluta sveitarstjórnar. Það er því undarlegt að minnihluti D-lista og Margrét Ýrr frá Á-lista skuli fara í þessa vegferð með tilheyrandi kostnaðarauka og upplausn. Engar haldbærar útskyringar hafa verið gefnar fyrir stofnun nýs meirihluta og er fulltrúum Á-lista fullkomlega óljóst hverjar þær eru.

**Guðfinna Þorvaldsdóttir**  
**Magnús H. Jóhannsson**  
**Steindór Tómasson**

#### 6.2 Kosning oddvita og varaoddvita:

Lögð fram tillaga um:

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sem oddvita,  
Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir sem varaoddvita

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GP, MHJ, ST)*

#### 6.3 Kosning hreppsráðs til júní 2013:

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Frá meirihluta verði aðalfulltrúar: Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir og Anna María Kristjánsdóttir. Til vara: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Frá minnihluta verði aðalfulltrúi: Guðfinna Þorvaldsdóttir. Til vara: Magnús H. Jóhannsson.

Formaður hreppsráðs: Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir.

Varaformaður hreppsráðs: Anna María Kristjánsdóttir.

Fulltrúar Á-lista gera aths. við varamann Margrétar Ýrr Sigurgeirs dóttur í hreppsráð, sem kemur frá D-lista og telja að ætti frekar að vera af Á-lista og gera einnig aths. við að varamenn í hreppsráði komi ekki úr röðum

aðalmannna sveitarstjórnar. Óskað var eftir því að kannað yrði hvort að varamenn sveitarstjórnar gætu verið varamenn í hreppsráði. En það kom fram að ljóst er að varamaður Margrétar Ýrr í sveitarstjórn er úr röðum varamanna Á-lista í sveitarstjórn

*Kosning hreppsráðs samþykkt með fórum atkvæðum, þrír á móti (GP, MHJ, ST.)*

#### **6.4 Tilihögun framkvæmdastjórnar sveitarfélagsins:**

- a. Lagt er til að Gunnsteini R. Ómarssyni verði sagt upp störfum sveitarstjóra frá og með 13. nóvember 2012. Uppsagnarfrestur verði í samræmi við ákvæði í ráðningarsamningi Gunnsteins og telji frá og með 1. desember 2012. Ekki er óskað eftir vinnuframlagi frá Gunnsteini frá og með 13. nóvember 2012. Oddvita er falið að ganga frá starfslokum Gunnsteins. Gunnsteini eru þökkuð störf i þágu Rangárþings ytra.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GP, MHJ, ST.)*

Einn fundargesta kvaddi sér hljóðs og mótmælir uppsögn Gunnsteins og óskar eftir skýringum á ástæðu hennar.

#### **Bókun um uppsögn sveitarstjóra:**

Fulltrúar Á-lista benda á að öll sveitarstjórn, bæði meiri- og minnihluti, stóðu að ráðningu Gunnsteins R. Ómarssonar og samþykktu ráðningarsamning hans samhljóða. Hér er verið að segja upp starfsmanni sem ráðinn var á faglegum forsendum – ópolítískt. Sveitarstjórn var sammála um að ráða til starfsins aðila með sérþekkingu á fjármálum vegna þeirrar stöðu sem sveitarfélagið var í þá og er enn. Gunnsteinn hefur bæði sinnt sveitarstjórárstarfi og unnið sem fjármálastjóri. Hann hefur unnnið mjög gott starf við endurreisn og heildarendurskipulagningu á fjárhag sveitarfélagsins við afar erfiðar aðstæður og endurunnið traust lánaðofnana. Það er því alvarleg staða fyrir sveitarfélagið að missa slíkan starfsmann af ástæðulausu.

**Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Steindór Tómasson**

- b. Lagt er til að Drífa Hjartardóttir verði ráðin sveitarstjóri frá og með 13. nóvember 2012. Oddvita og formanni hreppsráðs er falið að gera ráðningarsamning við Drífu og kynna hann fyrir sveitarstjórninni.

#### **Bókun Á-lista:**

Fulltrúar Á-listans mótmæla harðlega því vinnulagi sem er viðhafti við ráðningu nýs sveitarstjóra. Í ljósi þess er farið fram á að umfjöllun og ákvarðanatöku verði frestað til næsta sveitarstjórnarfundar. Jafnframt óskum við eftir því að starfið verði auglýst og staðið faglega að ráðningu sveitarstjóra.

**Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Steindór Tómasson**

Tillaga um frestun á þessum lið til næsta fundar hreppsnefndar.

Þrír greiða atkvæði með tillöggunni, fjórir á móti (GIG, PTJ, MÝS, AMK)

Tillaga um frestun felld.

*Ráðning Drífu samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GP, MHJ, ST).*

#### **1. Mál frá 36. fundi hreppsnefndar um KFR:**

*„Beiðni um gerð þjónustusamnings vegna útbreiðslu knattspyrnu í íþróttá- og skólastarfi. Lögð fram drög að samningi frá KFR um útbreiðslu knattspyrnu í íþróttá- og skólastarfi. Varasformanni hreppsráðs falið að funda með formanni íþróttá- og tómstundanefnar um málid. Umsögn liggi fyrir á næsta fundi hreppsráðs.“*

Tillaga Á-lista: „Rangárþing ytra geri sambærilegan samning við KFR og Rangárþings Eystra hefur nýlega gert. Hljóðar hann efnislega uppá krónur 2,1 milljón á ári og gildir til ársloka 2014. Samningurinn tekur til allra yngri flokka félagsins.

Greinargerð: Knattspyrnufélag Rangæinga er félag starfrækt á sýsluvísu og með sambærilega starfsemi á báðum þéttbýlisstöðunum í sýslunni. Mjög gott starf er unnið innan félagsins og er skemmtast að minnast þess að 4 stúlkur úr KFR eru nú í landsliðshópi U-17 ára auk tveggja uppaldra Rangæinga í A - landsliði.

Er það von sveitarstjórnar að samningur þessi verði til þess að styrkja enn frekar það góða samstarf sem verið hefur milli Rangárþings ytra og Knattspyrnufélags Rangæinga.“

*Visað er til afgreiðslu á umsókn KFR um nýjan samning við Rangárþing ytra frá 36. fundi hreppsnefndar og árétað að því ferli sem þar var ákvæðið verði lokið og að málið komi svo til hreppsráðs til ákvörðunar samhlíða afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Steindóri Tómassyni og formanni íþróttar- og tómstundanefndar var falið að vinna að þessu máli og er það hér með ítrekað.*

*Samþykkt samhljóða.*

## **2. Félagsmiðstöð:**

Tillaga Á-lista: „Félagsmiðstöð sem fyrir árið 2010 var hýst utan skólahúsnaðis verði opnuð hið fyrsta í öðru húsnæði og eigi síðar en um áramót 2012-2013. Verði félagsmiðstöð flutt í ibúðarhúsnæðið að Þrúðvangi 10.

EKKI mun af veita í rekstri Miðjunnar að koma fyrrum húsnæði „féló“ í almenna leigu sé þess nokkur kostur. Þar sem húsnæðið að Þrúðvangi 10 er í eigu sveitarfélagsins þar þurfi skjólstæðingar „féló“ - börnin, ekki að búa við þá óvissu að hugsanlega verði húsnæðið að Suðurlandsvegi 3 leigt út sem er að sjálfsögðu yfirlýst stefna.

Greinargerð: Frá haustdögum 2010 hefur félagsmiðstöð sveitarfélagsins verið starfrækt í Grunnskóla Hellu og var á þeim tíma einhugur um að kanna þá leið til prifu.

Á vordögum 2012 var sameiginlegur fundur með starfsmanna félagsmiðstöðvar með þeim sveitarstjórnafulltrúum sem þá sáu sér fært að mæta. Fram kom á þeim fundi að starfsmenn álitu það vænlegrí kost að hýsa „féló“ utan skóla enda um vinnustað barnanna að ræða. Einnig er í dag sú skoðun uppi meðal barna og forráðamanna peiðra.

Strax í vor var hafist handa við að skoða aðra möguleika og þá helst litið til þess húsnæðis sem áður hýsti félagsmiðstöð þ.e. í kjallara Suðurlandsvegar 3. Þar hefur þó orðið sú breyting á að Vínbúðin hefur opnað í Miðjunni og að mati Á lista ekki við hæfi að opna þar aftur séu aðrir kostir í stöðunni.

Á listi hefur unnið að farsælli lausn vegna félagsmiðstöðvar og telur að óverulegar breytingar þurfi að eiga sér stað að Þrúðvangi 10 og íbúðin þar að mörgu leyti heppilegri þar til slíkrar starfsemi en húsnæðið að Suðurlandsvegi 3 meðal annars með tilliti til eldvarna.

Forstöðumanni eigna og tæknisviðs falið að skoða húsnæðið ásamt fulltrúa foreldrafélags og nemendaráðs og leggja fram kostnaðaráætlun vegna hugsanlegra breytinga á húsnæðinu.“

*Afgreiðslu frestað þangað til umsagnir og áætlun framangreindra aðila liggja fyrir.*

**3. Fyrirkomulag og rekstur á frystihólfum og kartöflugeymslum sveitarfélagsins í Þykkvabæ skv. 11. dagskrárið 36. sveitarstjórnarfundar:** „...Þá er lagt til að leitað verði allra leiða við að breyta fyrirkomulagi rekstrar...“:

Tillaga Á-lista: „Stofnað verði rekstrarfélag um kartöflu- og frystigeymslurnar í Þykkvabænum sem nú eru í eigu sveitarfélagsins með því að markmiði að notendur þeirra fái að reka geymslurnar á sínum forsendum. Gerður verði samningur við félagið um reksturinn til tveggja ára og taki samningurinn enda í árslok 2014.. Féluginu verði að hentar geymslurnar endurgjaldslaust að þeim tíma loknum með þeim skilyrðum að það sjá alfaríð um rekstur þeirra og greiðslu allra gjalda sem húsnæðinu fylgja.

Greinargerð: Rekstur kartöflu- og frystigeymslnanna hefur verið erfiður undanfarið, en nokkrir íbúar og leigjendur hólfu hafa bent forsvarmönnum sveitarfélagsins á leiðir til endurskipulagningar á rekstrinum þannig að hann megi standa undir sér. Segja má að rekstur geymslnanna sé barn síns tíma og betur geti farið á því að reksturinn sé í höndum heimamanna í Þykkvabæ. Fulltrúar Á-listans telja að nauðsynlegt sé að hlusta á hugmyndir íbúar í þessu máli sem öðrum og leita leiða til að farsælli laust sem samræmist hagsmunum beggja þ.e. íbúar í Þykkvabæ og sveitarfélagsins.“

*Afgreiðslu frestað og tillöggunni visað til forstöðumanns umhverfis-, eigna- og tæknisviðs til umsagnar að viðhöfðu samráði við núverandi notendur hólfanna.*

**4. Íbúafundur:**

Tillaga Á-lista: „*Boðað verði til íbúafundar til að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um fjárhagsáætlun næsta árs og stöðu helstu mála.*“

*Samþykkt samhljóða.*

**5. Fréttabréf Rangárþings ytra:**

Tillaga Á-lista: „*Fréttabréf verði sent á öll heimili í sveitarfélagi um málefni sveitarfélagsins þar sem öll heimili hafa ekki aðgang að rafrænum samskiptum og einnig að fólk kann að meta að fá heim til sín upplýsingar um málefni sveitarfélagsins með þeim hætti. Á listinn kom með tillögu að fréttabréfi fyrr á árinu sem unnið var að í samstarfi við minnihluta. Fréttabréfið mæltist vel fyrir hjá íbúum og þykir okkur rétti tíminn nú að koma með annað í desember.*“

*Skipaður verði vinnuhópur sveitarstjórnar sem verði falið að undirbúa útgáfu fréttabréfs í desember 2012.*

*Samþykkt samhljóða að eftirtaldir skipi vinnuhópinn: Oddviti, formaður hreppsráðs, sveitarstjóri og Guðfinna Þorvaldsdóttir.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.00.



## Rangárþing ytra

38. fundur (aukafundur) hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, á Hellu, mánudaginn 26. nóvember 2012, kl. 16.00.

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Katrín Sigurðardóttir, varamáður Önnu Mariu Kristjánsdóttur, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 16.00 og stjórnaði honum.

Oddviti leggur fram tillögu að viðbót við boðaða dagskrá, þ.e. að liður nr. 15 bætist við sem er um ósk um hluthafafund í Suðurlandsvegi 1 - 3 ehf.

*Samþykkt.*

#### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 27. fundur 20. nóvember 2012.

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Bókun Á lista:

*Varðandi aðkomu hreppsráðs að frekari vinnu við fjárhagsáætlun verður ekki séð að hreppsráð hafi fram að þessu komið með tillögur umfram þær sem þegar eru komnar fram frá forstöðumönnum stofnana og undirbúnar af starfsfólki skrifstofu. Óljóst er hve margar fundi til viðbótar þarf til þess. Í því ljósi er lagt til að sveitarstjórn haldi sameiginlegan vinnufund líkt og áfórmáð var í byrjun nóvember og aðkoma allra í sveitarstjórn þannig tryggð í stað þess að þeim sé gefinn kostur á að sækja þá. Vegna orðalags um „haldi vinnufundi utan reglulegar fundarraðar“ er óljóst hvort þetta rúmast innan þeirrar vinnu sem hreppsráði er ætlað eða hvort greiða þarf sérstaklega fyrir þessa vinnu.*  
*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús Hrafn Jóhannsson, Steindór Tómasson.*

Bókun oddvita:

Gert er ráð fyrir að hreppsráð komi saman til 2ja - 3ja vinnufunda til viðbótar. Sveitarstjóri mun halda utan um mætingu hreppsráðsmanna og gera launafulltrúa grein fyrir þeim vegna mögulegra fundalauna skv. reglum þar um. Gera megi ráð sameiginlegum vinnufundi allra sveitarstjórnarfulltrúa þegar verður búið að vinna skjalið frekar.

#### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

2.1 222. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 13. nóvember 2012.

2.2 Aðalfundur Byggingar- og Skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs. dags. 6. nóvember 2012.

#### 3. Skipulagsmál:

3.1 Beiðni um umsögn vegna tillögu að greinargerð og uppdráttum um deiliskipulag á Strönd, erindi dags. 15. nóvember 2012.

*Hreppsnefndin gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu og uppdrætti.*

3.2 Endurauglýsing skipulagstillagna vegna miðbæjar Hellu, Rangárbakka og Dynskála. Birgir skipul.fulltrúi.

#### Aðalskipulag auglýsing

Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir að fela Skipulagsfulltrúa að endurauglýsa breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna formgalla á fyrri auglýsingu. Einnig skal samhlíða auglýsa deiliskipulög fyrir Miðbæ og Rangárbakka, þar sem þau deiliskipulög taka mið af tilgreindri breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

#### Deiliskipulag Miðbær

Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir deiliskipulag fyrir Miðbæ Hellu og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa það.



### Deiliskipulag Rangárbakkar

Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir deiliskipulag fyrir Rangárbakka og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa það.

### Deiliskipulag Dynskálar

Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir breytingar á deiliskipulagi fyrir Dynskála og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda þegar breytingin á aðalskipulagi hefur tekið gildi.

- 4 Ráðningarsamningur sveitarstjóra.

*Ráðningarsamningurinn staðfestur með 4 atkvæðum þrír sitja hjá GB, MJ, ST.*

*Bókun Á lista: fulltrúar Álista ítreka fyrri bókanir er varðar ráðningarfærli sveitarstjóra samanber 37. fund hreppsnenfðar.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús Hrafni Jóhannsson, Steindór Tómasson.*

- 5 Veturliði Þór Stefánsson 21/11'12 - beiðni um afrit af ráðningarsanningum sveitarstjóra og fylgigögnum ef til eru.

*Hreppsnefnd samþykkir að senda afrit af umbeðnum ráðningarsamningum með rafraenum hætti til Veturliða. Ekki er um önnur gögn að ræða sem beðið er um í tölvupósti Veturliða og því er ekki unnt að verða við þeim óskum.*

- 6 Álagningaprósentur, afslættir og gjaldskrár 2013:

6.1 Tillaga að álagningaprósentum útsvars, fasteignaskatta, lóðarleigu, vatnsgjalds, aukavatnsgjalds, holræsagjalds, afsláttum og gjalddögum fasteignagjalda fyrir árið 2013:

Útsvar verði 14.48%.

Samþykkt samhljóða.

Fasteignaskattur A verði	0,39% af fasteignamati húss og lóðar
Fasteignaskattur B verði	1,32% af fasteignamati húss og lóðar
Fasteignaskattur C verði	1,55% af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga verði	0,85% af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald verði	0,23% af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald verði	0,22% af fasteignamati húss og lóðar

Gjalddagar fasteignaskatta, lóðarleigu, holræsagjalds og vatnsgjalds verði 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7, 1/8 og 1/9.

Eindagar verði 30 dögum eftir hvern gjalddaga.

Aukavatnsgjald hjá stórnendum kr. 26.50 fyrir hvern rúmmetra m.v. Byggingavísitölu í des. 2007, 377,7. Gjaldagi reikninga fyrir aukavatnsgjald er á útgáfudegi og eindagi 30 dögum síðar.

Í þeim tilfellum þar sem heildargjöld fasteignagjalda verða kr. 35.000 eða lægri skal vera einn gjalddagi 1/6 2013.

Önnur gjöld verði samkvæmt sérstökum gjaldskrám.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum með 75% örorku skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagioldum samkvæmt reglum sem samþykktar verða af sveitarstjórn.

Ofangreindum gjöldum og afsláttarreglum er vísað til vinnu við gerð fjáhagsáætlunar 2013.

6.2 Tillögur að gjaldskrá íþróttamannvirkja á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ fyrir árið 2013.

*Gjaldskránum vísað til hreppsráðs til frekari vinnslu í tengslum við gerð fjáhagsáætlunar fyrir árið 2013.*

Samþykkt samhljóða.

6.3 Tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu- og eyðingu fyrir árið 2013.  
Gjalddagar verði sömu og fasteignaskatta.

Samþykkt samhljóða.

6.4 Tillaga að gjaldskrá fyrir Heklukot og Leikskólann á Laugalandi.  
Gjalddagar verða útgáfudagar reikninga og eindagar 30 dögum síðar.



*Samþykkt samhljóða.*

7. Tillögur um vinnuátkið „Vinna og virkni“, erindi frá Karli Bj. dags. 14/11'12

*Erindinu vísað til atvinnu- og menningarmálaneftnar til umsagnar og tillöguggerðar.*

8. Umsókn UMFÍ um IPA styrki dags. 14. nóvember 2012. UMFÍ fer fram á að sveitarfélögin sem eiga skólahúsnæðið að Skógum veiti samþykkt sitt fyrir notkun þess á vegum UMFÍ til skólahalds Lýðháskóla.

*Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir framangreinda notkun á húsnæðinu fyrir sitt leyyti. Hreppsnefndin áskilur að þegar húsnæðið verði ekki lengur nýtt fyrir starfsemi Lýðháskóla á vegum UMFÍ verði því skilað í jafn góðu ástandi og það er í núna.*

9. Beiðni um gerð þjónustusamnings við Umf. Garp, dags. 12/11'12.

*Vísað til íþróttu- og tómstundaneftnar til umsagnar og tillöguggerðar.*

*Bókun Á lista:*

*Æskilegt væri að fram kæmi í beiðni um þjónustusamning sem þennan, tillögur og hugmyndir forráðamanna félaga um innihald og fjárhæðir slíkra samninga. Það auðveldar vinnu við gerð þeirra. Þess er vænst að forráðamenn Garps verði kallaðir að borði þegar til þeirrar vinnu kemur.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús Hrafn Jóhannsson, Steindór Tómasson.*

*Samþykkt samhljóða.*

10. Tillögur frá Á-lista dags. 23.11.12

10.1 Tillaga Á lista:

Til hagræðingar þá er lagt til að fastir fundir hreppsráðs verði lagðir niður og í stað þá falli verkefni og hlutverk sem ráðinu er ætlað undir sveitarstjórn.

Mikill kostnaðaráuki er við meirihlutaskipti og þá nauðsynlegt að bregðast við með sparnaði hjá þeirri stofnun-stjórnsýslu sem kostnaðinum veldur eða hjá yfirstjórn sveitarfélagsins.

Lagt er til að frá og með 1.12.nk. taki þetta gildi og þá til reynslu í 6 mánuði. Hægt er að boða til fundar í hreppsráði ef brýn erindi berast á milli funda sveitarstjórnar og þá fá fulltrúar hreppsráðs greitt fyrir hvern fund en ekki fastar mánaðarlegar greiðslur eins og nú er. Tillaga um að fastir fundir hreppsráðs falli niður og að aðeins verði greitt fyrir sótta fundi.

Oddviti leggur áherslu á mikilvægi starfa hreppsráðs við gerð fjárhagsáætlana, ársreikninga og samstarfs við sveitarstjóra um fjárvíringu sveitarfélagsins. Þetta auk meðferðar tilfallandi mála þegar þörf er fyrir geri það að verkum að nauðsynlegt sé að það verði starfandi eins og verið hefur.

Samþykkt samhljóða að vísa málínu til hreppsráðs til umfjöllunar.

10.2 Tillaga Á-lista:

Íbúafundur verði haldinn fimmtudaginn 29. nóvember 2012 í Íþróttahúsinu á Hellu kl. 20:00. Dagskrá og efni fundarins verði umræða og kynning á fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 ásamt almennri umræðu um málefni sveitarfélagsins. Sveitarstjóri boði til fundarins í nafni sveitarstjórnar og kannað verði hvort að hægt verði að fá Sr. Guðbjörgu Arnardóttur og Sr. Halldóru Þorvarðardóttur til að vera fundarstjórar.

Lögð fram breytingartillaga: Íbúafundur um fjárhagsáætlun, fyrirhugaðar fjárfestingar á árinu 2013 og önnur málefni verði haldinn eins fljótt og við verður komið í janúar 2013, enda verði þá búið að afgreiða tillögur um þessi málefni.

*Breytingartillagan borin upp til atkvæða:*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP, MHJ, ST).*



Bókun Á - lista um íbúafund: Fulltrúar Á-lista lögðu fram tillögu um íbúafund 29. nóv. n.k. til þess að íbúar gætu komið með álit á fjárhagsáætlunina áður en hún væri fullgerð. Kynning á henni eftir að hún hefur verið afgreidd kemur í veg fyrir aðkomu íbúa.

Bókun meiri hlutinn:

Meiri hlutinn leggur áherslu á að haldnir verði íbúafundir í aðdraganda að gerð fjárhagsáætlunar á hverju ári. Rétt timasetning slíkra funda er í september eða byrjun október. Í lok nóvember er aðeins rými fyrir vinnu sem tengist gerð áætlunarinnar beint á vinnufundum bæði hreppsráðs og sveitarstjórnar. Fjárhagsáætlun þarf að vera fullbúin og afgreidd fyrir 15. desember ár hvert. Íbúar geta komið ábendingum og hugmyndum á framfæri við sveitarstjórnina alla daga ársins og slíkt er alltaf vel þegið.

## 11. Áætlun um fundi:

11.1 Tillaga að fundadagatali hreppsnefndar og hreppsráðs 2013.

*Samþykkt að fresta málínu til næsta hreppsnefndarfundar.*

11.2 Breyttur fundartími í desember 2012. Lagt er til að reglulegur fundur hreppsnefndar í desember verði haldinn föstudaginn 14. desember kl. 14.00 í stað fimmtudagsins 6. desember kl. 15.00.

*Samþykkt samhljóða.*

## 12. Kjör nefnda, ráða og stjórna:

12.1 Einn varamaður í hreppsráð.

Lagt er til að Þorgils Torfi Jónsson verði varamaður í hreppsráði þangað til nýtt hreppsráð verður kosið í júní 2013 í stað Ingvars Péturs Guðbjörnssonar.

*Samþykkt með fíórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST)*

12.2 Héraðsnefnd.

Lagt er til að eftirtaldir verði fulltrúar Rangárþings ytra í Héraðsnefnd þar til annað verður ákveðið:

Drifa Hjartardóttir

Þorgils Torfi Jónsson

Steindór Tómasson

Til vara:

Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Guðfinna Þorvaldsdóttir

*Samþykkt samhljóða.*

12.3 Fræðslunefnd.

Lagt er til að eftirtaldir skipi fræðslunefnd Rangárþings ytra þangað til annað verður ákveðið:

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Hulda Karlsdóttir

Katrín Sigurðardóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Arndís Fannberg

Til vara:

Anna María Kristjánsdóttir

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Ómar Diðriksson

Magnús H. Jóhannsson

Ragnheiður Alfreðsdóttir



Lagt er til að Ingvar Pétur Guðbjörnsson verði formaður nefndarinna. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

*Samþykkt samljóða*

12.4 Skipulagsnefnd Rangárþings ytra.

Lagt er til að eftirtaldir skipi skipulagsnefnd Rangárþings ytra þangað til annað verður ákveðið:

Þorgils Torfi Jónsson  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Guðfinna Þorvaldsdóttir

Til vara:

Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir  
Anna María Kristjánsdóttir  
Valmundur Gíslason

Lagt er til að Þorgils Torfi Jónsson verði formaður nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

*Samþykkt samhljóða.*

12.5 Atvinnu- og menningarmálanefnd.

Lagt er til að eftirtaldir skipu atvinnu- og menningarmálanefnd Rangárþings ytra þangað til annað verður ákveðið:

Katrín Sigurðardóttir  
Ómar Diðriksson  
Reynir Friðriksson  
Yngvi Harðarson  
Jóhann Björnsson

Til vara:

Sigríður Theódóra Kristinsdóttir  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson  
Guðmundur Gunnar Guðmundsson  
Tómas Þorgilsson  
Gunnar Aron Ólason

Lagt er til að Katrín Sigurðardóttir verði formaður nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

*Samþykkt samhljóða.*

12.6 Íþróttá- og tómstundanefnd.

Lagt er til að eftirtaldir skipu íþróttá- og tómstundanefnd Rangárþings ytra þangað til annað verður ákveðið:

Lovísa B Sigurðardóttir  
Sigríður Theódóra Kristinsdóttir  
Bæring Guðmundsson  
Ingibjörg Heiðarsdóttir  
Marý Linda Jóhannsdóttir

Til vara:

Ómar Diðriksson  
Guðmundur Gunnar Guðmundsson



Sigríður Arndís Þórðardóttir  
Guðjón Gestsson  
Björgvin Reynir Helgason

Lagt er til að Lovísa B. Sigurðardóttir verði formaður nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

*Samþykkt samhljóða.*

**12.7 Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.**

Lagt er til að eftirtalinn verði fulltrúi Rangárþings ytra í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. þangað til annað verður ákveðið:

Drífa Hjartardóttir

Til vara:

Magnús Hrafn Jóhannsson

*Samþykkt samhljóða.*

**13. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

**13.1 Samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi: Fundarboð, dags. 19. nóvember 2012, vegna fundar um mögulega urðunarstaði fyrir sorp sem haldinn verður 27. nóvember 2012.**

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að sækja fundinn fyrir hönd Rangárþings ytra. Sveitarstjórnarfulltrúum er heimilt að sækja fundinn komi þeir því við.

*Samþykkt samhljóða.*

**13.2 SASS - aukaaðalfundur 14.12.12 - fundarboð.**

Lagt er til að eftirtaldir fjórir sveitarstjórnarfulltrúar sækji aukaaðalfundinn sem fulltrúar Rangárþings ytra með atkvæðisrétti:

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Margret Ýrr Sigurgeirs dóttir  
Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús Hrafn Jóhannsson

Til vara:

Þorgils Torfi Jónsson  
Anna María Kristjánsdóttir  
Steindór Tómasson  
Gunnar Aron Ólason

Að auki hafa aðrir sveitarstjórnarfulltrúar og sveitarstjóri heimild til þess að sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétti.

*Samþykkt samhljóða.*

**13.3 Umsókn frá starfsmönnum, dags. 16. nóvember 2012, um styrk vegna rútu: Vísað til hreppsnefndar frá hreppsráði, 27. fundi, 20. nóvember 2012.**

Lagt er til að hreppsnefnd styrki framtakið með kr. 60.000 og verði það fært á "sameiginlegan kostnað" ..

*Erlindinu hafnað vegna jafnræðis milli starfsmanna þar sem starfsmenn búa vítt og breytt í sveitarfélagini og á suðurlandi.*



#### 13.4 HSK 22/11'12 - ósk um áframhaldandi fjárstuðning.

Lagt er til að fjárstuðningur til HSK verði óbreyttur frá fyrra ári og tekið verði tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 14. Annað efni til kynningar:

- 14.1 Ársskýrsla löggreglunnar á Hvolsvelli vegna ársins 2011, dags. 19. nóvember 2012.
- 14.2 Minnispunktar frá fundi fulltrúa Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. með fulltrúum Umhverfisstofnunar. 16. nóvember 2012, dags. 20. nóvember 2012.
- 14.3 Ályktanir ársþings SASS 2012, dags. 14. nóvember 2012.
- 14.4 Sóknaráætlun landshluta - skapalón.

#### 15. Ósk um hluthafafund í Suðurlandsvegi 1 - 3 ehf.:

Lagt er til að hreppsnefnd Rangárþings ytra óski eftir hluthafafundi í Suðurlandsvegi 1 - 3 ehf. eins fljótt og unnt verður að koma við. Fundarefní verði kosning stjórnar.

*Samþykkt samhljóða að fela oddvita að fara með atkvæðisrétt Rangárþings ytra á fundinum.*

Fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 19.04.



## Rangárpings ytra

39. fundur hreppsnefndar Rangárpings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, föstudaginn 14. desember 2012, kl. 14.00.

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 14.00 og stjórnaði honum.

Áður en gengið var til boðaðrar dagskrá gerðu sveitarstjóri og oddviti grein fyrir helstu viðfangsefnum sínum frá síðasta hreppsnefndarfundi.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

*Engin fundargerð liggur fyrir á þessum fundi.*

**2. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 16. fundur fræðslunefndar, 04.12.12, í níu liðum.

*8. lið fundargerðar er frestað og fræðslunefnd falið að skoða mál ì betur vegna sumarlokunar leikskólanna í samráði við leikskólastjóra og foreldrafelög..*

*Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin að öðru leiti staðfest samhljóða.*

2.2 24. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps, 17.08.12, í fjórum liðum.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*

2.3 25. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps, 13.11.12, í einum lið.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*

2.3a Skýrsla ÍSOR um vatnsverndarsvæði í landi Keldna og aðliggjandi svæða til kynningar.

*Skýrslunni vísað til skipulagsnefndar til yfirferðar og tillögugerðar.*

*Samþykkt samhljóða.*

2.4 Aðalfundur Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps, 31.10.12 - fundargerð í fjórum liðum.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*

2.4a Ársreikningur Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2011, til kynningar.

2.5 Fjallskilanefnd Landmannafréttar - fundur 14.11.12.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*

2.6 122. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 05.12.12, í tveimur liðum.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*

2.7 25. fundur Félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 05.12.12, í tveimur liðum.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*



**3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

- 3.1 143. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, 17.10.12, í einum lið.
- 3.2 144. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, 07.12.12, í þremur liðum.
- 3.3 145. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 18.10.12, í þremur liðum.
- 3.4 146. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 23.11.12, í sjö liðum.
- 3.5 Aðalfundur SASS 18. og 19. október 2012.
- 3.6 462. stjórnarfundur SASS, 29.11.12, í átta liðum.
- 3.7 801. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 23.11.12, í 28 liðum.
- 3.8 Stjórn Skógasafns, fundur 03.12.12, í sex liðum.
- 3.9 Aukaaðalfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. 05.12.12, í þremur liðum.
- 3.10 32. stjórnarfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. 05.12.12 í þremur liðum.
- 3.11 146. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., 05.12.12, í fimm liðum.
- 3.12 11. fundur Héraðsnefndar Rangæinga, 05.12.12, í sex liðum.

**4. Tillögur að álagningarárprósentum, afsláttum og gjaldskrám fyrir árið 2013:**

4.1

**2. Fasteignaskattur:**

**A** - 0,39% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

**B** - 1,32% af fasteignamati: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðispjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

**C** - 1,55% af fasteignamati: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

**3. Lóðarleiga;** 0,85% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguþlutfall eða álagningu í krónutölum á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.

**4. Vatnsgjald;** 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins eða í sameign þess og annarra sveitarfélaga sbr. ákv. 6. gr. laga nr. 32/2004

**5. Tengigjöld í Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.**

**6. Holræsagjald á Hellu;** 0,22% af fasteignamati húss og tilh. lóðar.

**7. Gjöld fyrir tæmingu rotþróa eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.**

**8. Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.**

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7, 1/8 og 1/9 2013. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 35.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi; 1/5 2013. Einnig gefst aðilum kostur á að greiða fasteignagjöldin í einu lagi og skal gjalddagi vera eigi síðar en 1/6 2013. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddagi.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samp. af sveitarstjórn.

**9. Hundaleysifsgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.**

**10. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttektu og mælingagjöld skipulags- og bygginganeftnar og skipulags- og byggingafulltrúa leggiast á skv. sérstakri gjaldskrá.**

Gjalddagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.

Samþykkt þessi um álagningarárprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. á töflu í afgreiðslu Rangárþings ytra og á heimasíðu.

**Samþykkt samhljóða.**

**4.2 Tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttamiðstöðina á Hellu fyrir árið 2013.**

**4.3 Tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttahúsið og sundlaugina að Laugalandi fyrir árið 2013.**

**4.4 Tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttahúsið í Þykkvabæ fyrir árið 2013.**

**4.5 Tillaga að gjaldskrá fyrir Heklukot og Leikskólann Laugalandi fyrir árið 2013.**

**Samþykkt samhljóða.**

**4.6 Tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og eyðingu fyrir árið 2013.**

**Samþykkt af hálfu hreppsnefndar Rangárþings ytra og vísað til Heilbrigðisnefndar Suðurlands til umsagnar.**



5. Fjárhagsáætlanir fyrir árin 2013 - 2016, síðari umræða og afgreiðsla.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 ásamt tillögu að fjárhagsáætlunum fyrir árin 2014, 2015 og 2016. Helstu kennitölur í fjárhagsáætlunum eru (allar tölur í þús. króna):

Rekstrarreikningur:	2013:	2014:	2015:	2016:
Tekjur:				
Skatttekjur:	697.961	717.173	736.926	757.238
Framlög Jöfnunarsjóðs:	234.600	240.465	246.477	252.639
Aðrar tekjur:	235.375	242.319	249.427	256.731
Samtals tekjur:	1.167.936	1.199.957	1.232.830	1.266.608
Rekstrarkostnaður:				
Laun:	439.623	444.669	454.985	467.145
Annar rekstrarkostnaður:	469.679	485.749	502.684	520.200
Samtals rekstrarkostnaður:	909.302	930.418	957.669	987.345
Framlegð:	258.634	269.539	275.161	279.263
Afskriftir:	75.431	79.208	81.236	78.925
Fjármagnskostnaður:	133.694	120.827	120.196	119.985
Heildarniðurstaða rekstrar:	49.509	69.504	73.728	80.354
Efnahagsreikningur:				
Fastafjármunir samtals:	2.443.858	2.449.409	2.456.790	2.465.360
Veltufjármunir:	229.751	232.191	253.393	275.171
Samtals eignir:	2.673.609	2.687.600	2.710.183	2.740.530
Skuldir:				
Eiginfjárstaða:	768.248	837.752	911.480	991.834
Skuldbindingar:	22.463	22.463	22.463	22.463
Langtímaskuldir:	1.530.715	1.508.346	1.478.233	1.446.491
Skammtímaskuldir:	352.183	319.039	298.007	279.742
Samtals eigið fé og skuldir:	2.673.609	2.687.600	2.710.183	2.740.531

*Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 samþykkt með fjörum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST)*

*Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2014 - 2016 samþykkt með fjörum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST)*

Bókun Á lista við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013-2016.

Bókunin er sett fram til skýringar á afstöðu okkar vegna afgreiðslu á fjárhagsáætlun 2013 og einnig á áætlun 2014-2016.

Það er vissulega ánægjuefni hvað vel hefur tekist til ef niðurstaðan getur verið með þeim hætti sem áætlun gerir ráð fyrir. Ef þetta gengur eftir er þá mestu að þakka góðum starfsmönnum sveitarfélagsins, áræðni og kjarki hjá fyrrverandi meirihluta Á-lista og með hvaða hætti var haldið á málum fram að meirihlutaskiptum í nóv. sl. Þar á fyrrverandi sveitarstjóri Gunnstein R. Ómarsson stóran þátt í betri útkomu en hann vann ötullega að fjármálalegri endurskipulagningu sveitarfélagsins og félaga þess. Gunnsteini er þakkað fyrir þau verk og vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins á kjörtímabilinu.

Við undirrituð höfum samt vissar efasemdir og ekki alveg sömu sýn á forsendur og útkomu áætlunarinnar og númerandi meirihluti, þó að jarðvegurinn hafi verið vel undirbúinn á kjörtímabilinu áður en meirihlutaskipti urðu.



Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 var ekki áætlað tap af rekstri ársins 2012 en í forsendum fjárhagsáætlunar 2013 er gert ráð fyrir tapi af rekstri 2012. Væntanlega á mikill aukakostnaður vegna meirihlutaskipta stóran þátt í þessari niðurstöðu.

Það virðist sem reksturinn sé áætlaður mjög góður, þ.e. yfir 20% EBITDA hvert ár og er það óskiljanlegt í ljósi þess að hvergi er minnst á hagræðingu í rekstri í fjárhagsáætlun í samanburði við sl. ár. Fjármagna á allar framkvæmdir með lántöku. Lántaka er kostnaðarsöm fyrir utan að óljóst er hvort búið sé að leita til lánastofnana til að trygga fjármögnun til rekstrar og framkvæmda í samræmi við framlagða áætlun. Varla munu fjármagnsliðir lækka við þessar lántökur, en þeir hafa verið stórir undansfarin ár.

Prátt fyrir að fjármagna eigi allar fjárfestingar með lánum á að greiða skuldir "hratt" niður. Há lántaka og skuldsetning er mikill áhættuþáttur þegar kemur að verðbólgunni.

Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir óumflýjanlegum kostnaði í rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins til að áætlun sé í samræmi við raunstöðu rekstrar. Þeir liðir sem settir eru fram á fjárfestingaráætlun eru ekki fjarri þeirri sýn sem fyrrverandi meirihluti hafði. Þó eru þar liðir sem við gerum athugasemdir við:

- Í áætluninni er gert ráð fyrir að endurnýja búningsaðstöðu í íþróttamiðstöðinni á Hellu, sem við styðjum heilshugar. Við bendum þó á að þær 10 m.kr. sem áætlaðar eru til fjárfestinga í íþróttamiðstöðinni árið 2013 séu hugsanlega ekki nægjanlegar og gera hefði þurft ráð fyrir fjármagni til þessa liðar líka í langtímaáætlun 2014-2016.
- Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna eignarinnar Á Suðurlandsvegi 1-3, sem er í ákveðnu ósamræmi í ljósi stöðu mála þar.
- Fyrirhugaðar eru verulegar framkvæmdir á vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu með tilheyrandi fjárhagslegum ábyrgðum sveitarfélagsins. Þrátt fyrir að fjárhagur þessara stofnana sé ekki hluti af samstæðureikningsskilum sveitarfélagsins má gera ráð fyrir að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga geri kröfu um að allar skuldbindingar sveitarfélagsins séu teknar inn í útreikninga á t.a.m. skuldahlutfalli sveitarfélagsins.
- Fjármagn til gatnakerfis og fráveitumála er vanáætlað að okkar mati vegna nauðsynlegra framkvæmda þar.

Að lokum, gerum við einnig athugasemdir við að endurskoðandi skuli ekki hafa yfirfarið tillögu að fjárhagsáætlun 2013 fyrir lokaafgreiðslu hennar í sveitarstjórn. Á þessu kjörtímabili, í tið fyrrverandi meirihluta, hefur endurskoðandi sveitarfélagsins farið yfir forsendur reiknilíkansins og lagt mat á óleysta fjárbörf áður en fjárhagsáætlun hefur verið afgreidd.

Undirritaðir fulltrúar Á-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vilja þakka öðrum sveitarstjórnarfulltrúum fyrir samstarfið á árinu sem að mestu leyti hefur verið jákvætt. Sérstaklega viljum við þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir samheldni og samvinnu og ánægjileg samskipti í störfum á árinu sem er að liða.

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Magnús H. Jóhannsson

Steindór Tómasson

#### 05.1 Áætlun um hvenær skuldastaða verður komin undir 150% af heildartekjum:

*Visað er til fjárhagsáætlana fyrir árin 2013 - 2016. Áætlað er að hlutfall skuldbindinga og skulda af heildartekjum verði orðið 163% í árslok 2013, 154% í árslok 2014, 146% í árslok 2015 og 138% í árslok 2016. Samkvæmt þessum áætlunum mun Rangárþing ytra ná settu marki samkvæmt markmiðum um hámark hlutfalls skulda af heildartekjum á árinu 2015.*

*Framangreind niðurstaða verður send til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST).*

#### 6. Kjör eins fulltrúa í kjörstjórn Rangárþings ytra.

#### 06.1 Bréf frá Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur, dags. 08.11.12 varðandi úrsögn úr kjörstjórn Rangárþings ytra, til kynningar.

Lagt er til að Helga Hjaltadóttir verði aðalmaður í kjörstjórn Rangárþings ytra til loka yfirstandandi kjörtímabilis nema annað verði ákveðið.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 7. Tillaga um íbúafund 24. janúar þar sem fjárhagsáætlun 2013-2016 verður kynnt, farið verði yfir stöðu helstu mála og kynntar hugmyndir að nágrannavörslu.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 8. Vinna og virkni - átak til atvinnu 2013:



- 8.1 Bréf frá verkefnisstjórn.
- 8.2 Flæðirit fyrir atvinnuleitendur til kynningar.
- 8.3 Flæðirit ráðningarár til kynningar.
- 8.4 Bréf frá Karli Björnssyni, framkv. stj. Sambands fsl. sveitarfélaga v. Vinnu og virkni 07.12.12 til kynningar.
- 8.5 Glærukynning á verkefninu frá Runólf Ágústssyni, 07.12.12 til kynningar.
- 8.6 Leiðbeiningar til sveitarfélaga frá Karli Björnssyni til kynningar.
- 8.7 Tillaga að samningsformi milli sveitarfélaga og velferðarráðuneytisins um Vinnu og virkni frá Karli Björnssyni til kynningar.

*Framangreindum gögnum og athugun á nauðsyn á þáttöku Rangárþings ytra er vísað til atvinnu- og menningarmálanefndar, sveitarstjóra og félagsmálastjóra. Farið er fram á að þessir aðilar skili tillögu til hreppsnefndar eins fljótt og við verður komið um þörf fyrir þáttöku sveitarfélagsins í verkefninu.*

*Samþykkt samhljóða.*

9. Kristjón Kristjánsson, ósk um kaup á landspildu 30.11.12.

Tillaga Á lista: Á listi *leggur til að erindinu verði vísað til skipulagsnefndar.*

*Samþykkt samhljóða.*

10. Tillaga að fundaáætlun sveitarstjórnar fyrir árið 2013:

*Samþykkt að fela Þorgils Torfa Jónssyni og Guðfinnu Þorvaldsdóttur að móta tillögu um fundaáætlun fyrir næsta hreppsnefndarfund.*

11. Tillögur að siðareglum fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og embættismenn:

11.1 Tillaga, dags. 20.11.12, frá Margréti Ýrr Sigurgeirs dóttur að siðareglum fyrir kjörna fulltrúa.

11.2 Tillaga, dags. 28.11.12, frá Á-lista að siðareglum fyrir kjörna fulltrúa.

*Tillaga um að sveitarstjóra verði falið að samræma tillögurnar og leggja fyrir fund sveitarstjórnar.*

*Samþykkt samhljóða.*

12. Landgræðsla ríkisins 26.11.12 - ósk um viðræður við fulltrúa sveitarstjórnar um málefni afréttu og álagningu fjallskilagjalda, fyrirkomulag snjómoksturs í Gunnarsholti og nýtingu borholu til hitaveitu í landi Landgræslunnar á Baðsheiði í Landsveit.

*Sveitarstjóra og oddvita falið að eiga fund með Landgræslunni um framangreind málefni eins fljótt og við verður komið.*

*Samþykkt samhljóða.*

12.1 Afrit af bréfi Landgræslunnar til Orkustofnunar 27.11.12 vegna nýtingar á borholu á Baðsheiði til kynningar.

*Bókun Á lista. Nauðsynlegt er að sveitarfélagið Rangárþing ytra gangi sem fyrst frá umsögn að beiðni Orkustofnunar, sem er fyrirliggjandi hjá sveitarfélagini. Brýnt er að málefni hitaveitu á Baðsheiði komist sem fyrst í vinnslu og-rekstrarhæfara form.*

*Sveitarstjóra og Guðfinnu Þorvaldsdóttur er falið að taka saman drög að umsögn og leggja fyrir fund hreppsnefndar eins fljótt og unnt er.*

13. Sauðfjárræktarfélag Rangárvallahrepps 20.11.12 - erindi vegna fjölgunar á ref og vandræða sem af því hlýst fyrir sauðfjárbændur.

*Sveitarstjóra og forstlöðumanni umhverfis-, eigna- og tæknisviðs er falið að ræða við fulltrúa Sauðfjárræktarfélagsins, aðra hagsmunaaðila og móta tillögu um aðgerðir vegna refa innan sveitarfélagsins í samstarfi við önnur sveitarfélög.*



*Samþykkt samhljóða.*

14. Markaðsstofa Suðurlands 27.11.12 - ósk um samstarfssamning við Rangárþing ytra.

*Lagt er til að sveitarstjóra og formanni atvinnu- og menningarmálanefndar verði falið að leita eftir upplýsingum hjá Markaðstofu Suðurlands hvað fellst í aðild að Markaðsstofunni.*

*Samþykkt samhljóða.*

15. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

15.1 Bókaútgáfan Hólar - boð um þjónustu við útgáfu rits um sögu Hellu.

*Væntanleg útgáfa rits um sögu Hellu verður að öllum líkendum boðin út og þá mun Bókaútgáfan Hólar geta boðið sínar þjónustu eins og aðrir.*  
*Samþykkt sammhljóða.*

15.2 Eyðibýli áhugamannafélag - boð um kaup á útgefnum ritum.

*Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.*  
*Samþykkt samhljóða.*

15.3 Landgræðsla ríkisins 29.11.12 - umsókn um styrk fyrir verkefnið "Bændur græða landið".

*Samþykkt að styrkja verkefnið „Bændur græða landið“ um kr. 100.000.*  
*Samþykkt samhljóða.*

15.4 Snorraverkefnið 08.11.12 - umsókn um stuðning 2013.

*Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.*  
*Samþykkt samhljóða.*

15.5 Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna - umsókn um styrk vegna eldvarnarátaks 2012.

*Samþykkt samhljóða að styrkja eldvarnarátak LSS 2012 um kr. 25.000.*

15.6 Kór FSu 16.10.12 - umsókn um styrk vegna utanlandsferðar 2013.

*Samþykkt samhljóða að styrkja Kór FSu um sem nemur kr. 15.000 á hvern félaga kórsins sem á lögheimili innan sveitarfélagsins vegna utanlandsferðar vorið 2013.*

15.7 Landsbyggðin lifi - umsókn um styrk með greiðslu félagsgjalds.

*Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við umsókninni að þessu sinni.*  
*Samþykkt samhljóða.*

16. Félagsmálastjóri 18.10.12: Tillaga um að félagsmálanefnd og barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu verði sameinaðar í eina félagsmálanefnd fyrir svæðið. Áður tekið fyrir á fundi hreppsráðs 25.10.12 og á fundi hreppsnefndar 01.11.12.

Fyrir liggja umsagnir frá núverandi félagsmála- og barnaverndarnefndum.

*Hreppsnefnd Rangárþings ytra fellst á sameiningu nefndanna eins og lagt er til af hálfu félagsmálastjóra.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Bókun Á lista: Lögð er áhersla á að tryggt verði að fullt samráð verði við þá fulltrúa sem hafa reynslu af þessum málum í umræddum nefndum, starfsfólk og nágrannasveitarfélög áður en nefndir eru sameinaðar.*



**17. Annað efni til kynningar:**

- 17.1 Greinargerð Gunnsteins R. Ómarssonar 12.11.12 um skólaakstur og tengd málefni skv. fyrirmælum sveitarstjórnar frá 02.09.10.  
Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir vék af fundi undir þessum lið.kl. 17.12.

Bókun Á lista vegna greinargerðar um skólaakstur, lið 17.1:

Fulltrúar Á-lista telja nauðsynlegt að leitað verði til lögmanns Sambands íslenskra sveitarfélaga um álit á greinargerðinni er snýr að eftirfarandi þáttum:

1. Munnlegum launasamningum, sem skólastjóri Grunnskólans á Hellu segir að fyrrverandi sveitarstjóri Rangárþings ytra árin 2006-2010, hafi gert við skólabílstjóra á Þykkvabæjarleið.
2. Stjórnsýslulegu gildi munnlegra samninga sem vísað er til.
3. Reikningsgerð vegna skólaaksturs í Þykkvabæ (forsendur reikninga og gjaldskrá).
4. Ábyrgð skólastjóra vegna staðfestingar á reikningum skólabílstjóra á Þykkvabæjarleið.

Við óskum eftir því að þetta mál verði tekið til efnislegrar meðferðar á öðrum reglulega fundi sveitarstjórnar á næsta ári.

Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Steindór Tómasson

Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir kom inn á fundinn kl. 17.37.

- 17.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið 26.11.12 - fyrirspurn um skóladaga í Grunnskólanum Hellu skólaárið 2011 - 2012.
- 17.3 Svar við fyrirspurn mennta- og menningarmálaráðuneytisins 05.12.12 ásamt greinargerð skólastjóra Grunnskólans á Hellu.
- 17.4 Mennta- og menningarmálaráðuneytið 26.11.12 - fyrirspurn um skóladaga í Laugalandsskóla skólaárið 2011 - 2012.
- 17.5 Frá innanríkisráðuneytinu: Samþykkt um stjórn og fundarskóp - auglýsing um fyrirmund í B deild Stjórnartíðinda nr. 976, 1. nóvember 2012.
- 17.6 Ríkisskattstjóri 29.11.12 - úrskurður vegna álagningar gjalda 2012 á byggðasamlag um embætti skipulags- og byggingafulltrúa í Rangárþingi.
- 17.7 Samband ísl. sveitarfélaga - samninganefnd: Markmið og helstu áherslur í kjaraviðræðum við Félag grunnskólkennara.
- 17.8 Frétt 04.12.12 um að kjaradeilu Samb. ísl. sveitarfél. og Félags grunnskólkennara hafi verið vísað til ríkissáttasemjara.
- 17.9 Katrín Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri 23.11.12 - Framkvæmdaáætlun fyrir fatlað fólk 2014 og staða verkefna.
- 17.10 Skógræktarfélag Íslands 30.11.12 - ályktun aðalfundar 24.-26.09.12 um frjósemi Lúpínu.
- 17.11 Samkeppniseftirlitið (SE) 25.09.12 - álit I 2012 um útleigu húsnæði í eigu opinberra aðila.
- 17.12 SE 25.09.12 - Kvörtun vegna útleigu á húsnæði að Núpi í Dýrafirði.
- 17.13 SE 29.11.12 - Kynning á tilmælum til sveitarfélaga vegna útleigu á húsnæði.
- 17.14 Svar velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannessonar, alþingismanns, um greiðsluþátttöku vegna talmeinaþjónustu.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45.



## Rangárvíking ytra

**40. fundur hreppsnefndar Rangárvíking ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, fimmtudaginn 20. desember 2012, kl. 20.30.**

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Margrét Harpa Guðsteinsdóttir sat fundinn undir lið 14.2. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 20.30 og stjórnaði honum.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

*Engin fundargerð liggur fyrir á þessum fundi.*

**2. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 54. fundur skipulagsnefndar, 17.12.12, í 30 liðum:

Anna María Kristjánsdóttir tekur ekki þátt í umfjöllun og afgreiðslu liðar nr. 1. í fundargerð skipulagsnefndar.

#### Landskipti

1 1212013 - Helluvað 2 3, Landskipti

*Ari Árnason sökir um leyfi til stækunar á lóð sinni að Helluvaði 3, landnr. 164514. Lóð var áður 1000 m<sup>2</sup> en verður 2,033 m<sup>2</sup> eftir stækun. Stækun er tekin úr landnr. 164513.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

2 1212014 - Meiri-Tunga, Landskipti lóð fyrir spennistöð

*Ketill Gísalson sökir um leyfi til að stofna lóð undir spennistöð úr landi sínu Meiri-Tunga, landnr. 165131.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

3 1212015 - Stóri-Klofi 2, (Leynir), Landskipti

*Kristján Árnason sökir um leyfi til landskipta úr landi sínu Stóra-Klofa 2, landnr. 217813. Um er að ræða fjórar lóðir um 1 ha hver lóð. Stóri-Klofi verður um 60 ha eftir landskiptin.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin þar sem samþykki aðliggjandi þinglýstra landeigenda liggja fyrir.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

4 1212016 - Ægissíða 1, Landskipti

*Steinn Kári Steinsson sökir um leyfi til landskipta úr landi sínu Ægissíða 1, landnr. 165445. Ný lóð verði sameinuð Ægissíðu 2, landnr. 197840 og verði 2,03 ha eftir sameiningu.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin þar sem samþykki aðliggjandi þinglýstra landeigenda liggja fyrir.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

5 1212017 - Bakkakot, Landskipti

*Lúðvík Bergmann, fyrir hönd landeigenda, sökir um leyfi til landskipta úr landi sínu Bakkakot, landnr. 164473.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.



Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

6 1212021 - Háfshjáleiga, Landskipti

Fannar Þór Ólafsson, fh. Þórshúss ehf, óskar umsagnar vegna landskipta. Um er að ræða land með heitið Háfshjáleiga 5.1, stærð 38,0 ha. landnr. 219917, tekið úr Háfshjáleigu, landi 5, landnr. 207728, skv. meðfylgjandi upprætti.

Ekki liggja fyrir samþykki þinglýstra aðliggjandi landeigenda og því getur Skipulagsnefnd ekki veitt umsögn um fyrirhuguð landskipti.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

7 1212024 - Þúfa, Landskipti

Hannes Dagbjartsson og Ingibjörg Dagbjartsdóttir sökja um heimild til landskipta úr landi sínu, Þúfu, landnr. 165017 skv. meðfylgjandi upprætti.

Ekki liggja fyrir samþykki þinglýstra aðliggjandi landeigenda og því getur Skipulagsnefnd ekki veitt umsögn um fyrirhuguð landskipti.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

8 1212026 - Mykjunes, Landskipti

Valur Ragnarsson, fyrir hönd eigenda, óskar heimildar til landskipta úr jörð sinni, Mykjunes, landnr. 165133. Lóðin verður 25,5 ha að stærð. Stærð upprunalands er 197,0 ha.

Ekki liggja fyrir samþykki allra þinglýstra aðliggjandi landeigenda og því getur Skipulagsnefnd ekki veitt umsögn um fyrirhuguð landskipti.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

**Afgreiðsla skipulagsmála**

9 1212003 - Gilsbakki Deiliskipulag

Skipulagið nær til um 6 ha af jörðinni Gilsbakki í Rangárþingi ytra en heildarstærð jarðarinnar er 102 ha. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, bílskúrs, útihúss, skemmu og geymslu. Fyrir á jörðinni er fristundahús sem gert er ráð fyrir að stækka.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

10 1212004 - Kot (Jónskot) deiliskipulag

Deiliskipulagið nær yfir eignarlóð úr landi Kots á Rangárvöllum. Lóðin nefnist Jónskot og er um 3 ha. Landið er á skilgreindu vatnsværðarsvæði í flokki III. Deiliskipulagið tekur til stækkanar á númerandi fristundahúsi, byggingu hesthúss og geymslu.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

11 1212005 - Lunanholt I, deiliskipulag

Deiliskipulagið nær yfir um 0,5 ha spildu úr landi Lunanholtis. Deiliskipulagið tekur til einnar lóðar fyrir fristundahús.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

12 1212006 - Svínhagi 164560, deiliskipulag

Deiliskipulagið nær til alls 101 lóða af ýmsum stærðum í landi Svínhaga og 4 spildum. Byggðinni var skipt í 3



*hverfi og höfðu lóðir innan hvers hverfis sjálfstætt númerakerfi. Til að einfalda alla umfjöllun um lóðir til framtíðar er götum gefið nafn og lóðir númeraðar upp á nýtt.*

*Engar athugsemadir bárust á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 13 1212007 - Svínhagi SH13 og SH14, deiliskipulag

*Deiliskipulag þetta nær yfir uppbryggingu lóða SH13 og 14 úr landi Svínhaga í Rangárþingi ytra, samtals 12,7 ha að stærð. Lóðirnar liggja sunnan við austurhluta Fristundasvæðisins Heklubryggð og liggja lóðirnar Klapparhraun 1 og 3 að skipulags svæðinu. Deiliskipulagið tekur til byggingar á íbúðarhúsi, gestahúsum, gróðurhúsi, vélarhúsi ásamt útihúsi/gróðurhús.*

*Engar athugsemadir bárust á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 14 1211004 - Gaddstaðir við Hróarslæk deiliskipulag

*Breytingin tekur til breyttrar aðkomu að lóðum og breytingar á lóðamörkum lóða nr. 7, 8b, 9a og 10a. Tillagan hefur hlötið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*

*Tillagan var grenndarkynnt og bárust engar athugasemdir*

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

#### Heimild til skipulagsgerðar

- 15 1212019 - Sorpstöð Rangárvallasýslu, Strönd, Deiliskipulag

*Steinsholt s.f. fyrir hönd Sorpstöð Rangárvallasýslu BS, sækir um leyfi til deiliskipulags fyrir sorpsvæði á Strönd, skv. meðfylgjandi skipulagsgögnum.*

*Óskad er eftir að tillagan verði tekin til skipulagsmeðferðar skv. 41. gr. Heimild til deiliskipulagsvinnu var afgreidd á fundi Skipulagsnefnda Rangárþings bs. þann 25. sept. síðastliðin þar sem deiliskipulagsvinnu var heimiluð og samþykkt að ekki þyrfi lýsingu þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra.*

*Skipulagsnefnd telur að allar meginforsendur skipulagsins séu í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og því er ekki þörf á lýsingu. Nefndin mælir með að tillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 16 1212002 - Holtsmáli I, deiliskipulag

*Hermann G. Gunnlaugsson, fyrir hönd landeigenda, sækir um leyfi til deiliskipulagningar. Skipulagssvæðið sem hér um ræðir er 19,84 ha (14 ha skv aðalskipulagi) land lögbýlisins Holtsmáli I í Landsveit. Fyrirhugað er að reisa á landinu frístundahús ásamt hesthúsi og gestahúsi.*

*Skipulagsnefnd telur að allar meginforsendur skipulagsins séu í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og því er ekki þörf á lýsingu. Nefndin mælir með að tillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,*

*en gerir fyrirvara um að Skipulagsfulltrúi kalli eftir farandi atriðum fyrir staðfestingu sveitarstjórnar.*

*Skipulagsnefndin bendir á að lagfæra þurfi misræmi í greinargerð varðandi landstærðir skipulagssvæðis og að greina þurfi betur skipulag á nærliggjandi svæðum.*

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 17 1212022 - Ketilhúshagi, lóð 47, Deiliskipulag

*Lárus Einarsson sækir um heimild til skipulagsgerðar í landi sínu Ketilhúshagi, land, nr. 47. Lóðin er ca. 4,6 ha spilda og er áætlað að byggt verði frístundahús allt að 200 m<sup>2</sup>, aðstöðuhús 30 m<sup>2</sup>, og allt að 60 m<sup>2</sup> gestahús.*

*Nefndin heimilar umsækjanda að hefja vinnu við deiliskipulagsgerð fyrir svæðið.*

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*



### **Staðfesting á afgreiðslu Byggingarfulltrúa**

- 18 1211013 - Haukadalur, lóð nr. 8 Umsókn um byggingarleyfi, viðbygging við sumarhús  
*Torfi Rúnar Kristjánsson sækir um leyfi til viðbyggingar við sumarhús sitt á lóð sinni nr. 8 í landi Haukadals.*  
*Byggingarfulltrúi samþykkir þ. 25.8.2012*  
Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.  
*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 19 1211012 - Geitamelur, Umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi  
*Baldur Jónsson sækir um leyfi fyrir sumarhúsi í landi sínu Geitamel.*  
*Byggingarfulltrúi samþykkir þ. 22.11.2012*  
Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.  
*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 20 1211009 - Gilsbakki, Umsókn um byggingarleyfi Stækkun bílgeymslu  
*Erla Möller sækir um leyfi til stækkunar bílgeymslu á lóð sinni, Gilsbakki.*  
*Byggingarfulltrúi samþykkir þ. 21.11.2012*  
Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.  
*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 21 1212011 - Lunansholt 1, Umsókn um byggingarleyfi, sumarhús  
*Jakob Heimir Óðinsson sækir um leyfi til byggingar sumarhúss í landi sínu Lunansholt I.*  
*Byggingarfulltrúi samþykkir þ. 3.12.2012*  
Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.  
*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 22 1212010 - Heiðarbrún 2, Umsókn um bygginga *Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.* leyfi, sumarhús  
*Valdimar Karl Jónsson sækir um leyfi til byggingar sumarhúss í landi sínu Heiðarbrún 2.*  
*Byggingarfulltrúi samþykkti þ. 5.12.2012*  
Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.  
*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 23 1212008 - Höfðavegur 9, Umsókn um byggingarleyfi, sumarhús  
*Tómas Dagur Helgason sækir um leyfi til byggingar sumarhúss á lóð sinni Höfðalækur 9 í landi Haukadals.*  
*Byggingarfulltrúi samþykkti þ. 1.10.2012*  
Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.  
*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 24 1212009 - Lundur, Umsókn um byggingarleyfi, stækkun nýr matshlut 04  
*Lundur, hjúkrunarheimili, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi til stækkunar á núverandi aðstöðu við Nestún.*  
*Byggingarfulltrúi samþykkti þ. 6.12.2012*  
Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.  
*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 25 1212012 - Freyvangur 9, byggingarleyfi stækkun sólskála  
*Drifa Nikulásdóttir sækir um leyfi til að stækka sólskála við hús sitt að Freyvangi 9. Hér er um minniháttar*



breytingu að ræða.

Byggingarfulltrúi samþykkti þ. 30.11.2012

Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

#### Almenn mál

- 26 1211006 - Umsókn Þórs Þorsteinssonar, Jarlsstöðum, um rekstrarleyfi fyrir steypustöð í landi sínu  
*Þór Þorsteinsson sækir um leyfi til reksturs steypustöðvar í landi Jarlstaða, Rangárþingi ytra.*  
Skipulagsnefnd veitir færanlegri steypustöð umsækjanda stöðuleyfi til allt að eins árs á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði sem er í skipulagsferli í landi Jarlstaða.
- Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- 27 1212025 - Heysholt, Framkvæmdaleyfi Umsókn á tæknisviði  
*Guðmundur Björnsson fyrir hönd Landborga ehf sækir um framkvæmdaleyfi til vegagerðar á landi sínu Heysholti. Vegagerð er í tengslum við fyrirhugað fristundasvæði skv. deiliskipulagi.*  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við áform umsóknaraðila og mælir með því að sveitastjórn veiti framkvæmdaleyfi.
- Hreppsnefnd samþykkir að veita Landborgum ehf. framkvæmdaleyfi til vegagerðar í landi Heysholts samkvæmt framlögðum uppdráttum og skýringum.*
- 28 1212029 - Rangárþing ytra, heimild til auglýsinga deiliskipulaga sem fallið hafa á tímafresti  
*Vegna nýlegrar niðurstöðu úrskurðarnesfndar skipulags- og byggingarmála hefur komið í ljós að auglýsa þarf að nýju skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 nokkurn fjölda deiliskipulagsáætlana sem töku gildi eftir gildistöku nýrra skipulagslaga 1. janúar 2011. Allar neðantaldar skipulagsáætlanir hafa áður verið auglýstar og samþykktar í sveitastjórn Rangárþings ytra en eru hér auglýstar að nýju.*  
Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að auglýsa skuli tillögumar.
- Hreppsnefnd samþykkir að skipulagstillögur sem taldar eru upp í framlögðum lista verði auglýstar að nýju þar sem endanlegum frágangi þeirra eftir fyrri auglýsingu varð ekki lokið innan tilskilins tímafrests.*
- 29 1212027 - Baugalda 6, Umsókn um byggingarleyfi Stækkun á bílskúr  
*Páll Melsted sækir um leyfi til að stækka bílskúr við hús sitt að Baugöldu 6. Umsækjandi fer einnig fram á að lóð hans verði stækkuð inná opíð svæði um allt að 2 metra.*  
Skipulagsnefnd sér sér ekki fært að verða við beiðni um stækkun lóðarinnar vegna gildandi deiliskipulags hverfisins.
- Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*
- Hreppsnefnd felur skipulagsfulltrúa að huga að breytingu á deiliskipulagi í Öldum II og hafa um það samráð við umsækjanda og aðra íbúa hverfisins.
- 30 1212031 - Fjallabak, skipulag miðhálendisins  
*Steinsholt, fyrir hönd stýrihóps um skipulag Fjallabakssvæðisins leggur fram lýsingu á rammaskipulagi fyrir Fjallabakssvæðið, sem unnin er í tengslum við skipulag miðhálendisins í samstarfi Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Skafþárhrepps.*  
Skipulagsnefnd óskar eftir frekari kynningu á málinu.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og óskar eftir að kynning verði fyrir alla sveitarstjórnina.*

### 3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

- 3.1 Suðurlandsvegur 1 - 3 ehf., hluthafafundur 13.12.12, í einum lið.



#### 4. Tillaga að afsláttarfjárhæðum vegna fasteignaskatta og fráveitugjálda eldri borgara og öryrkja árið 2013:

##### „1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnaði í eigu tekjulágra ellí- og örorkulífeyrisþega í Sveitarfélögnum Rangárþing ytra sem þeir nýta sjálfsír, skal lækkaður eða feldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

##### 2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2013.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í.

Rangárþing ytra sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

##### 3. gr.

Niðurfelling eða lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2011 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2012, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2011 samkvæmt skattframtali 2012. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a) Ef um er að ræða **einstaklinga**:

- með brúttótekjur undir 2.690.000kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 2.690.001 – 3.110.000kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 3.110.001 - 3.552.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 3.552.001 – 4.000.000 kr. getur niðurfelling orðið 25%

b) Ef um er að ræða **hjón**:

- með brúttótekjur undir 4.009.000 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.009.001 - 4.662.000 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 4.662.001 - 5.228.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 5.228.001 - 5.849.000 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjumar eru heildartekjur umsækjanda og eru framreiknaðar samkv. visitólu neysluverðs, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

##### 4. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra ellí- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 4.729.000 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.“

Um sömu skilmála er að ræða að öllu leyti og gilt hafa undanfarin ár. Fjárhæðum er breytt til samræmis við verðlagsþróun á árinu 2012.

#### *Samþykkt samhljóða*

#### 5. Innfærsla vegna fundargerðar 39. fundar hreppsnefndar 14. desember 2012.

Tillaga að innfærslu vegna fundargerðar 39. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra 14. desember 2012, löggð fram á 40. fundi hreppsnefndarinnar 20. desember 2012:

„Á 39. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra tók Indriði Indriðason, ráðgjafi, þátt í störfum fundarins undir 5. lið um fjárhagsáætlun 2013 - 2016. Indriði vann að gerð áætlunarinnar frá grunni. Indriði skýrði ýmsa liði í áætluninni samkvæmt efni fyrirspurna sveitarstjórnarsfulltrúanna Indriða voru færðar þakkir fyrir sinn þátt í gerð fyrilliggjandi áætlana fyrir árin 2013 - 2016.“

#### *Samþykkt með fjórum alkvæðum, þrír sitja hjá (GP, MHJ, ST).*

Bókun Á lista: Fulltrúar Á-lista líta svo á að þessi „innfærsla“ sé hluti að afgreiðslu fjárhagsáætlunar frá síðasta sveitarstjórnarfundi og sitja því hjá til samræmis við þá afgreiðslu.

#### 6. Kosning fulltrúa í samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefnd.

Lagt er til að eftirtaldir skipi samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefnd Rangárþings ytra:

Aðalmenn:

Sigurgeir Guðmundsson

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Sigríður Theódóra Kristinsdóttir

Þróstur Guðnason

Jóhann Björnsson

Til vara:

Katrín Sigurðardóttir

Svanur Sævar Lárusson

Bæring Guðmundsson

Margrét Eggertsdóttir



Magnús H. Jóhannsson

*Samþykkt samhljóða.*

7. Tillaga frá Á-lista um samstarfssamning við KFR.

„Tillaga Á-lista frá 37.fundi: „Rangárþing ytra geri sambærilegan samning við KFR og Rangárþings Eystra hefur nýlega gert. Hljóðar hann efnislega uppá krónur 2,1 milljón á ári og gildir til ársloka 2014. Samningurinn tekur til allra yngri flokka félagsins.“

Fyrir liggur niðurstaða vinnuhóps um samstarfssamning við KFR. Vinnuhópurinn mælir með því að gerður verði samstarfssamningur við KFR og að árleg fjárhæð verði kr. 1.800.000 á árunum 2012, 2013 og 2014.

Lögð eru fram drög að samstarfssamningi á milli Rangárþings ytra og KFR.

*Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að gerður verði samstarfssamningur á milli Rangárþings ytra og KFR sem byggir á fyrilliggjandi drögum. Í samningi verði skilgreind sú þjónusta sem KFR veitir iökendum knattspyrnu í Rangárþingi ytra gegn þeiri árlegu greiðslu sem um semst. Sveitarstjóra er falið að leggja tillögu að samstarfssamningi fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu eftir viðræður við fulltrúa KFR og samráð við fulltrúa vinnuhóps og formann íþrótt- og tömstundanefndar.*

8. Ómar Halldórsson 13.12.12 - beiðni um breytingu á skráningu frístundahúss í landi Hraunhóls í fasteignamatsskrá.

*Hreppsnefnd veitir heimild til þess að breyta skráningu frístundahúss í landi Hraunhóls í það að vera íbúðarhús með fyrirvara um að skipulags- og byggingarfulltrúi staðfesti að viðkomandi hús uppfylli kröfur Byggingareglugerðar um frágang íbúðarhúsa.*

*Samþykkt samhljóða.*

9. Structa Construction ehf. 13.12.12 - umsókn um lóðina Rangárbakka 4.

*Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að úthluta Structa Construction ehf. lóðinni Rangárbakka 4 að uppfylltum skilyrðum lóðaúthlutunarreglna Rangárþings ytra.*

10. Vegagerðin 03.12.12 - umsókn um framkvæmdaleyfi v. efnisnámu í Merkurhrauni.

*Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að veita Vegagerðinni heimild til þess að taka efni úr námu í Merkurhrauni samkvæmt umsókn þar um. Hreppsnefndin setur skilyrði um góðan frágang að efnistöku lokinni.*

11. Tillaga um lágmarksfyrirvara fyrir sveitarstjórnarfulltrúa til þess að leggja fram óskir um efnisliði á dagskrá funda hreppsnefndar og hreppsráðs:

„Undirritaðir sveitarstjórnarfulltrúar í hreppsnefnd Rangárþings ytra leggja fram eftirfarandi tillögu:  
Sveitarstjórnarfulltrúar eða aðrir sem óska eftir að tiltekin mál og/eða tillögur verði teknar til meðferðar á fundum sveitarstjórnar skulu hafa skilað slikri beiðni ásamt gógnum skriflega til sveitarstjóra eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir áætladóttir fundartíma, sbr. ákvæði 15. gr.  
Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 10. gr. fyrirmynða að samþykkt um stjórn sveitarfélaga frá innanrikisráðuneytinu með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 976/2012. Beiðni og gógn með tölvupósti innan sama tímaramma gilda.

Framangreind regla breytir ekki því að sveitarstjórnarfulltrúar geta fengið brýn mál tekin til meðferðar á fundi sveitarstjórnar með því að leggja fram dagskráttillögu sem 2/3 hlutar viðstaddir sveitarstjórnarfulltrúua þursa að samþykka, sbr. ákvæði 27. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Framangreind tillaga verði tekin inn í væntanlega „Samþykkt um stjórn Rangárþings ytra“ sem stefnt er á að verði afgreidd fyrir mitt ár 2013.

Hellu, 17. desember 2012,  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir  
Þorgils Þorlfi Jónsson  
Anna María Kristjánsdóttir"

Meðfylgjandi er greinargerð.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GP, MHJ, ST).*

Bókun Á lista: Fulltrúar Á lista eru mótfallnir því að réttur sveitarstjórnarmanna til framlagningará mála sé hefur með þessum hætti enda hafa slíkar skorður ekki verið viðhafðar það sem afer kjörtímalinu. Að öðru leyti er vísað til afgreiðslu á 14. tl. fundargerðarinnar hér að neðan.



12. Tillaga um að sveitarstjóra og hreppsráði verði falið að semja drög að „samþykkt um stjórn Rangárþings ytra“ og byggja á fyri vinnu sem búin var á árinu 2010. Gert er ráð fyrir að sveitarstjóri taki saman og leggi tillögur fyrir hreppsráðið sem afgreiðir þær áfram til sveitarstjórnar fyrir 1. apríl 2013 svo tími sé til stefnu til þess að ná tveimur umræðum fyrir 30. júní 2013.

*Samþykkt samhljóða.*

13. Tillaga að fundatíma og fundadögum hreppsnefndar og hreppsráðs.

Fundatímar og fundadagar hreppsnefndar verði eftirfarandi á árinu 2013:

Fyrsti föstudagur í mánuði kl.13.00, nema í janúar, þá verði fundurinn annan föstudag kl. 13.00.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, tveir á móti (GP, MHJ) einn situr hjá (ST).*

Fundatímar og fundadagar hreppsráðs verði eftirfarandi á árinu 2013:

Þriðji föstudagur í mánuði kl. 9.00.

*Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (ST).*

14. Frá Á-lista:

- 14.1 Fulltrúar Á-lista óska eftir umræðu um skipulag og framkvæmd sveitarstjórnarfunda Rangárþings ytra, sérstaklega er varðar a) hvernig málum er komið á dagskrá sveitarstjórnarfunda (löglegur fyrirvari, afgreiðsla oddvita), b) réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna í tengslum við að koma málum á dagskrá, c) ritun fundargerða, d) rétt áheyrnarfulltrúa á fundum sveitarstjórnar. Meðfylgjandi er greinargerð.

Fram er lögð eftirfarandi greinargerð ásamt svörum oddvita við tilgreindum efnisliðum:

„Greinargerð

Vegna síðustu funda sveitarstjórnar Rangárþings ytra vilja fulltrúar Á-lista varpa fram eftirfarandi spurningum til umræðu. Óskað er eftir skriflegum svörum oddvita við spurningum í lok hvers liðar:

1. Þann 12. nóv. s.l. kl.10 óskaði oddviti Á-lista eftir því að mál væru tekin á dagskrá sveitarstjórnarfundar þann 14. des. Var það tveimur sólarhringum og 4 klst. fyrir boðaðan fund. Þessari beiðni var hafnað og vísað til að það þyrfti a.m.k. þrjá sólarhringa til að koma málum á dagskrá sveitarstjórnarfundar sbr. tölvupóst frá oddvita Guðmundi Inga Gunnlaugssyni til oddvita Á-lista 12.des.s.l. Til að taka af allan vafa, hversu snemma þurfa sveitarstjórnarmenn að koma með erindi inn á dagskrá sveitarstjórnarfundar?

*Svar oddvita: Tölvupóstur með fyrirspurn frá Guðfinnu Þorvaldsdóttur barst oddvita u.p.b. klukkustund fyrir lokafrest til þess að boða 39. fund hreppsnefndar föstudaginn 14. desember 2012 kl. 13.00. Þetta var of stuttur fyrirvari til þess að unnt væri að breyta dagskrá og gagnaröð sem hvortteggja var tilbúið til útsendingar. Í tölvupósti Guðfinnu var aðeins fyrirspurn um hvenær þyrfti að skila inn málum en engin tillaga eða tilmæli um efnislið. Engu breytir þó tímasetning fundarins hafi síðar verið seinkað til kl. 14.00 sama dag. Benda má á þann rétt sveitarstjórnarfulltrúa að leggja fram dagskráttillögu á fundum og fá samþykki til þess að taka fyrir brýnt mál þó það sé ekki á dagskrá fundarins, en það ákvæði á að vera kunnugt öllum sveitarstjórnarfulltrúum. Tillaga um lágmarksfrest til þess að leggja fram mál til meðferðar á sveitarstjórnarfundum liggur fyrir 40. fundi hreppsnefndar sem tekur af allan vafa um þetta atriði.*

Bókun Á lista: "Oddviti neitaði að taka mál á dagskrá skv. beiðni Á-lista. Beiðni um slíkt var send inn 12. des. kl. 10:01 eða 4 klst. áður en fundarboð átti að senda út í síðasta lagi. Hreppsnefndarfundur átti að vera, sbr. bókun sveitarstjórnar af 38. fundi, 14. des. kl. 14 og var Á-lista fulltrúum það ljóst, þegar mál ðó var sent oddvita. Sú hefð hefur hingað til verið að fulltrúar hafa getað komið málum á dagskrá fundar með þessum fyrirvara. Á það bæði við um yfirstandandi kjörtímabil og einnig á kjörtímabilinu 2006-2010. Fulltrúar Á-lista áskilja sér allan rétt til að láta til þess bæra aðila skoða þessa stjórnsýslu oddvita með opinberum hætti".

Bókun oddvita: "Í svari oddvita við 1. lið framangreindrar greinargerðar kemur glöggjt fram hvenær fyrirspurn barst um hvenær tími til að leggja fram mál rynni út. Á þeim tímapunkti var sá tími útrunninn. Ekkert hindrar sveitarstjórnarfulltrúa í því að leggja fram dagskráttillögu um að taka mál inn á fundi ef þau eru brýn og þola ekki bið.



Virða þarf ákvæði í fyrirmynnd um samþykkt um stjórn sveitarfélaga um að tillögur fyrir fundi sveitarstjórna þurfi að berast í "tæka til".

2. Á 39.fundi sveitarstjórnar neitaði oddviti sveitarstjórnarmönnum Á-lista að taka efnislega til meðferðar mál (17.1) á dagskrá sem var til kynningar í boðaðri dagskrá. Fulltrúar Á-lista vildu bera upp tillögu um frekari afgreiðslu málsins. Upplýsingar óskast um hvort að sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 eigi hugsanlega við um umrætt tilfelli og hvort sveitarstjórnarmönnum hafi verið heimilt að leggja fram tillögu undir málinu í ljósi 28.gr. eða hvort að svo sé eingöngu þegar mál eru sem sér liðir á dagskrá sbr.28. gr: *Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slikar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slikar tillögur eru teknar til afgreiðslu.*

Svar oddvita: *Oddviti kynnti að umrædd greinargerð skv. lið 17.1 í kynningarkafla dagskráinnar, væri til kynningar og að oddviti gerði ekki ráð fyrir meðferð málsins á þessum fundi. Oddviti kynnti að málnefnið myndi koma til meðferðar síðar þegar athugun á málavöxtum væri lokið. Ofstílkun er að segja að oddviti hafi neitað fulltrúum um að taka til efnislegrar meðferðar þennan kynningarlið, en oddviti kynnti að hann væri eingöngu lagður fram til kynningar á þessum fundi. Mikið málskraf var á þessum kafla fundarins og því miður voru fleiri en einn að tala í einu og því var ákveðin hæta á misskilningi eða mistílkun á því sem fram fór. Fundir sveitarstjórnar fara fram eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga ásamt samþykkt um stjórn sveitarfélagsins (eða fyrirmynnd innanríkisráðuneytisins) eftir því sem hún er í gildi.*

Bókun fulltrúa Á-lista: "Fulltrúar Á-lista lögðu fram tillögu við lið 17.1 á 39. fundi sveitarstjórnar. Oddviti Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sagði málid vera til kynningar á fundinum en ekki til efnislegrar meðferðar eða tillögugerðar. Þrátt fyrir að Margrét Ýrr hefði yfirgefist fundinn, vegna vanhæfis hennar að því er fulltrúar Á-lista töldu, neitaði oddviti varamanni hennar að taka sæti á fundinum.

Fulltrúar Á-lista áskilja sér allan rétt til að láta til þess bæra aðila skoða þessa stjórnsýslu oddvita með opinberum hætti.

Bókun oddvita: "Fullnægjandi skýringar liggja fyrir í svari oddvita að ofan."

3. Á 39. fundi sveitarstjórnar vék fulltrúi D-lista af fundi vegna dagskrárlíðar 17.1. Er nausynlegt að skrá ástæður þess þegar sveitarstjórnarmaður yfirgefur sal undir ákveðnum lið/liðum ef það er t.d. vegna vanhæfis? Svo var ekki gert á umræddum fundi.

Svar oddvita: *Enginn fulltrúi af D-lista vék af 39. fundi hreppsnefndar 14. desember sl. Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir færði sig stutta stund í fremri hluta fundarstofu vegna tengsla sinna við suma þá einstaklinga sem fjallað er um í greinargerð sem kynnt var undir lið 17.1. Með þessu var Margrét að gefa fulltrúum á fundinum tækifæri til að ræða málid án sinnar nærveru, án þess þó að víkja af fundi vegna vanhæfis, enda var málid ekki lagt fram til meðferðar. Nákvæmara hefði verið að geta þessa í fundargerð.*

Bókun fulltrúa Á-lista: "Af svari oddvita er ekki hægt að skilja að hann meti það svo að Margrét hafi vikið af 39. fundi við umfjöllun um efnislið 17.1. Viðurkennir hann þó að Margrét hafi fært sig um set á fundinum og að nákvæmara hefði verið að geta þess í fundargerð.

Fulltrúar Á-lista áskilja sér allan rétt til að láta til þess bæra aðila skoða hugsanlegt vanhæfi Margrétar Ýrrar, svar oddvita hér að ofan og frágang fundargerðar frá 39. fundi með opinberum hætti."

Bókun oddvita: Fullnægjandi skýring er fram komin í svari oddvita að ofan.

4. Á 39.fundi sat ráðgjafi sem vann að fjárhagsáætlun 2013-2016. Hann sat fundinn og svaraði fyrirspurnum. Er ekki eðlilegt að hans sé getið í fundargerð sveitarstjórnar að hann hafi setið fundinn og tekið þátt i honum?

Svar oddvita: *Þetta félí niður hjá fundarritara og verður lögð til innfærsla í fundargerð 40. fundar hreppsnefndarinnar 20. desember 2012 um þetta atriði.*



Bókun fulltrúa Á-lista: "Fulltrúar Á-lista gerðu strax athugasemdir við fundargerð 39. fundar þess efnis að eins einstaklings sem fundinn sat var ekki getið í fundargerðinni. Ástæða þotti til að setja fram þessa fyrirspurn fyrir fund þar athugsaemdum var ekki svarað fyrir fundarboð þessa fundar."

5. Á 37. fundi sveitarstjórnar voru íbúum ekki heimilað að taka til máls á opnum sveitarstjórnarfundi af núvernadi meirihluta sveitarstjórnar. Þetta hefur þó verið heimilað í tíð fyrrverandi meirihluta og með samþykki þáverandi minnihluta D-lista á kjörtímabilinu. Óskað er eftir áltí oddvita á þessum gerningi, sérstaklega í ljósi þeirrar hefðar sem skapast hefur á kjörtímabilinu. Vísað er til 22.gr. samþykkt Rangárþings ytra, en skv. henni er það heimilt. Á hvaða forsendum var þessi ákvörðun tekin?

Svar oddvita: *I gildandi sveitarstjórnarlögum, grein nr. 26, verður ekki glögglega séð að oddviti geti leyft áheyrendum að ávarpa fundi sveitarstjórnar. Í fyrirmynnd að samþykkt um stjórn sveitarfélags sem innanríksráðuneytið hefur gefið út, hefur oddviti ekki fundið beina heimild til þess að gefa áheyrendum orðið. Samkvæmt ákvæðum í samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra frá 2002, er heimild fyrir oddvita að leyfa áheyrendum að taka til máls á fundum sveitarstjórnar með samþykki hennar. Oddviti gerir ráð fyrir að þáverandi oddviti, Guðfinna Þorvaldsdóttir, hafi með vísan í það ákvæði þessarar gömlu samþykktar, borið upp tillögu á fundinum um að leyfa áheyrendum að taka til máls. Í þessu ákvæði samþykktarinnar er það áskilið að sveitarstjórnin samþykki að oddviti leyfi áheyrendum að taka til máls. Tillaga þáverandi oddvita var feld og því var ekki til staðar heimild sveitarstjórnarinnar til þess að áheyrendur tækju til máls á þeim fundi. Það er álit oddvita að ákvæði um að sveitarstjórn geti heimilað áheyrendum að taka stuttlega til máls þegar það á við, eigi að vera í sveitarstjórnarlögum.*

Bókun fulltrúa Á-lista: "Ekkert er að finna í sveitarstjórnarlögum sem bannar áheyrendum/gestum á fundum sveitarstjórnar að fá að taka til máls, ef sveitarstjórn er því samþykkt. Prátt fyrir það vísadí oddviti í sveitarstjórnarlög þegar áheyrendum á 38. fundi sveitarstjórnar var bannað að taka til máls af núverandi meirihluta.

Fulltrúar Á-lista áskilja sér allan rétt til að láta til þess bæra aðila skoða þessa stjórnsýslu oddvita með opinberum hætti.

Bókun oddvita: "ENN og aftur minnir oddviti á að það var fyrri oddviti sem bar upp tillögu á fundinum um að áheyrendur fengju að taka til máls á fundinum. Tillagan var feld. Það er áskilið í samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra frá 2002 að oddviti geti heimilað áheyrendum að taka til máls með samþykki sveitarstjórnarinnar. Oddviti fletti upp í nígildandi sveitarstjórnarlögum og benti á ákvæði 26. gr. sem fjallar um hverjir geti tekið til máls á fundum sveitarstjórnar. Fleiri fulltrúar flettu upp í lögnum á fundinum. Oddviti tók skyrt fram að hann væri ekki lögskýrandi og felldi enga úrskurði um gildi eða innihald laga. Þetta kemur allt fram í svari oddvita að ofan og óþarfst ætti að vera að endurtaka það á ný."

14.2 Fulltrúar Á-lista fara fram á að leitað verði áltí lögfræðings Sambands ísl. sveitarfélaga á því hvert væri best að leita með málefni sem kynnt var undir lið 17.1 á 39. fundi hreppsnefndar 14. desember 2012 áður en efnisleg umræða fer fram skv. bókun á 39. fundi.

Magrét Ýrr Sigurgeirs dóttir víkur af fundi vegna vanhæfis kl. 22.15.

Magrét Harpa Guðsteinsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 22.15.

*Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá ( PTJ, AMK, ).*

Magrét Harpa Guðsteinsdóttir vék af fundinum kl. 22.22.

Magrét Ýrr Sigurgeirs dóttir tekur sæti á fundinum að nýju kl. 22.22.

15. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:  
15.1 Skotfélagið Skyttur - umsókn um styrk.

*Hreppsnefnd samþykkir að veita Skotfélaginu Skyttum styrk að fjárhæð kr. 300 þús., vegna framkvæmda við rafvæðingu svæðis þeirra á Geitasandi. Sveitarstjóri annast útgreiðslu styrksins í samráði við forystu félagsins.*

*Samþykkt samhljóða.*



## 15.2 KFR - framlag vegna 2012.

*Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að veita framlagi að upphæð kr. 1.650 þús. til KFR vegna ársins 2012 vegna þjónustu félagsins við knattspyrnuðkendur innan sveitarfélagsins á því ári. Sveitarstjóri annast útgreiðslu framlagsins í samráði við forystu félagsins.*

### 16. Annað efni til kynningar:

- 16.1 Skipulagsstofnun - umburðarbréf til sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa.

### 17. Trúnaðarmál.

*Fært í trúnaðarmálabók.*

Sveitarstjórn Rangárþíings ytra færir fbúum, starfsfólki, samstarfsaðilum og öðrum samskiptaaðilum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir samstarfið og samskiptin á árinu sem er að líða.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 00.01.